



# SKÓGRÆKTAR RITIÐ 2020

1. TBL.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

**can-am**



**AUÐVELDAÐU ÞÉR  
VERKIN MEÐ CAN-AM**



## **OUTLANDER MAX**

**650 FB 6X6**



**VERÐ ÁN VSK  
2.650.000 KR.**

**VERÐ MEÐ VSK  
3.290.000 KR.**

## **OUTLANDER PRO**

**450L 6X6**



**VERÐ ÁN VSK  
1.927.000 KR.**

**VERÐ MEÐ VSK  
2.390.000 KR.**

# **ELLINGSEN.IS**

**FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS**

**BRP@ELLINGSEN.IS**



ÚTGEFANDI  
Skógræktarfélag Íslands  
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík  
www.skog.is  
Sími: 551-8150

RITSTJÓRAR:  
Brynjólfr Jónsson  
Ragnhildur Freysteinsdóttir

PRÓFARKALESTUR:  
Ragnhildur Freysteinsdóttir

UMBROT:  
Umbrot & hönnun ehf.  
Anna Helgadóttir

PRENTUN:  
Prentmet Oddi

Gefið út í 3500 eintökum

ISSN 1670-0074

© Skógræktarfélag Íslands og  
höfundar greina og mynda.

Öll réttindi áskilin /  
All rights reserved.

Rit þetta má ekki afrita með  
neinum hætti, svo sem með  
ljósmyndun, prentun, hljóðritun  
eða á annan sambærilegan hátt,  
þar með talið tölvutækt form,  
að hluta eða í heild,  
án skriflegs leyfis útgefanda og  
höfunda.

MYND Á KÁPU:  
Tryggvi Ólafsson  
„Vigdís“, 1990  
Olía á striga, 65 x 78 cm  
Verkið er í einkaeigu

ICELANDIC FORESTRY  
Journal of the Icelandic  
Forestry Association, 2020, 1

# SKÓGRÆKTAR RITIÐ 2020

1. TBL.

- 4 Skógarkonan Vigdís  
Ragnhildur Freysteinsdóttir
- 7 Skógræktarfélag Íslands 90 ára  
Jónatan Garðarsson
- 35 Stígagerð úr viðarstiklum  
Einar Örn Jónsson
- 43 Nýju heimkynnin  
Þröstur Eysteinnsson
- 61 Suðandi hamingja og sól í krukku  
Agnes Geirdal
- 68 Konur og skógrækt á Vopnafirði  
Else Möller
- 76 Skógarferð til Suður-Tíról  
Ragnhildur Freysteinsdóttir
- 88 Skógræktarárið 2018  
Sigríður E. Elefsen og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
- 100 Hvaða tré vilt þú verða?  
Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir
- 107 Minning Hólmfríður Finnbogadóttir  
Jónatan Garðarsson
- 111 Minning Arnór Páll Kristjánsson  
Gunnar Njálsson
- 113 Minning Orri Hrafnkelsson  
Þór Þorfinnsson





## Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarritið

Skógræktarfélag Íslands er landssamband 60 skógræktarfélaganna sem starfa í flestum byggðarlögum landsins. Skógræktarfélagin mynda breiðfylkingu nærri 8.000 áhuga- og stuðningsmanna skógræktar. Skógræktarfélag Íslands er málsvári félaganna og hefur það m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu og að fræða og leiðbeina um skógrækt. Skógræktarfélagin eru að sjálfsögðu öllum opin og eru allir sem skógrækt unna hvattir til þátttöku.

**Skógræktarritið** (áður Ársrit Skógræktarfélags Íslands) hefur komið út samfellt frá árinu 1932 og er eina íslenska fagritið sem fjallar sérstaklega um efni er varða skógrækt. Ritið kemur út tvisvar á ári og er hægt að fá það í áskrift ([skog.is](http://skog.is)). Þeir sem hafa áhuga á að skrifa greinar í ritið eru hvattir til þess að hafa samband við ritstjóra ([bj@skog.is](mailto:bj@skog.is)).

Hægt er að fá helstu upplýsingar um fjölþætt starf Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaganna á heimasíðunni [skog.is](http://skog.is).

### Höfundar efnis í þessu riti:



**Agnes Geirdal**  
skógarbóndi



**Jónatan Garðarsson**  
fjölmíðlamaður



**Einar Örn Jónsson**  
garðyrkjufraeðingur



**Ragnhildur Freysteinsdóttir**  
umhverfisfræðingur



**Else Möller**  
skógfræðingur



**Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir**  
MSc í mannvistfræði og frumkvöðull



**Gunnar Njálsson**  
ferðamálafræðingur



**Sigríður Erla Elefsen**  
skógfræðingur



## Um mynd á kápu

Kápu Skógræktarritsins prýðir nú mynd af frú Vigdísí Finnbogadóttur eftir Tryggva Ólafsson.

Tryggvi fæddist í Neskaupsstað 1. júní 1940 og lærði við Myndlistar- og handíðaskólann árin 1960-1961. Árin 1961-1966 lærði hann við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn. Hann lést 3. janúar 2019. Tryggvi vann lengst af að list sinni í Danmörku þar sem hann bjó í rúma fjóra áratugi. Hann snéri sér snemma að popplisti og var meðal brautryðjenda þeirrar stefnu hérlandis. Stíll hans var auðþekkjanlegur. Hann sýndi víða um heim, við góðan orðstír og var í hópi þekktustu og virtustu myndlistarmanna Íslands. Tryggvi var riddari af Dannebrog, handhafi fálkaorðunnar og hlaut verðlaun Jóns Sigurðssonar forseta árið 2018 fyrir ævistarf sitt í þágu myndlistar og framlags til að efla menningarsamskipti Íslands og Danmerkur.

Tryggvi málaði myndina af Vigdísí í tilefni fjársöfnunar til styrktar Landgræðsluskógum árið 1990 og færði Vigdísí að gjöf. Vigdís færði síðar Skógræktarfélagi Íslands myndina.



**Sigríður Júlía Brynleifsdóttir**  
skógræðingur



**Þór Þorfinnsson**  
skógarvörður



**Pröstur Eysteinnsson**  
skógræktarstjóri

# Tré og runnar

í garðinn þinn!



## Gróðrarstöðin Þöll



við Kaldárselsveg  
Hafnarfirði  
Sími 555-6455  
eða 894-1268  
skoghf@simnet.is  
www.grodrarstod.is



*Vigdís Finnbogadóttir í Vigdísarrjóðri nefndu eftir henni í Fossselskógi, á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands árið 2017. Með henni er Agnes Þórunn Guðbergadóttir, formaður Skógræktarfélags S-Pingeyinga, sem var gestgjafi fundarins. Mynd: RF*

## Skógarkonan Vigdís

Skógræktarfélag Íslands fagnar 90 ára afmæli sínu í ár, en það var stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum hinn 27. júní 1930. Rúmlega tveimur mánuðum fyrr, þann 15. apríl, fæddist lítil stúlka í Reykjavík sem átti eftir að hafa mikil áhrif á starf félagsins og veg skógræktar á Íslandi almennt. Hún hét Vigdís Finnbogadóttir og varð töluvert síðar þekkt um allan heim sem fyrsti þjóðkjörni kvenforseti heims.

Í ávarpi á einum viðburða Skógræktarfélags Íslands varð Vigdís að orði „Ung gafst ég skógrækt“ og kemur það engum sem til starfa hennar þekkir á óvart – forsetatíð Vigdísar var alla tíð og er

enn órjúfanlega tengd áhuga Vigdísar á landgræðslu, skógrækt og náttúruvernd. Þekktur er sá siður sem hún tók upp sem forseti að gróðursetja þrjú tré í þeim byggðum sem hún heimsótti – eitt fyrir strák, eitt fyrir stelpu og eitt fyrir ófæddu börnin. Enda lagði Vigdís ávallt mikla áherslu á uppeldislegt gildi þess að kenna börnum gildi ræktunar og virðingu fyrir náttúrunni.

Ástríða Vigdísar fyrir skógrækt var snemma vel metin af skógræktarfólki og var Vigdís gerð að heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands á aðalfundi félagsins árið 1984, þar sem Vigdís var



gestur og sagði hún við það tækifæri „Ég er hingað komin af því að málefni skógræktarinnar er mitt hjartans áhugamál“. Hefur Vigdís alla tíð síðan verið reglulegur gestur á aðalfundum félagsins.

Í tilefni sextugsafmælis Skógræktarfélags Íslands árið 1990 var hrundið af stað átaki um Landgræðsluskóga og studdi Vigdís vel við það – var verndari átaksins og tók þátt í fyrstu gróðursetningu plantna á vegum þess í Smalaholti í Garðabæ. Tókst átakið svo vel að áfram var haldið með verkefnið og er það enn – þrjátíu árum síðar – eitt megin verkefna Skógræktarfélags Íslands. Í tengslum við átakið var einnig stofnað til Vinaskógar, í landi Kárastaða á Þingvöllum, Vigdís til heiðurs og ánægju. Í Vinaskógi hefur erlendum þjóðhöfðingjum og öðrum merktum gestum, bæði einstaklingum og samtökum, verið boðið til að gróðursetja tré í nafni vináttu og friðar meðal manna. Þetta sama ár gáfu velunnarar Vigdísar

út bókina Yrkju í tilefni af sextugsafmæli Vigdísar. Sala bókarinnar gekk vonum framar og að ósk Vigdísar var afrakstur af sölu hennar settur í sérstakan sjóð, Yrkju, sem úthlutar grunnskólum landsins trjáum til að gróðursetja. Árlega tekur um helmingur grunnskóla landsins þátt í Yrkjuverkefninu.











Vigdís hefur því markað spor víða í skógræktina og er því vel við hæfi að á þessu 90 ára afmælisári Skógræktarfélags Íslands – og Vigdísar – prýði málverk af henni forsíðu Skógræktarritsins. Í ljósi þeirra tímamóta sem kosning Vigdísar sem kvenkyns forseta var er einnig sérlega viðeigandi að þetta rit er fyrsta ritið frá upphafi – en útgáfusaga þess nær aftur til 1933 – þar sem meirihluti greinarhöfunda (6 af 11) eru konur!

Höfundur:

RAGNHILDUR FREYSTEINSDÓTTIR



## Girðingaefni frá Líflandi

|                                                                                                      |                                                                                                      |                                                                                                                                                                 |                                                                                                           |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <br>Gripple tengi | <br>Þanvír        | <br>Gormahlið                                                               | <br>Spennar          |
| <br>W-einangrari  | <br>Hliðhandfang  | <br>Tréstaurar                                                              | <br>Járnstaurar      |
| <br>Plaststaurar  | <br>Staurasleggja | <br>Rafhlöður                                                               | <br>Rafmagnspræðir   |
| <br>Girðingaset   | <br>Kambstál      | <br>Sólarorkuspennar<br>Spennar sem geta<br>nýtt sólarorku<br>sem orkugjafa | <br>Sólarorkuspennar |

Klíktu á vefverslun okkar á [www.lifland.is](http://www.lifland.is) og skoðaðu úrvalið



**LÍFLAND**

Sala og ráðgjöf  
Sími 540 1100

[www.lifland.is](http://www.lifland.is)  
[lifland@lifland.is](mailto:lifland@lifland.is)

Reykjavík  
Lyngháls

Borgarnes  
Borgarbraut

Akureyri  
Óseyri

Blönduós  
Efstubraut

Hvolsvöllur  
Ormsvöllur



SÆKTU UM FYRIR 15.JÚNÍ  
WWW.LBHI.IS



# VAXANDI MÖGULEIKAR



RÆKTUN & FÆÐA



NÁTTÚRA & SKÓGUR



SKIPULAG & HÖNNUN



## VELKOMIN Í LBHÍ

Hlutverk Lbhí er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum. Við leggjum áherslu á að efla rannsóknir, nýsköpun og kennslu með sjálfbærni, hagsæld og framsækni að leiðarljósi. Við bjóðum góða þjónustu til nemenda í litlum skóla með mikla sérstöðu. Námið er vandað og hagnýtt og boðið uppá starfsmennta- og iðnnám, grunnnám og framhaldsnám. Kannaðu málið á [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)!

## STARFSMENNTANÁM

Blómaskreytingar  
Búfræði  
Garð- & skógarplöntuframleiðsla  
Lífræn ræktun matjurta  
Skógur & náttúra  
Skrúðgarðyrkja  
Ylrækt

## GRUNN- & FRAMHALDSNÁM

Búvísindi  
Hestafræði  
Náttúru- & umhverfisfræði  
Skógfræði  
Landslagsarkitektúr  
Skipulagsfræði  
Umhverfisbreytingar á norðurslóðum

# Skógræktarfélag Íslands 90 ára

Skógræktarfélag Íslands var stofnað á Þingvöllum á Alþingishátíðinni 27. júní 1930. Aðalhvatamaðurinn að stofnun félagsins var Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri sem hafði í rúman aldarfjórðung unnið að því að auka áhuga á trjárækt í landinu. Hann vakti máls á því sumarið 1928 að margar þeirra erlendu trjátegunda sem gróðursettar höfðu verið frá aldamótum væru farnar að vaxa og dafna og full ástæða væri til að taka næsta skref, með stofnun skógræktarfélags á landsvísu.

## Fyrstu þekktu trjáræktartilraunir

Nokkrar tilraunir höfðu verið gerðar til að rækta erlendar trjátegundir á Íslandi. Danska stjórnin veitti árið 1764 Jóni Grímssyni 80 ríkisdala styrk og síðan næstu þrjú ár til að gera tilraunir með

trjárækt á Íslandi. Stjórnin sendi nokkrum sinnum trjáfræ af ýmsum tegundum hingað til lands eftir það. Gerðar voru tilraunir með fræ af eplatrjám og baunatrjám svo fátt eitt sé nefnt, en þessar tilraunir báru lítinn árangur. Árið 1800 sendi danska stjórnin bréf til stiftamtmanns og lagði til að Sandey í Þingvallavatni yrði tekin til skógræktar, sem ekki varð.

Bjarni „riddari“ Sívertsen, kaupmaður og útgerðarmaður í Hafnarfirði, kom með nokkur hundruð skógarplöntur af ýmsum tegundum frá Skotlandi árið 1813. Hann hóf ræktunartilraunir, sem skiluðu nokkrum árangri, en þessi tré fóru mjög illa þegar tók að kólna á seinni hluta aldarinnar. Talið er að þau síðustu hafi kalið og farið forgörðum frostaveturinn mikla 1918.



*Íslenskur birkiskógur. Viða eru að vaxa upp fallegir birkiskógar, en skógræktarfélögin hafa verið stórvirk í gróðursetningu birkis hérlendis. Mynd: Brynjólfur Jónsson*



Fedgarnir á Skriðu í Hörgárdal, Þorlákur Hallgrímsson og Jón og Bjarni Kjærnested, synir Þorláks bónda, gerður tilraunir til að ala upp björk og reyni um svipað leyti og Bjarni gerði sínar tilraunir. Þetta heppnaðist þokkalega og döfnuðu nokkur tré ágætlega á Skriðu, í Fornhaga og Lóni í Hörgárdal, í Laufási og á Akureyri. Fedgunum tókst að sýna fram á að hægt var að gróðursetja tré hér á landi og láta þau vaxa og dafna.

### Ræktunartilraunir

Trjáræktarstöðin á Akureyri var sett á laggirnar árið 1899. Akureyrarbær gaf land og girðingu og amtsráðið styrkti starfsemina, enda var amtmaðurinn Páll Briem aðal hvatamaðurinn ásamt Stefáni Stefánssyni skólameistara. Gerðar voru tilraunir með að sá trjáfræi frá stöðum þar sem loftslag og aðstæður þóttu líkar því sem tíðkaðist hér á landi. Þetta sama ár stóð

danski skipstjórinn Carl Hartvig Ryder fyrir því að gróðursett voru tré á Þingvöllum. Hann naut ráðgjafar Carls V. Prytz prófessors í skógrækt við danska Landbúnaðarháskólann og Christians Flensborg skógfræðings hjá jóska heiðafélaginu. Einar Helgason garðyrkjufræðingur og Christian Flensborg önnuðust útplöntunina að mestu. Á árunum 1899 til 1906 gróðursettu þeir mikið magn af kjarrfuru og fjallafuru þar sem nú er Furulundur á Þingvöllum. Þeir gróðursettu líka tegundir eins og birki, reynivið, elri, hvítgreni, rauðgreni, skógarfuru, blæösp, lindifuru, síberíuþin, víðitegundir og fleira. Samskonar tilraunir hófust á Grund í Eyjafirði og í Fnjóskadal árið 1901 og við Rauðavatn ofan við Reykjavík árið 1903. Gróðursettar voru trjáplöntur sem fluttar voru inn frá Danmörku og var þetta fjármagnað með fjárframlögum sem C.H. Ryder og fleiri öfluðu í Danmörku og víðar.



Íslenskt reynitré í Eyjólfsstaðaskógi, skógarreit Skógræktarfélags Austurlands. Mynd: Brynjólfur Jónsson



## Skógræktarstjóri tekur til starfa

Þessar tilraunir þóttu lofa góðu og leiddu til þess að ríkisstjórnin undir forystu Hannesar Hafstein ráðherra tók að sér að annast skógræktina. Lög um „skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands“ voru sett árið 1907 og Agner F. Kofoed-Hansen, fyrsti skógræktarstjóri landsins, var ráðinn til starfa 1908. Nokkru síðar voru ráðnir skógarverðir, einn fyrir hvern fjórðung landsins. Gróðrarstöðvar tóku til starfa nokkru seinna og hafði starfsemi þeirra mikil áhrif. Talsverðu magni af erlendum trjátegundum sem komu frá gróðrarstöðvunum var plantað út næstu árin, þrátt fyrir að aðstæður væru að mörgu leyti erfiðar. Jarðvegurinn var víða mjög snauður, búfjárbæit var umtalsverð og lönd voru ekki girt nægjanlega vel. Gróður-eyðing hafði verið gífurleg vegna sandfoks og uppblásturs í kjölfar mikils kuldaskiðs

sem hófst um 1880 og landeyðing af þessum völdum var nær óstöðvandi. Skógræktarstjórinn Kofoed-Hansen sá sitt óvænna eftir sex ára starf og lagði til árið 1913 að hætta að verja fjármunum í að planta erlendum tegundum, en einblína þess í stað á að friða þá birkiskóga sem enn voru til staðar. Þetta var mikilvæg ákvörðun eins og staðan var og varð til þess að megináherslan var lögð á að bjarga skógarleifum og kjarri víðsvegar um landið næstu árin en nýskógrækt var í lágmarki fram yfir 1930.

## Nauðsynlegt að stofna skógræktarfélag

Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri skrifaði greinar í blöð hér á landi árið 1928 þar sem hann vakti athygli á þeirri staðreynd að sumar erlendu trjátegundanna höfðu tekið ágætlega við sér og



*Stjórn Skógræktarfélags Íslands í Gröf í Miðdölum í heimsókn til Skógræktarfélags Dalasýslu árið 2015. Mynd: Brynjólfur Jónsson*

virtust þrífast vel. Einnig birtist grein eftir hann í vestur-íslenska blaðinu Lögberg sem gefið var út í Kanada. Sigurður og Jón Rögnvaldsson garðyrkjumaður hittust veturinn 1929 til 1930 og ræddu nauðsyn þess að stofna skógræktarfélag. Sigurður hafði kynnt sér skógrækt í Noregi fyrir aldamótin og skoðað skóga í Fnjóskadal, en hann ólst upp á Draflastöðum í Fnjóskadal. Hann var forgöngumaður um skógrækt á Akureyri og seinna á Hólum í Hjaltadal. Jón Rögnvaldsson hafði dvalið í Ameríku og kynnst því hvernig skógar geta þrífist við óblið kjör. Vestur-Íslendingurinn Björn Magnússon ritaði nokkrar greinar í blöð um skógrækt á Íslandi og var í sambandi við málsmetandi menn í Vesturheimi. Hann var fátækur fiskimaður og gat ekki stutt skógræktarstarfið fjárhagslega, en með skrifum sínum gerði hann mikið gagn. Vestur-Íslendingar stofnuðu félagið Vínlandsblómið sem hafði það markmið að styðja við skógrækt á Íslandi. Bird and Tree Club í New York vildi gefa trjáplöntur til gróðursetningar í tilefni af Alþingishátíðinni 1930. Svarbréf var sent til félagsins frá málsmetandi Íslendingum og lagt til að félagið útvegaði frekar trjáfræ, sem hentug væru til sáningar á Íslandi, sem varð raunin.

### Stofnfundur á Þingvöllum

Á aðalfundi Íslandsdeildar norrænna búvísindamanna, sem haldinn var 10. maí 1930, lagði Sigurður Sigurðsson til að félagið beitti sér fyrir stofnun skógræktarfélaga víðsvegar á landinu. Þessi tillaga hafði þá þegar verið borin undir ráðamenn, þingmenn og ríkisstjórnina og fékk hvarvetna góðan hljómgrunn. Á fundinum las Pálmi Einarsson ráðunautur upp frumvarp að lögum fyrir Skógræktarfélag Íslands, sem búið var að semja. Samþykkt var að Íslandsdeild norrænna búvísindamanna gengist fyrir stofnun skógræktarfélags. Sett var á laggirnar fimm manna undirbúningsnefnd, sem fékk fleiri til liðs við sig. Hún hélt sinn fyrsta fund 12. maí


og þurfti að vinna hratt. Ráðgert var að stofna Skógræktarfélag Íslands á Alþingishátíðinni í lok júní sama ár. Svo einkennilega vildi til að Jón Rögnvaldsson boðaði til fundar á Akureyri 11. maí, daginn áður en fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn. Á þessum fundi var Skógræktarfélag Íslands stofnað. Þetta kom öllum á óvart og skildu menn ekki hvað Jóni gekk til. Ákveðið var að hvika hvergi og halda áfram eins og ekkert hefði í skorist. Send voru hvatningabréf til um 2.000 manns um allt land og rituðu 40 þekktir Íslendingar af báðum kynjum undir bréfið. Margir gáfu vilyrði fyrir því að ganga í félagið og leggja því til fjármuni. Ákveðið var að setja upp sérstakt tjald á Þingvöllum og ganga til stofnunar félagsins á milli skemmtiatriða, sem hluti af dagskrá Alþingishátíðarinnar. Þegar dagskrá fyrsta hátíðardagsins riðlaðist vegna hrakviðris var ljóst að færa þyrfti stofnfundinn til. Var ákveðið að halda hann í Stekkjargjá, skammt norðan við Öxarárfoss. Það mættu ekki nema 60 manns af öllum mannfjöldanum, en stofnfundurinn fór fram klukkan 22:00 að kvöldi.

### Helstu markmið

Rúmlega 300 manns gerðust stofnfélagar á Alþingishátíðinni. Skógræktarfélagi Íslands bárust fjárgjafir úr ýmsum áttum og veitti ríkisstjórnin góðan fjárstuðning. Undirbúningsnefndin hafði m.a. gert tillögu að lögum félagsins sem voru samþykkt á stofnfundinum. Tilgangur félagsins var að „Klæða landið trjágróðri, eftir því sem unnt er.“ Skógræktarfélagið ætlaði að ná þessum tilgangi með því:

- a) að auka þekkingu og áhuga almennings á trjáræktunarmálum.
- b) að veita leiðbeiningar í öllu er að trjárækt lýtur.
- c) að koma á stöðvum í öllum landsfjórðungum, þar sem aldar séu upp trjáplöntur, sem mönnum gefist kostur á að fá til gróðursetningar.





*Sólsetur yfir skógi. Útivistarskógarnir sem skógræktarfélögin hafa ræktað eru bæði falleg umgjörð fyrir útiveru og hafa margvísleg jákvæð áhrif á umhverfi og loftslag. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir*

- d) að hvetja einstaklinga og félög til að gróðursetja tré og runna kringum hús og bæi.
- e) að komið verði upp sérstökum trjáræktar-svæðum.
- f) að vinna að verndun þeirra skógarleifa, sem nú eru í landinu.
- g) að leita samvinnu við skóggræðslu ríkisins til framkvæmda á verkefnum félagsins.
- h) að leita fjárhagslegs stuðnings frá ríkinu, félögum, stofnunum og einstaklingum.

Fyrsta stjórn félagsins var kosin á fundinum og var hún skipuð eftirfarandi mönnum: Einar Árnason fjármálaráðherra, Jón Ólafsson alþingismaður og bankastjóri, Maggi Júl. Magnús læknir, Hólmjárn J. Hólmjárn efnafræðingur og Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, sem var fyrsti formaður félagsins.

### **Fyrstu sporin voru þung**

Það blés ekki byrlega í fyrstu þar sem tvö skógræktarfélög höfðu verið stofnuð með stuttu millibili sem báru sama nafn; Skógræktarfélag Íslands. Fyrri félagið var stofnað á Akureyri og hið eiginlega Skógræktarfélag Íslands var stofnað á Þingvöllum. Þetta olli nokkurri óeiningu, m.a. innan nýkjörinnar stjórnar, sem reyndist ekki eins samstíga og vonir stóðu til. Það leið ekki á löngu áður en Norðlendingar breyttu nafni félagsins í Skógræktarfélag Eyfirðinga, sem er án nokkurs vafa elsta starfandi skógræktarfélagið í landinu. Þetta mál varpaði óneitanlega skugga á stofnfundinn á Alþingishátíðinni, sem fékk minni athygli en efni stóðu til. Þeir rúmlega 600 sem höfðu gefið loforð um að ganga í félagið skiluðu sér ekki allir. Það voru eingöngu

220 manns sem greiddu félagsgjöld og gátu því með réttu talist stofnfélagar. Þetta gæti helgast að því að það voru erfiðir tímar, fjármálakreppan sem brast á í kjölfar verðbréfabrunnsins á Wall Street haustið 1929 lét til sín taka hér á landi sem annarsstaðar. Verðfall á mörkuðum hafði sín áhrif, hátíðar- og hrifningarviman rann fljótlega af mönnum og áhuginn hvarf sem dökk fyrir sólu. Hugsjónirnar þokuðu fyrir öðrum áhyggjum og meira aðkallandi úrlausnarefnum. Þegar félaga-talið var birt árið 1932 reyndust 223 hafa greitt árgjaldið. Þremur árum seinna, árið 1935, voru þeir orðnir 364 og þegar félagið fagnaði tíu ára afmælinu árið 1940 voru félagsmennirnir 627 talsins.

### Gróðrarstöð í Fossvogi

Stjórn félagsins hófst strax handa við að reyna að tryggja land til að koma upp skógarreit og ræktunarstöð. Árið 1931 var óskað eftir því að félagið fengi spildu úr landnámsjörðinni Reykjum í Ölfusi fyrir trjáræktarreit. Ríkið hafði keypt þetta fyrrum stórbýli og kirkjustað árið 1930 í því skyni að nýta jarðhitann og starfrækja þar margskonar stofnanir. Skógræktarfélagið fékk ekki landspilduna sem óskað var eftir, en á Reykjum var komið upp gróðrarstöð vorið 1932 og vinnu- og hressingarhæli fyrir berklasjúklinga tók þar til starfa 1933. Garðyrkjuskóli ríkisins var síðan settur á laggirnar á Reykjum árið 1938. Næst leitaði stjórn Skógræktarfélags Íslands til bæjarstjórnar Reykjavíkur og óskaði eftir landi undir gróðrarstöð. Knud Zimsen borgarstjóri tók erindinu mjög vel og nokkrum dögum síðar samþykkti bæjarstjórnin að afhenda félaginu 9 ha land neðst í Fossvogi til eignar og umráða. Landið var afhent endurgjaldslaust 6. ágúst 1932. Sama haust var landið girt og ræktun hófst vorið eftir. Birkiplöntur frá Hallormsstað sem gróðursettar voru þetta vor tóku vel við sér en birkitré frá Vöglum í Fnjóskadal spjöruðu sig ekki eins vel.



*Stafafura blómstrar að vori í Reykholtsskógi, einum skógarreita Skógræktarfélags Borgarfjarðar. Stafafura hefur verið töluvert gróðursett af skógræktarfélagunum, enda þrífst hún vel hérlandis. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir*

Íslenskur reyniviður sýndi þokkalegan vöxt en silfurreyniplönturnar stóðu sig mun betur. Fjallafurur héldu velli og sitkagreniplöntur frá Kyrrahafsströnd Norður-Ameríku lofuðu góðu fyrstu árin. Þarna var unnið að skógrækt og uppeldi trjáplantna af miklum krafti næstu árin. Hákon Bjarnason hafði veg og vanda að þessu starfi og hélt um stjórnartauma á meðan Skógræktarfélagið hafði reitinn á sínum snærum. Skipulagður var skógarlundur í norðausturhluta stöðvarinnar og skjólbelti gróðursett miðsvæðis. Á meðan heimsstyrj-

öldin síðari geysaði var ómögulegt að fá fræ frá Evrópu og Norður-Ameríku. Starfsemi stöðvarinnar var erfið af þessum sökum. Ekki bætti úr skák að fjármunir voru af skornum skammti en þarna var unnið afar mikilvægt starf engu að síður. Að stríðinu loknu tókst að safna verulegu magni af fræjum í Alaska af tegundum sem talið var að ættu eftir að ná góðum þroska á Íslandi. Þegar Skógræktarfélag Reykjavíkur var stofnað haustið 1946 tók félagið við Fossvogsstöðinni og rak hana þar til hún var lögð niður.

### Málagn skógræktarfólks

Eitt mesta hagsmunamálið var að útvega plöntur til gróðursetningar, en það var ekki síður mikilvægt að fræða landsmenn og hvetja þá til dáða. Farsælasta leiðin til að kynna félagið, afla því fylgis og koma upplýsingum og fræðslu á framfæri var útgáfa málagns, sem gæti nýst fólki um allt land. Fyrsta Ársrit Skógræktarfélags Ísland var gefið út árið 1933, fyrir árin 1930 til 1932. Hólmjárn J. Hólmjárn var umsjónarmaður þessa fyrsta Ársrits en síðan tók gjaldkeri félagsins Maggi Júl. Magnús við ritstjórninni. Hann sinnti því verkefni til ársins 1940 þegar Hákon Bjarnason tók við ritstjórninni og gegndi starfinu til 1962. Snorri Sigurðsson, starfsmaður Skógræktarfélagsins, var ritstjóri á tímabilinu 1962 til 1976, er Hákon tók aftur við ritinu til ársins 1980. Eftir það var Snorri Sigurðsson ábyrgðarmaður ritsins um árabíl. Umsjónarmenn árið 1983 voru Jón Gunnar Ottósson og Halldór J. Jónsson, en Halldór hélt áfram um stjórnartauma, fyrst í stað ásamt Snorra Sigurðssyni. Síðan komu fleiri að málum, þar á meðal Sigurður Blöndal 1988-90 og eftir það Brynjólfur Jónsson og Sigurþór Jakobsson. Árið 1991 var nafni ritsins breytt í Skógræktarritið í staðinn fyrir Ársrit Skógræktarfélags Íslands. Brynjólfur Jónsson tók við ritstjórninni 1991 og hefur haldið þeirri stöðu allt til þessa dags.

### Bæjarstaðaskógur friðaður

Árið 1931 var Skógræktarfélag Vestmannaeyja stofnað en það lognaðist út af sjö árum seinna. Árið 1933 var Skógræktarfélag Skagfirðinga stofnað, sem þýddi að það voru fjögur skógræktarfélög starfrækt í landinu. Skógræktarfélags Íslands lagði ríka áherslu á friðun gamalla skógarreita fyrstu árin og er friðun Bæjarstaðaskógar eitt af fyrstu stóru verkefnum. Það atvikaðist þannig að þegar fyrsta Ársrit Skógræktarfélagsins kom út árið 1933 birtist brot úr ferðasögu sem Ásgeir L. Bjarnason ritaði undir fyrirsögninni Bæjarstaðaskógur. Þar lýsir hann því hvernig honum var innanbrjóst þegar hann kom í fyrsta sinn í Bæjarstaðaskóg í Örafasveit í Austur-Skaftafellssýslu. Ásgeir fór ásamt Pálma Einarssyni ráðunaut og tveimur öðrum austan af Breiðamerkursandi í Örafasveit, eina einangruðustu sveit landsins. Þegar komið var í Skaftafell reis Skaftafellsjökull eins og krepptur hnefi sem teygði sig inn í kjarri vaxnar hlíðar. Neðan þeirra voru svartir sandar, jökulfljót og brimandi hafið í fjarska. Þeir gistu í Skaftafellsbæjum í 200 m hæð yfir sandflæminu og árla daginn eftir héldu þeir gangandi inn í Bæjarstaðaskóg, um 5 km leið. Eftir klukkustundar göngu komu þeir í Bæjarstaðaskóg, sem reyndist vera um 20 ha að flatarmáli. Þarna voru óvenju beinvaxin birkitré og nokkur stór reyniviðartré ásamt stórvöxnu skógarkjarri. Þeir höfðu ekki verið lengi á staðnum þegar við þeim blasti „breiður uppblástursgári frá norðri, sem stefnir á miðjan skóginn, og hefir þegar gert nokkurt vik í hann. Jörðin er þarna örfoka, en hér og þar liggja hálfíuin tré, er fallið hafa í valinn fyrir eyðileggingunni“. Ásgeir sagði jafnframt í greininni: „Er hörmung til þess að vita, að þessi fagri minnisvarði fortíðarinnar, sem hingað til hefir staðist allar árásir, á nú, á tímabili vaxandi þekkingar og andlegrar vakningar, að falla fyrir skeytingar- og áhugaleysi.“ Ásgeir og Pálmi hétu því að vinna að því að fá





*Verndun Bæjarstaðaskógar var eitt fyrsta verk Skógræktarfélags Íslands eftir stofnun þess. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir*

heimamenn til að samþykkja að skógurinn yrði girtur af og friðaður fyrir sauðfjárbreit. Síðan var ætlunin að ráðast í að hefta frekari uppblástur. Reiknaðist þeim

til að það þyrfti ekki nema 1800 m langa girðingu og lögðu til að Skógræktarfélag Íslands tæki að sér umsjón með skóginum. Rætt var um friðun Bæjarstaðaskógar

á aðalfundi 1934, en fjárráð voru ekki mikil. Árni G. Eylands bauðst þá til að gangast fyrir fjársöfnun meðal innlendra og erlendra fyrirtækja sem gátu útvegað girðingarefni. Þetta gekk það vel að Skógræktarfélagið réðst í að girða skóginn í júní 1935 og stjórnaði Hákon Bjarnason verkinu. Þrátt fyrir góðan ásetning hélt girðingin ekki alveg nógu vel og áfram var nokkur beit í skóginum, uppblásturinn hætti ekki alveg og nýgræðingi gekk ekki vel að komast á legg. Girðingin var tekin niður þegar land þjóðgarðsins í Skaftafelli var girt af. Nýskógur tók að dafna þegar uppgræðsla hófst á aurunum neðan við skógartorfuna. Síðustu áratugina hefur vöxtulegur ungskógur vaxið upp af sjálfs-sánum fræjum frá Bæjarstaðaskógi um allan Skeiðarársand.

### **Friðun skógarleifa við Reykjavík**

Sigurður búnaðarmálastjóri vék úr formannssætinu árið 1934 þegar Árni Friðriksson fiskifræðingur tók við formennskunni og gegndi henni til ársins 1937, þegar Árni G. Eylands ráðunautur og framkvæmdastjóri vélasjóðs tók við. Hann átti stóran þátt í að tæknivæða landbúnaðinn á Íslandi.

Hákon Bjarnason var skipaður skógræktarstjóri 1935 og gegndi því starfi af miklum heilindum í 40 ár allt til 1977. Starf Hákonar var víðfeðmara en hægt er að gera sér í hugarlund. Hann lét sig allt sem tengdist skógrækt skipta máli og fyrir tilstilli hans og óbilandi trú á þessu mikilvæga málefni urðu stórtækar framfarir og mörg afar mikilvæg skref tekin í skógræktarmálum á meðan hans naut við. Árið 1936 nefndi hann í skýrslu sinni, sem birt var í Ársriti Skógræktarfélags Íslands, að huga þyrfti að friðun síðustu skógarleifanna í nágrenni Reykjavíkur. Tveimur árum seinna skoraði stjórn Skógræktarfélags Íslands á bæjarráð Reykjavíkur að friða kjarrið í Hólmshrauni, á Elliðavatnsheiði og undir

Hjöllum í Vatnsendalandi. Jafnframt var þess getið að gera þyrfti það sama við skógarleifarnar í Vífilsstaðahlíð sem var í landi Ríkisspítalanna. Þar var lágvaxinn gróður sem átti í mikilli baráttu við náttúruöflin og búfjárbeit, en ekki síður mannfólkið sem hafði um aldir sótt efnivið í þessa skóga. Búið var að fella stærstu trén fyrir löngu og taka talsvert af kjarri til kolagerðar og hrís til upphitunar húsa. Nauðsynlegt var að bregðast hart við og friða þessa reiti og næsta nágrenni áður en það yrði um seinan. Þessari málaleitan var vel tekið en þegar heimsstyrjöldin síðari brast á hægðist á málinu. Skógræktarfélag Íslands gekkst fyrir fjársöfnum til kaupa á girðingarefni árið 1941 sem gekk vel. Var girðingarefni keypt um leið og það var fáanlegt og Alþingi samþykkti sérstök lög árið 1942, þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur var heimilað að taka spildu úr landi Vatnsenda til friðunar. Það var ekki fyrr en 1948 að hafist var handa við að girða Heiðmerkurlandið. Einar G. E. Sæmundsen skógarvörður og fyrsti framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur stjórnaði verkinu. Girðingin náði í fyrstu frá Hólmshrauni, um Elliðavatnsheiði og um hluta lands Vatnsenda. Flatarmál hins friðaða lands var 13,5 ha, en lengd girðingar er 18,5 km. Skógræktarfélag Reykjavíkur tók við starfseminni í Heiðmörk eftir stofnun þess. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti árið 1947 að stofna friðland og skemmtigarð fyrir Reykvíkinga og aðra landsmenn í Heiðmörk. Svæðið var formlega opnað árið 1950 og sjö árum seinna bættust Hjallar og Vífilsstaðahlíð við úr landi Vífilsstaða og að hluta til úr afrétti Garðakirkju. Svæðið var reitað niður í landnemaspildur og komu fjölmörg félög og hópar að ræktunarstarfinu næstu árin. Meginþungi starfsins hefur samt sem áður alla tíð hvílt á Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Þarna er núna eitt glæsilegasta skógar­svæði höfuðborgarsvæðisins, sannkölluð útivistarperla.





*Daggardropar glitra á bakkaplöntum sem bíða gróðursetningar í Landgræðsluskóga. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir*

### **Skólabörn gróðursetja trjáplöntur**

Vorið 1937 var gerð tilraun til að láta barnaskólabörn gróðursetja trjáplöntur í nágrenni Reykjavíkur. Norska skógræktarfélagið gaf talsvert magn af plöntum og 100 plöntuhaka. Þetta heppnaðist ekki alveg nógu vel, en engu að síður var haldið áfram á sömu braut næstu tvö ár. Á stríðsárunum var ekkert gróðursett vegna þess að það vantaði plöntur. Þessi síður var tekinn upp aftur eftir seinni heimsstyrjöldina, þegar skólar víðsvegar um land fengu landnemaspildur til ræktunar hjá sínum héraðsfélögum. Fyrir utan Skógræktarfélag Íslands voru þrjú önnur skógræktarfélög starfandi á landinu sem höfðu ekki nein sérstök tengsl sín á milli. Árið 1938 voru margir farnir að velta því fyrir sér hvort ekki ætti að stofna héraðsskógræktarfélög víðar, sem gætu tengst Skógræktar-

félagi Íslands með einum eða öðrum hætti. Þetta kallaði á lagabreytingar og á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands 1938 var lögunum breytt á þann hátt að önnur skógræktarfélög gátu sótt um að vera sambandsfélög Skógræktarfélagsins. Sama ár voru stofnuð tvö ný félög, annarsvegar Skógræktarfélag Austurlands og hins vegar Skógræktarfélag Borgarfjarðar. Þegar Skógræktarfélag Íslands varð tíu ára var aðalfundurinn haldinn í fyrsta sinn utan Reykjavíkur. Hann fór fram á Laugarvatni og var Valtýr Stefánsson ritstjóri kosinn í stjórn. Honum var strax falin formennska í félaginu, sem hann gegndi farsællega í tvo áratugi. Skógræktarfélag Skilmannahrepps var stofnað 1939 og árið eftir voru stofnuð fjögur félög, Skógræktarfélag Árnesinga, Svarfdæla, Siglufjarðar og Seyðisfjarðar. Með skógræktarlögunum árið 1940 var



Skógræktarfélag Íslands viðurkennt sem samband allra skógræktarfélaga í landinu. Upp frá því var unnið að stofnun héraðsfélaga um allt land. Næstu ár voru stofnuð nokkur félög, þar á meðal Skógræktarfélag Akraness, Ísafjarðar, Rangæinga, Stykkishólms, Dalasýslu, Suður-Þingeyinga, Vestur-Barðstrendinga, Mýrdælinga, Austur-Húnavetninga og Skógræktarfélagið Mörk í Austur-Skaftafellssýslu.

### **Landgræðslusjóður**

Merkisáfangi varð í sögu Skógræktarfélags Íslands árið 1944 þegar Landgræðslusjóður var stofnaður. Þegar leið að því að kjósa ætti um það hvort Ísland ætti að verða lýðveldi eða halda áfram sambandi sínu við Dani var margt undir. Arngrímur Kristjánsson skólastjóri var í undirbúningsnefnd lýðveldiskosninganna en hann var einn af stofnendum Skógræktarfélags Íslands. Hann kom þeirri hugmynd á framfæri við Hákon Bjarnason að hver kjósandi sem kysi um stofnun lýðveldis Íslands, legði nokkuð af mörkum til þess að klæða landið. Hákon lagði málið fyrir stjórn Skógræktarfélagsins, sem fundaði með fólki úr ýmsum áttum áður en endanleg hugmynd var mótuð. Meðal þeirra voru fulltrúar ungmennahreyfingarinnar, skátahöfðingi Íslands, landgræðslustjóri og nokkrir stjórnámálmenn. Ákveðið var að hefja samskot eins víða um land og unnt var. Ritaðar voru hvatninga-greinar sem birtust í blöðum og forsætisráðherrann, Björn Þórðarson, mælti fyrir málinu í útvarpi. Sérstök samskotahefti voru útbúin og send til skógræktarfélaga og formanna ungmennafélaga víðsvegar um landið. Stjórn Skógræktarfélagsins lagði til að Landgræðslusjóður yrði ekki eingöngu bundinn við skógrækt, heldur skyldi hann jafnframt standa straum af hvers konar uppgræðslu á eyddum og örfoka landsvæðum. Sjóðurinn átti að vera sjálfseignarstofnun með sérstakri stjórn. Það söfnuðust 130 þúsund krónur

sem almenningur lét af hendi rakna og Landsnefnd lýðveldiskosninganna lagði til 250 þúsund krónur. Skipulagsskrá Landgræðslusjóðs var samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í mars 1945. Þar var ákveðið að stjórn Skógræktarfélagsins ásamt landgræðslustjóra og skógræktarstjóra ættu sæti í stjórn sjóðsins. Megin hlutverk sjóðsins er að klæða landið skógi, en önnur landgræðsla og gróðurvernd eru einnig á verkswiði hans. Landgræðslusjóði bærust ýmsar gjafir í formi peninga en einnig jarðarpartar. Þar á meðal var hluti af landi Straums sunnan við Straumsvík og þaðan komu þó nokkrar tekjur um árabíl. Síðar eignaðist sjóðurinn jörðina Langabotn inn af Geirþjófsfirði á Vestfjörðum. Landgræðslusjóður keypti árið 1975 stóran hluta jarðarinnar Ingunnarstaða í Brynjudal í Hvalfirði. Landgræðslusjóður veitir styrki samkvæmt reglum sjóðsins til verkefna á vegum einstaklinga, stofnana og félaga sem sinna skógrækt og landgræðslu.

### **Félög stofnuð í Reykjavík og Hafnarfirði**

Árið 1946 voru fulltrúar frá öllum skógræktarfélögum landsins boðaðir á aðalfund félagsins sem haldinn var í Reykjavík í október. Fulltrúar 16 félaga mættu að meðtöldum fulltrúum Skógræktarfélags Reykjavíkur sem var stofnað að kvöldi fyrri fundardagsins, 24. október og fulltrúum Skógræktarfélags Hafnarfjarðar sem var stofnað að kvöldi seinni fundardagsins 25. október. Samþykkt voru ný lög Skógræktarfélags Íslands og var þetta fyrsti fundurinn sem haldinn var með nýju sniði. Jafnframt var samþykkt að halda næstu aðalfundi utan Reykjavíkur, í Vaglakógi 1947 og að Hallormsstað 1948. Fundurinn var í Reykjavík 1949 og á Þingvöllum 1950 á þrjátíu ára afmæli félagsins. Þá voru félagar í skógræktarfélögum landsins orðnir 5.200 talsins.



*Skógræktarfélagar að störfum í Noregi í skiptiferð árið 1952. Mynd: Guðjón Jónsson*

## Skiptiferðir

Sumarið 1947 var stytta norska myndhöggvarans Gustav Vigeland af Snorra Sturlusyni afhjúpuð í Reykholti í Borgarfirði. Hingað til lands komu margir Norðmenn, þar á meðal Ólafur krónprins Noregs. Sendiherra Norðmanna á Íslandi, Torgeir Anderssen-Rysst, kom mjög við sögu skógræktarmála hér á landi. Áhrifa hans gætti víða því hann og Reidar Bathen fylkisskógræktarstjóri í Troms stungu upp á því sumarið eftir að efna til skiptiferða. Hugmyndin gekk út á að ungt fólk frá Íslandi færi í kynnisferð til Tromsfylkis í Norður-Noregi og að fólk frá Troms kæmi hingað til lands. Ferðinni skyldi þannig hagað, að báðar þjóðirnar hefðu sem mest gagn af henni og nánari kynni hæfust með frændþjóðunum. Megintilgangurinn átti að fela það í sér að Noregsfararnir gætu kynnst skógræktarmálum í Troms, þar sem veðráttu og landsháttum svipar til Íslands. Ákveðið var í apríl 1949 að láta

verða af þessu og fóru 30 íslenskir fulltrúar á öllum aldri hvaðanæva að af landinu til Noregs um sumarið. Annar eins fjöldi Norðmanna kom til Íslands og var þetta upphafið á skiptiferðum sem farnar voru næstu áratugi á tveggja til þriggja ára fresti. Fleira bar til tíðinda árið 1949 því þetta ár var Skógræktarfélag Norður-Þingeyinga stofnað, en næstu ár fjölgaði skógræktarfélagum á landsvísu.

## Skógræktarfélagum fjölgar

Árið 1950 voru Skógræktarfélag Neskaupstaðar, Strandasýslu og Skógræktarfélagið Björk stofnuð. Tveimur árum seinna tóku þrjú félag til starfa, Skógræktarfélag Heiðsynninga á sunnanverðu Snæfellsnesi, Skógræktarfélag Djúpavogs og Austur-Skaftfellinga. Skógræktarfélag Mosfellsbæjar var stofnað 1955 en síðan liðu tvö ár þar til Skógræktarfélag Kjósarsýslu tók til starfa og ári seinna var Skógræktarfélag Kjalarness stofnað. Árið 1972



*Kaffihressing á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Kirkjubæjarklaustri árið 1957. Mynd: ljósmyndari óþekktur*

keyptu Skógræktarfélag Kjósarsýslu og Skógræktarfélag Kópavogs jörðina Fossá í Hvalfirði til helminga, en eignarhaldið hefur breyst þannig að Skógræktarfélög Kjósarhrepps, Kjalarness og Mosfellsbæjar eiga helming jarðarinnar á móti Skógræktarfélagi Kópavogs.

### **Kuldatíð og lúsafaraldur**

Þegar Skógræktarfélag Íslands hélt upp á þrjátíu ára afmæli sitt árið 1960 var gerður veglegur myndskreyttur bæklingur sem sendur var inn á hvert einasta heimili í landinu. Árið 1961 tók Mýrdælingurinn Hákon Guðmundsson yfirborgardómari við formennsku í Skógræktarfélagi Íslands og gegndi því hlutverki í áratug. Hákon var mikill áhugamaður um land- og skógfræðslu og var jafnframt fyrsti formaður Landverndar. Hann átti þar að auki sæti í Náttúruverndarráði.

Skógarfuran, sem margir höfðu mikla trú á, fór mjög illa af völdum furulúslar á sjötta áratugnum. Þetta varð til þess að sumir misstu trúna á skógrækt, en skógræktarfólk lét ekki hugfallast. Annað stóráfall varð vorið 1963 sem olli talsverðum áhyggjum. Fyrri hluta árs var óvenju hlýtt í veðri sem varð til þess að aspir og fleiri trjategundir tóku við sér fyrr en ella. Þann 9. apríl gekk á með norðangarra, miklum kulda og hreti á suðvestan- og sunnanverðu landinu. Afleiðingarnar voru þær að aspir og fleiri tegundir urðu fyrir áfalli. Skógræktarfólk áttaði sig á því að kvæmi og klónar sem komu frá svæðum þar sem vetur eru að jafnaði kaldir henta illa á sunnan- og vestanverðu landinu, einkum nærri sjávarsíðunni. Áfallið kom illa við marga og setti strik í reikninginn, en það var ástæðulaust að láta hugfallast. Þetta var hluti af því sem reikna mátti með á norðlægum





*Elínarlundur í Aldamótaskóginum á Steinsstöðum. Önnur myndin sýnir gróðursetningu í lundinum árið 2006, en sú seinni sama svæði þrettán árum síðar, árið 2019. Eins og sjá má hafa trén vaxið vel, auk þess sem annar gróður er mun vöxtulegri. Myndir: Ragnhildur Freysteinsdóttir*

slóðum og áminning um mikilvægi þess að finna hentugar tegundir sem gætu þrífist við slíkar aðstæður. Farið var að gera tilraunir með alaskaösp og sitkagrenifrá frá svæðum sem voru suðlægari í Alaska en fyrri tegundir. Það sýndi sig að þessar tegundir áttu betur við hér á landi og skilaði tilraunin góðum árangri.

### **Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu**

Skógræktarfélag Bolungarvíkur var stofnað árið 1963, en síðan varð nokkur dráttur á að fleiri ný skógræktarfélag tækju til starfa. Skógræktarfélag Kópavogs var stofnað árið 1969 og ári seinna tók Skógræktarfélag Ólafsvíkur til starfa. Árið 1971 var Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu stofnaður, samkvæmt erfðaskrá bræðranna Einars Björnssonar kaupmanns, Friðriks Björnssonar læknis og Guðmundar M. Björnssonar læknis. Bræðurnir voru frá Múla í Miðfirði og þar sem þeir voru allir einhleypir ánöfnuðu þeir heimahéraði sínu öllum eigum sínum til eflingar skógræktar. Skömmu eftir að sjóðurinn var stofnaður var jörðin Fjósar í Svartárdal keypt og skógrækt hafin á landinu. Samkvæmt erfðarskránni var ákveðið að stjórn Skógræktarfélags Íslands færi með stjórn sjóðsins. Lengi vel sá sérstök framkvæmdanefnd um rekstur jarðar-

innar í Svartárdal, en í ársbyrjun 2009 var gerður samningur við Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga um að félagið tæki að sér umsjón með jörðinni. Sjóðurinn á jafnframt jörðina Saura í Miðfirði og hefur Skógræktarfélag Vestur-Húnavetninga haft umsjón með þeirri jörð. Það félag var stofnað árið 1974 og hefur sinnt þessu starfi af alúð eins og Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga. Þarna sýna héraðsfélögin styrk sinn.

### **Frægarður í Noregi**

Jónas Jónasson búnaðarmálastjóri tók við formennsku í Skógræktarfélagi Íslands árið 1972. Hann var frá Ystafelli í Köldukinn, en á þeim stað var einn elsti birkiskógur landsins og merkilegur nýskógur. Jónas var kjörinn í stjórn Skógræktarfélagsins 1969 og tók við formennsku þremur árum seinna. Jónas tók þátt í starfi landgræðslu-áætlunarnefndar sem skilaði af sér Landgræðsluáætlun sem samþykkt var á hátíðarfundi Alþingis á Lögbergi 1974. Haldin var vegleg hátíð á Þingvöllum þetta sumar til að minnast þess að 1100 ár voru liðin frá því að landið var numið. Hátíðin fór vel fram og það var við hæfi að Hákon Mathiesen, formaður Det norske Skogselskap, afhenti Jónasi svohljóðandi gjafabréf á þessum stað og þessari stund,



*Fulltrúar á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands skoða myndarlegan nytjaskóg á Héraði. Mynd: Brynjólfur Jónsson*

sem var dagsett 28. júlí 1974: Í tilefni 1100 ára afmælis þess að fyrstu útflytjendurnir fóru frá Noregi til Íslands og að 75 ár eru liðin frá því að fyrst var plantað til skógar á Íslandi vill Det norske gjensidige Skogbrandforsikrings selskap, Det norske Skogselskap, Direktoratet for statens skoger, Mathiesen - Eidsvold Værks Fond, Norges Skogeierforbund og Skogdirektoratet í umboði Norska skógræktarfélagsins gefa Skógræktarfélagi Íslands frægarð. Frægarðurinn, sem er 4 hektarar að stærð, er á Taraldseyju í Etnesveit. Garðurinn á fyrst og fremst að framleiða fræ af sitkagreni og stafafuru, en einnig fræ annarra trjátegunda, ef um er samið. Taraldseyja er eign Etnesveitar, sem með samningi frá 5. mars 1974 hefir leigt Norska skógræktarfélaginu fyrrgreint land til 60 ára. Gefandinn greiðir öll útgjöld varðandi frægarðinn, ásamt reksturskostnaði til ársins 1999, að undanskilinni söfnun köngla, þreskingu og hreinsun fræs. Það er gert ráð fyrir að

Skógræktarfélag Íslands (eða annar félags-skapur /stofnun á Íslandi) taki við rekstri garðsins frá 1. janúar árið 2000.

### Góður afrakstur

Þarna voru gróðursett frætré sem vaxin voru upp af ágræðslukvistum, sem teknir voru hér á landi af úrvalstrjám, aðallega af stafafuru og sitkagreni. Gjöfin kom sér vel þar sem varla þótti fært að reka slíkan frægarð á Íslandi vegna óbliðra veðurskilyrða. Það líða oft mörg ár milli góðra fræára í náttúrulegum skógum á Íslandi og þess vegna skipti þessi gjöf talsvert miklu máli. Fyrsta fræsendingin úr garðinum kom til landsins árið 1983, þegar 9 kg af sitkagreni-fræjum bárust. Vorið 1986 barst hálft kg til viðbótar og síðar um sumarið bárust stafafurufæ. Rannsóknarstöðin á Mógilsá sá um að dreifa fræjunum til skógræktarféлага og gróðrarstöðva. Reiknað var með að af 1 kg af sitkagreni-fræjum myndu vaxa 100 þúsund úrvals trjáplöntur. Á

næstu árum safnaðist upp ágætis frælager og smám saman minnkaði þörfin. Norski fræbankinn á Hamri sá um frægarðinn og safnaði fræinu. Þegar Íslendingar tóku við rekstrinum árið 2000 var samningurinn við fræbankann á Hamri framlengdur. Þegar hér var komið var mikið af sitkagreninu orðið úr sér vaxið en stafafuran gaf áfram af sér ágætt fræ. Með tímanum minnkaði áhuginn á því að nýta norska fræbankann og aukin áhersla var lögð á fræsöfnun á Íslandi, sem hefur gefið ágætlega af sér.

### Ár trésins

Þegar haldið var upp á 50 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands árið 1980 var efnt til samstarfs við Skógrækt ríkisins um umfangsmikið átak undir heitinu „Ár trésins“. Þetta heppnaðist ágætlega og varð til þess að áhugi á skógrækt jókst til muna, sérstaklega í sveitarfélögum þar sem skógrækt hafði verið takmörkuð. Fram að þessu höfðu úrtöluraddir þeirra sem voru andvígir skógrækt verið nokkuð háværar, en þarna kom í ljós að þetta var ekki

fjöldmennur hópur. Almennir tók áttakinu vel og unga fólkið lét til sín taka víða um land. Reykvíkingar gróðursettu 30 þúsund skógarplöntur og annarsstaðar á landinu var efnt til skógræktardaga sem skiluðu ágætum árangri. Vigdís Finnbogadóttir, nýkjörin forseti, tók að sér það hlutverk að vera sérstakur verndari trjáræktar á Íslandi. Skógardagurinn var haldinn í fyrsta sinn 4. júní 1982 og tóku flest skógræktarfélög landsins þátt í honum. Þessi dagur varð síðan fastur liður næstu árin og jafnan efnt til allskonar viðburða í tilefni dagsins víðsvegar um land.

### Brynjudalur

Árið 1984 varð Hulda Valtýsdóttir formaður Skógræktarfélags Íslands. Hulda var dóttir Valtýs Stefánssonar, sem var formaður félagsins 1940-1961. Hún ólst upp við það að Skógræktarfélag Íslands var jafn eðlilegur þáttur af daglegu lífi og blaðamennskan sem faðir hennar og seinna hún sjálf stunduðu. Hulda hafði mikinn áhuga á skógræktarmálum og



Skógræktarfélag Íslands hefur í hartnær þrjátíu ár verið með jólatríjasölu í Brynjudal í Hvalfirði og hafa þúsundir sótt sér jólatré þangað. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir



var formaður framkvæmdarnefndar landgræðsluskógarátaksins Ár trésins 1980, í framkvæmdanefnd Landgræðslusjóðs og í stjórn Rannsóknarstöðvarinnar á Mógilsá.

Veturinn 1985-86 keypti Skógræktarfélag Íslands trjágróður á 17 ha lands úr jörðinni Ingunnarstöðum í Hvalfirði. Þessi jörð var að hluta í eigu Landgræðslusjóðs, en þar hafði Skógrækt ríkisins plantað í nokkurn tíma, fyrst og fremst stafafuru, rauðgreni og sitkagreni. Skógræktarfélag Íslands keypti þennan trjágróður fyrir gjafafé, sem félaginu barst frá skógræktaraðilum á Norðurlöndum í tilefni 40 ára afmælis félagsins árið 1980. Þarna hefur félagið meðal annars unnið að framleiðslu jólatrjáa til tekjuöflunar, en gjöfin var miðuð við það. Haldið hefur verið áfram að gróðursetja í landið og ræktunarsvæðið stækkað jafnt og þétt. Þarna er kominn vöxtulegur skógur sem á eftir að breiða enn frekar úr sér á næstu árum og áratugum.

## Austfirðingar stofna skógræktarfélög

Með vaxandi áhuga á skógrækt var unnið markvisst að því að fjölga skógræktarfélögum á landinu. Árið 1986 var Skógræktarfélag Eyrarsveitar á Snæfellsnesi stofnað og ári seinna Skógræktarfélag skáta við Úlfjótuvatn. Sama ár var mikil vakning á Austfjörðum og fjölmörg félög stofnuð á því landsvæði. Skógræktarfélag Fáskrúðsfjarðar var stofnað 1987 sem og Skógræktarfélag Reyðarfjarðar, Seyðisfjarðar, Breiðdæla og Skógræktarfélagið Nýgræðingur á Stöðvarfirði. Næstu tvö ár bættust fimm ný félög í hópinn. Á Vestfjörðum voru stofnuð skógræktarfélög á Patreksfirði og Tálknafirði árið 1988. Skógræktarfélag Skagastrandar og Skógræktarfélag Garðabæjar voru stofnuð þetta sama ár og Skógræktarfélag Borgarfjarðar eystri bættist við árið 1989.

## Tré ársins

Tré ársins var útnefnt í fyrsta sinn árið 1989. Þá varð birkitré í Vaglaskógi í



Tré ársins 2017. Beyki í Hellisgerði í Hafnarfirði. Mynd: RF



*Fyrsta gróðursetning Landgræðsluskóga þann 10. maí 1990. Þarna stendur nú hinn myndarlegasti skógur. Mynd: Brynjólfur Jónsson*

Fnjóskadal á Norðurlandi fyrir valinu. Fjórum árum seinna var birkitré í Fljótsdal á Austurlandi útnefnt. Eftir það hefur tré ársins verið valið á hverju ári. Margar trjátegundir hafa orðið fyrir valinu á þessum árum, t.d. garðahlynur í Reykjavík, á Bíldudal, í Hveragerði og Borgarnesi, álmur í Reykjavík og Vestmannaeyjum, ilmreynir í Hvalfirði og í Örafum, evrópulerki í Dýrafirði, á Seyðisfirði og í Borgarfirði, rússalerki á Akureyri og í Kópavogi, strandavíðir í Arnkötludal, sitkagreni í Húnavatnssýslu, gráösp í Hafnarfirði og á Akureyri, lindifura á Hallormsstað, hengibjörk á Akureyri, fjallagullregn í Reykjanesbæ, skógarbeyki í Hafnarfirði, vesturbæjarvíðir á Skógum og rauðgreni í Reykjavík.

### **Landgræðsluskógar**

Skógræktarfélag Íslands efndi til stórátaksins Landgræðsluskógar árið 1990 í tilefni af sex tuga afmæli félagsins. Leitað

var stuðnings hjá fyrirtækjum og stjórnvöldum, en einnig náðist breið samstaða við Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Landbúnaðarráðuneytið. Þetta verkefni náði til alls landsins og markaði að vissu leyti tímamót. Fram að þessu hafði skógrækt verið í frekar smáum stíl en þarna var farið af stað með mun stærri áform en áður. Gerðir voru fjölmargir samningar um uppgræðslu lands sem var gróðursnautt og það tókst að virkja fjölmarga aðila sem tóku þátt í þessu verkefni. Augu almennings opnuðust fyrir því að það hægt er að rækta skóg víðar á Íslandi en talið hafði verið fram að þessu. Um líkt leyti var aukinn kraftur settur í nytjaskógrækt á bújörðum.

### **Vinaskógur**

Í tengslum við verkefni Landgræðsluskóga var stofnað til Vinaskógar í landi Kárastaða á Þingvöllum árið 1990 en svæðið er um 25 ha að stærð. Markmið Vinaskógar er

að rækta skóg fyrir gjafafé á svæðinu og rækta skógarlund þar sem þjóðarleiðtogar og fulltrúar þjóða eða samtaka gróðursetja trjáplöntur. Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands var gerð að verndara Vinaskógar og í hennar forsetatíð og að hennar frumkvæði gróðursettu fjölmargir erlendir þjóðhöfðingjar trjáplöntur í Vinaskógi í nafni vináttu og friðar. Staðurinn var valinn út frá þeirri staðreynd að flestir erlendir gestir sem koma til landsins fara til Þingvalla, eins helgasta staðar þjóðarinnar. Fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn sem gróðursetti í Vinaskógi var Elísabet II Bretadrottning og fór athöfnin fram 26. júlí 1990. Síðan hafa fjölmargir erlendir þjóðhöfðingjar og aðrir góðir gestir gróðursett tré í Vinaskógi. Þar á meðal eru þjóðhöfðingjar Norðurlandanna sem komu til landsins árið 1994 og tóku þátt í Lýðveldishátíðinni.

### Yrkjusjóður

Yrkjusjóður var settur á laggirnar árið 1992 í kjölfar sextugsafmælis Vigdísar Finnbogadóttur. Gefin var út bókin Yrkja

árið 1990 í tilefni afmælisins og var ágóðanum af sölu bókarinnar varið til að stofna sjóð árið 1992. Yrkja – sjóður æskunnar til ræktunar landsins hefur það hlutverk að úthluta trjáplöntum til skólabarna sem gróðursetja trén. Sjóðurinn er hugsaður sem verkfæri til að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir ungu fólki í landinu og ala upp ræktendur framtíðarinnar. Vaxtatekjur hvers árs eru notaðar til að kaupa trjáplöntur sem nemendur gróðursetja.

### Laufblaðið og Frækornið

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands, sem fékk nafnið Laufblaðið, kom fyrst út árið 1992. Blaðið var að jafnaði gefið út fjórum sinnum á ári og sent endurgjaldslaust til allra félaga í skógræktarfélögum. Árið 2011 var gerð sú breyting að Laufblaðið varð rafrænt og sent með þeim hætti til allra félagsmanna í skógræktarfélögum sem skráðir eru með netföng. Prentuð hafa verið örfá eintök fyrir þá sem ekki eiga kost á að nálgast blaðið á rafrænan hátt. Fræðsluritið



Skólakrakkar úr Reykjavík gróðursetja plöntur frá Yrkjusjóði á Úlfjótssvatni árið 2013. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir





*Skæri tilbúin til að klippa á borða sem opnar formlega Opinn skóg í Hrótey árið 2003. Mynd: Jóhann Frímann Gunnarsson*

Frækornið hefur komið út með nokkuð reglulegu millibili um árabíl. Á tíunda áratug liðinnar aldar bættust nokkur ný skógræktarfélög í hópinn. Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli var stofnað árið 1990. Skógræktarfélag Bíldudals, Skógræktarfélag Dýrafjarðar og Öfundarfjarðar voru stofnuð 1992. Sama ár var Skógræktarfélagið Kvistur stofnað á Djúpvaggi og ári seinna Skógræktarfélagið Landbót í Vopnafirði. Skógræktarfélag Ólafsfjarðar var stofnað 1994, Skógræktarfélag Suðurnesja 1995 og Skógræktarfélag Eskifjarðar árið 1996. Skógræktarfélag Ségandafjarðar og Skógræktarfélagið Skógfell, Vogum á Vatnsleysuströnd, tóku til starfa árið 1998.

### **Skógarsvæðin merkt**

Magnús Jóhannesson varð formaður Skógræktarfélags Íslands árið 1999. Á þessum tíma var farið að huga að því að

merkja skógarreiti skógræktarfélaganna með samræmdum hætti. Fyrstu skiltin voru útbúin árið 1999 og þeim komið fyrir á 70 stöðum, í tilefni af 100 ára skipulegri skógrækt í landinu. Næsta verkefni fólst í því að gera skógarsvæðin aðgengileg almenningi. Fyrsta svæðið sem var tekið í notkun undir heitinu Opinn skógur var Daníelslundur í Borgarfirði, árið 2002. Markmiðið með þessu verkefni er að gera skógræktarsvæði við alfaraleiðir sem eru í umsjón skógræktarféлага aðgengileg. Á hverjum stað er lögð áhersla á góða aðstöðu og þægilegt aðgengi fyrir þá sem kjósa að sækja svæðin heim og njóta þess sem þar er í boði. Þetta eru kjörnir áningarstaðir með aðstöðu til að staldra við og njóta náttúrunnar. Lögð er áhersla á að miðla upplýsingum og fræðslu um lífríki, náttúru og sögu hvers svæðis. Opinn skógur er kjörinn vettvangur til hverskonar útivistar og



*Kaffiblé við gróðursetningu í Aldamótaskóginum á Gaddstöðum árið 2000. Mynd: Brynjólfur Jónsson*

heilsubótar. Svæðin sem hafa verið opnuð eru orðin sextán talsins og það sautjanda bætist við á þessu ári.

### **Aldamótaskógar**

Haustið 1999 hófst undirbúningur fyrir 70 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands. Margt var rætt en ákveðið var að minnast afmælisins í anda þess sem gert var 1980 og 1990 þegar félagið fagnaði álíka stórum áföngum. Ákveðið var að halda hátíðar-samkomu á Þingvöllum á afmælisdegi félagsins 27. júní 2000. Þangað var formönnum aðildarféлага boðið ásamt fjölda velunnara félagsins. Afmælishátíðin heppnaðist vonum framar og bárust stórgjafir sem komu að góðum notum. Meginverkefni afmælisársins var fólgið í verkefni sem fékk nafnið Aldamótaskógar, sem var táknræn gjöf til íslensku þjóðarinnar. Gróðursettar voru trjáplöntur á fimm stöðum á landinu, jafnmörg tré og íbúar landsins voru á þessum tíma.

Þetta þýddi að það var gróðursett ein planta fyrir hvert mannsbarn á Íslandi. Sannarlega stórhuga verkefni sem naut stuðnings Búnaðarbanka Íslands og fleiri aðila. Landgræðslan kostaði kortavinnu vegna skipulagningar verkefnisins og Vegagerðin lagði til girðingar og gekkst fyrir friðun þeirra svæða þar sem gróðursett var. Staðirnir sem urðu fyrir valinu voru Reykholt í Borgarfirði á Vesturlandi, Gaddstaðir á Suðurlandi, Heydalir í Breiðdal á Austfjörðum, Steinsstaðir í Skagafirði á Norðurlandi og á Vestfjörðum urðu landspildur í Holti, Fitjum, Skriðnafelli og Hreggstöðum fyrir valinu. Almennungur var hvattur til að taka þátt í gróðursetningunni og buðu fyrirtækin SS og Egill Skallagrímsson öllum sem mættu upp á pylsur og drykki. Með ræktun Aldamótaskóga var hugmyndin að skapa kjörsvæði fyrir útivist og náttúruupplifun í samtíð og framtíð.



*Skjólaskógur vex upp við Eskifjörð. Skógræktarfélag um allt land hafa verið í fararbroddi við ræktun „grænna trefla“ við þéttbýlisstaði. Mynd: Brynjólfur Jónsson*

## Skógrækt í sátt við umhverfið

Nokkur skógræktarfélag hafa tekið til starfa á nýrri öld. Þar á meðal er Skógræktarfélag Vestmannaeyja og Skógræktarfélagið Lurkur á Bakkafirði, bæði stofnuð árið 2000. Skógræktarfélagið Dafnar á Hvanneyri í Borgarfirði var stofnað 2005 og ári seinna tók Skógræktarfélag Grindavíkur til starfa. Skógræktarfélag Eyrarbakka var stofnað 2015, Skógræktarfélag Þórshafnar árið 2019 og á þessu ári voru tvö ný skógræktarfélag stofnuð, annarsvegar Skógræktarfélag Álftafjarðar og hins vegar Skógræktarfélagið Ungviður. Árið 2002 var samþykkt tillaga á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands um að stjórn félagsins skipaði nefnd til að vinna að tillögum að vinnureglum og gátlista fyrir skógræktendur. Vinnureglunum var ætlað að segja til um markmið skógræktar, hvar og hvernig þeim mætti ná. Ráðgert var að gátlistinn væri ávallt hafður til hliðsjónar

þegar ný svæði væru kortlögð og skógræktarskipulag gert. Þrír fulltrúar Skógræktarfélags Íslands leiddu vinnu starfshópsins, sem tók til starfa árið 2003. Hópurinn var skipaður fulltrúum Fornleifaverndar ríkisins, Fuglaverndarfélagsins, Landverndar, Landshlutabundinna skógræktarverkefna, Náttúrufræðistofnunar, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Starfshópurinn gaf út leiðbeiningar um skógrækt í sátt við umhverfið árið 2005. Ráðherrar landbúnaðar- og umhverfismála opnuðu síðan vefútgáfu 18. apríl 2005, sem var samstarfsverkefni allra ofan talinna aðila. Vefurinn veitti grunnupplýsingar til allra sem hafa áhuga á skógrækt um hvernig best er að skipuleggja skógrækt í sátt við umhverfið. Þessi vefútgáfa er ekki lengur aðgengileg.

## Græni trefillinn

Græni trefillinn var staðfestur í Svæðis- skipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið árið 2002. Þetta er samheiti yfir skógræktar-



og útivistarsvæði á jaðarsvæðum sveitarfélaganna sem heyra undir höfuðborgarsvæðið. Samþykkt var tillaga á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands árið 2004 um að félagið beitti sér fyrir þessu verkefni. Starfshópur skipaður fulltrúum skógræktarfélaga og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu tók til starfa veturinn 2005. Starfshópurinn vann tillögur um Græna trefilinn sem voru birtar í skýrslu árið 2006. Helsta tillagan var sú að leggja stíg, svokallaðan Grænan stíg, eftir endilöngu svæðinu sem Græni trefillinn spannar, frá Esjurótum á Kjalarnesi suður að Kaldárseli í Hafnarfirði. Þessi tillaga var útfærð nánar árið 2008 og leiddi Þráinn Hauksson landslagsarkitekt vinnuna. Lögð voru drög að legu stígsins í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög og byrjað er að vinna að stígnum á nokkrum stöðum. Nokkuð er í land ennþá því þetta er viðamikili verkefni sem hefur dregist á langinn af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum.

### Á grænni grein

Haldið var upp á 75 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands árið 2005 með því að gefinn var út kynningarbæklingurinn „Á grænni grein“. Starfsmenn og sjálfbóðaliðar skógræktarfélaganna stóðu fyrir kynningu á sumardaginn fyrsta og nokkrar helgar þar á eftir í stórmörkuðum. Mörg skógræktarfélög notuðu tækifærið til að afla nýrra félagsmanna. Átakið skilaði mjög góðum árangri því um 700 nýir félagar bættust í hópinn. Þar með var félagafjöldinn á landinu kominn upp í 8.000 manns. Á afmælisdaginn 27. júní var haldin hátíð í Vinaskógi á Þingvöllum og einstök félög buðu upp á hátíðardagskrá og táknræna gróðursetningu heima í héraði. Páll Samúelsson í Toyota á Íslandi gaf félaginu stórgjöf sem samsvaraði 35 þúsund trjáplöntum sem voru gróðursettar í Esjuhlíðum.

### Kolviður

Skógræktarfélag Íslands og Landvernd stóðu sameiginlega að stofnun Kolviðar 6. júní 2006 í þeim tilgangi að hvetja landsmenn til að taka aukna ábyrgð á losun gróðurhúsalofttegunda með skógrækt. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum í Þjóðmenningarhúsinu 16. apríl 2007 þegar skrifað var undir samstarfssamning Kolviðar við Kaupping, Orkuveitu Reykjavíkur og ríkisstjórn Íslands, sem bakhjarla verkefnisins. Fyrsta gróðursetning Kolviðarskóga fór fram á Geitasandi 14. júní sama ár. Þetta verkefni gekk vel í byrjun en síðan kom bakslag í kjölfar fjármálakreppunnar í árslok 2008. Starfsemi Kolviðar var frekar takmörkuð fram til ársins 2014 þegar stigvaxandi áhugi fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum á kolefnisjöfnun gerði vart við sig. Starfsemin hefur verið í örum vexti eftir það. Kolviður er algjörlega sjálfstæður sjóður sem hefur bætt við sig ræktunarsvæðum samhliða auknum áhuga einstaklinga, fyrirtækja og stofnana á kolefnisjöfnun.

### Atvinnuátak

Magnús Gunnarsson, sem hafði verið varaformaður um skeið, tók við formennsku í Skógræktarfélagi Íslands árið 2007. Ári seinna var formannskosning til þriggja ára samkvæmt nýjum lögum félagsins og var Magnús kosinn. Hann gegndi embættinu í þrjú kjörtímabil til ársins 2017. Magnúsar biðu mörg brýn verkefni þegar hann tók við, en steininn tók úr árið 2009 eftir efnahagshrunið. Skógræktarfélag Íslands leiddi vinnu við mótun atvinnuátaks í kjölfar efnahagshrunsins sem átti sér stað í lok árs 2008 og spannaði það tímabil árin 2009 til 2011. Atvinnuleysi varð talsvert þegar afleiðingar hrunsins komu í ljós. Atvinnuátaksverkefnið var viðbragð við því ástandi. Á höfuðborgarsvæðinu var aðaláherslan lögð á verkefni tengd Græna stígnum, umhirðu skóga og bætt aðgengi. Á landsbyggðinni



*Vigdís Finnbogadóttir við gróðursetningu í Borgarnesi árið 2015 í tilefni þess að hún var 35 ár liðin frá því hún var kosin forseti. Efnt var til gróðursetninga um land allt af þessu tilefni. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir*

voru sambærileg verkefni unnin í námunda við þéttbýli. Vinnan fór að mestu fram yfir sumarmánuðina, en nokkur verkefni sem snéru að grísjun stóðu lengur yfir. Þetta verkefni skilaði góðum árangri og var Skógræktarfélagi Íslands til mikils sóma.

### Úlfljótsvatn

Sumarið 2010 var 80 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands minnst með athöfn í Stekkjargjá á Þingvöllum 29.

ágúst að loknum aðalfundi félagsins, sem haldinn var á Selfossi. Skógræktarfélagið keypti jörðina Úlfljótsvatn ásamt Bandalagi íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur árið 2011 af Orkuveitu Reykjavíkur. Samningur þar að lútandi var undirritaður í desember 2011 og eigendur Úlfljótsvatns undirrituðu eignaskipta-, afnota- og réttindasamning um jörðina 23. júní 2012. Þar er nánar kveðið á um skiptingu jarðarinnar og fasteigna á henni. Í framhaldinu



*Vigdís Finnbogadóttir, heiðursfélagi Skógræktarfélags Íslands, ávarpar gesti við opnun Laugalandsskógar sem Opins skógar árið 2012. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir*

var stofnað sameignarfélag um rekstur, umsjúslu og eignarrétt jarðarinnar.

### **Gróðursetning í anda Vigdísar**

Árið 2015 voru liðin 35 ár frá því að Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands, en hún var fyrst kvenna þjóðkjörin forseti í heiminum. Af þessu tilefni ákváðu á fjórða tug félagasamtaka og stofnana að efna til hátíðardagskrár í júní. Skógræktarfélög og sveitarfélög um land allt, með stuðningi Skógræktarfélags Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skógræktar ríkisins, Landgræðslu ríkisins, Yrkjúsjóðs og Landgræðslusjóðs, stóðu í sameiningu að gróðursetningu víðsvegar um landið. Voru þrjú tré gróðursett á hverjum stað, eitt fyrir stúlkur, eitt fyrir drengi og eitt fyrir komandi kynslóðir. Þetta var í anda Vigdísar sem hafði þann sið að gróðursetja þrjú tré á hverjum stað þegar hún var forseti og heimsótti íbúa bæjar- og sveitarfélaga landsins. Árið 2017

var Jónatan Garðarsson kosinn formaður félagsins.

### **Líf í lundi**

Sumarið 2018, nánar tiltekið 23. júní, var viðburðurinn Líf í lundi haldinn í fyrsta sinn um land allt. Af þessu tilefni var efnt til fullveldisgróðursetningar í Sandahlíð, í ræktunarreit Skógræktarfélags Garðabæjar. Útivistar- og fjölskyldudagurinn Líf í lundi var með þeim hætti að almenningi var boðið að taka þátt í viðburðum í skógum landsins og tóku margir þessari áskorun. Boðið var upp á gönguferðir, fræðslu um trjágróður og staðhætti, allskonar skógarleiki, skemmtiatriði og góða samveru. Skógræktarfélög stóðu að deginum í félagi við Skógræktina, Landssamtök skógareigenda og önnur félagasamtök og stofnanir. Dagurinn heppnaðist vel og var samskonar viðburður árið eftir. Ráðgert er að Líf í lundi verði fastur liður í starfsemi skógræktarfélaganna næstu árin.



## Stefnumótun

Skógræktarfélag Íslands lauk við stefnumótun sína vorið 2018, en vinna við hana stóð yfir í tvö ár. Stefnumótunin var lögð fyrir aðalfund félagsins í sumarlok og þar var hún staðfest. Undirritaður var samningur kirkjustjórnar Íslands og Reykholtskirkju við Skógræktarfélag Borgarfjarðar og Skógræktarfélag Íslands um stækkun skógræktarsvæðisins í Reykholtlandi í júní. Samningur um afnot Skógræktarfélags Íslands af hluta lands Skálholts var undirritaður í júlí sama ár. Þar er ætlunin að rækta yndisskóg og Kolviðarskóg sem mun nýtast almenningi til útivistar í framtíðinni.

## Helstu verkefni

Eitt helsta verkefni Skógræktarfélags Íslands á hverju ári er fólgið í margskonar aðstoð, ráðgjöf og samstarfi við einstök aðildarfélög. Skógræktarfélagið hefur staðið fyrir reglubundnu fræðslu- og leiðbeiningastarfi fyrir almenning. Starfsfólk félagsins er boðið og búið að veita hverskonar ráð enda leita að jafnaði margir til félagsins í gegnum síma eða tölvupóst. Reynt er að bregðast hratt og

vel við og veita upplýsingar um hvaðeina sem snýr að skógrækt og skyldum málum. Starfsfólkið fer í heimsóknir til skógræktarfélaga á hverju ári og veitir margskonar aðstoð og ráðgjöf. Stjórn félagsins fær fjölbreytt erindi inn á sitt borð og eru stjórnarfundir haldnir einu sinni í mánuði og oftast ef ástæða þykir til. Samskipti við ráðuneyti og önnur stjórnvöld, Skógræktina, Landgræðsluna, Landssamtök skógareigenda og aðra hagsmuna- og fagaðila eru mikil. Stöðugt koma upp mál sem þarf að taka á og leysa hratt og vel. Fulltrúar félagsins eiga sæti í innlendum og alþjóðlegum nefndum og ráðum sem fullgildir meðlimir eða áheyrnarfulltrúar með tillögurétt. Hverskonar samskipti við innlend og erlend fagfélög, sérfræðinga og alþjóðastofnanir eru í höndum starfsfólks og stjórnar. Félagið hélt lengi vel utan um skipulagningu skiptiferða, en eftir að þær lögðust af hefur félagið skipulagt skoðunarferðir til áhugaverðra staða í heiminum þar sem skógræktarfólki gefst tækifæri á að kynnst ólíkum stöðum og starfsemi tengdri skógrækt. Þessar ferðir hafa jafnan verið fjölsóttar og



Björgunarsveitarfólk, sjálfböðaliðar og starfsfólk Skógræktarfélags Íslands gróðursetur Rótarskotsplöntur á Þorláks-hafnarsandi árið 2019. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir

fræðandi. Skógræktarfélagið stendur fyrir allskonar ráðstefnum, fræðslufundum og myndakvöldum, heldur reglulega fulltrúafundi, sinnir skipulagsvinnu, sér um kaup og dreifingu trjáplantna til skógræktarféлага og grunnskóla, annast gróðursetningu, grísjun og landbótavinnu, allt eftir því hver þörfin er hverju sinni. Heimasíða Skógræktarfélags Íslands hefur verið ein af meginstoðum félagsins um árabil og þar er hægt að fylgjast með því helsta sem er efst á baugi í starfsemi félagsins og aðildarféлага. Vefsíðan Skógargátt er annar mikilvægur vettvangur, en þar eru handhægar upplýsingar um nokkra af helstu skógum landsins, hvar þá er að finna og kort með stígum og öðrum fróðleik.

### Á tímamótum

Á þessum merku tímamótum í sögu Skógræktarfélags Íslands er brýnna en nokkru sinni fyrr að halda vöku sinni. Skógrækt skiptir miklu þegar lítið er til

loftslagsmála í nútíð og framtíð. Gengnar kynslóðir og þeir sem sinna skógrækt í dag hafa lagt mikið af mörkum með þrautseigju sinni og óbilandi trú. Tekist hefur að klæða lítinn hluta landsins grænni kápu en betur má ef duga skal. Þessir brautryðjendur hafa sýnt fram á að skógrækt er möguleg á okkar hrjóstruga og kalda landi. Mikið hefur áunnist á rúmlega einni öld sem liðin er frá því að fyrstu tilraunir til skipulegrar skógræktar hófust. Þrátt fyrir það er aðeins lítill hluti landsins vaxinn skógi og enn er ærið verk fyrir höndum. Mikilvægt er að unga fólkið gangi fram fyrir skjöldu, taki upp merkið og leggi ofurkapp á að efla skógrækt í landinu. Oft var þörf en nú er nauðsyn. Allir sem vettlingi geta valdið þurfa að leggja sitt af mörkum og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að yrkja jörðina, stækka skógræktarsvæðin og standa vörð um lungu jarðarinnar.

Höfundur: JÓNATAN GARÐARSSON

Kolefnisjafnaðu eldsneytisviðskiptin með Olís

# VIÐ GREIÐUM HELMING Á MÓTI ÞÉR

Lykil- og korthafar gefa eftir 2 krónur af afslætti og Olís leggur til 2 krónur á móti. Fjórar krónur af hverjum lítra renna því til Landgræðslunnar í fjölbreytt verkefni á sviði kolefnisbindingar – landgræðslu, skógrækt og endurheimt votlendis.

**Skráðu þig á [olis.is](https://olis.is)**

Olís – í samstarfi við Landgræðsluna



Við höfum lagt rækt við gróður í yfir 40 ár



\* Okkar plöntur fá kærleiksríkt  
uppeldi við íslenskar aðstæður

Gróðrarstöðin  
**Mörk**  
STJÖRNUGRÓF 18 • SÍMI 581 4550 • FAX 581 2228  
WWW.MORK.IS MORK@MORK.IS

## Holt og ferskt nesti

Náðu þér í góðan bita á næstu  
N1 stöð. Við tökum vel á móti  
þér með girnilegum samlokum,  
matarmiklum salötum, ilmandi  
kaffi og frískandi boozti.

Renndu við og gríptu  
með þér hollustu



**Nesti**



N1.is

**N1** ALLA LEIÐ





*Búið að grafa fyrir stígstæðinu og merkja hæðina á stíklunum með appelsínugulu snæri. Æskilegt hefði verið að jarðvegsskipta meira en þarna var gert eða um 30-40 cm á dýpt: Mynd: EJ*

## Stígagerð úr viðarstiklum

Trjádrumbar sem falla til við grisjun eru til margra hluta nýtsamlegir og það getur verið gaman og gefandi að finna þeim nýtt hlutverk. Oft má gefa þeim framhaldslíf

á staðnum þar sem þeir spruttu úr grasi, t.d. við sumarbústaði eða í litlum skógarreitum. Möguleikarnir eru óteljandi og takmarkast aðallega af hugmyndaflugi,

verkkunnáttu og handlagni hvers og eins. Hér verður sjónum beint að einfaldri stígagerð úr viðarstiklum. Myndirnar sem fylgja greininni eru frá slíkri stígalögn sem greinarhöfundur vann að á Landakotstúni þar sem hellulagður gangstígur og grasflöt voru tengd með viðarstiklum. Þessi aðferð á ekki síður heima úti í skógi enda kallast efniviðurinn þá enn betur á við umhverfið.

Í þessu tilfelli voru notaðir sitkagrenibolir sem höfðu fallið til við grisjun í borgarlandinu og höfðu þornað undir laufþekju hárra trjáa um nokkurra mánaða skeið. Grenið er ágætisefniviður í svona stígagerð, endingargott og þétt í sér. Enn betra hefði verið að notast við lerkistiklur enda býr lerkíð sem kunnugt er yfir náttúrulegri fúavörn sem gerir það að verkum að það endist sérlega vel óvarið utandyra.

## Jafnþykkir drumbar

Í upphafi eru trjádrumbarnir mældir og sagaðir til. Gert er ráð fyrir að þeir séu allir jafnþykkir (15-20 cm er hæfilegt) enda einfaldar það lögnina til muna en ef unnið er með efnivið í mismunandi þykkt. Þá er gott að velja boli sem eru jafnir en ekki of kónískir til að stiklurnar sitji sem best. Í þessu tilfelli var unnið með stiklur sem voru svipaðar á breidd og röðuðust því vel saman. Stundum er blandað saman misstórum drumbum og þeir minni jafnvel notaðir til uppfyllingar milli stærri stikla. Ef menn eru að reyna fyrir sér í fyrsta skipti, er þó best að gera þetta á eins einfaldan hátt og mögulegt er.

Því næst er stígstæðið afmarkað. Merkja þarf útlínur stígsins í landslaginu og moka síðan upp úr með skóflu. Þetta er tímafrekt verk og því ágætt að ætla sér ekki um of



*Þarna er búið að setja út hæðarpunkta fyrir stiklurnar en til þess eru notuð járnabindingarör og snæri: Mynd: EJ*





*Mold er skipt út fyrir hellusand sem er frostfrítt efni og ekki jafnmæmt fyrir frostverkunum og moldin. Hann þarf síðan að þjappa og slétta gróflega áður en hafist er handa við stíklulögnina. Mynd: EJ*

í fyrstu, leggja stíklur á stuttri leið, t.d. milli bílastæðis og húss. Æskilegt er að stíklurnar komist ekki í snertingu við mold því að það flýtir fyrir fúa auk þess sem frostverkanir geta orðið meiri. Allra best er því að jarðvegsskipta á stóru svæði undir og umhverfis stígstæðið. Við venjulega hellulögn er miðað við að jarðvegsskipt sé á um 60 cm dýpi en þykkar viðarstíklur eru ekki eins viðkvæmar fyrir frostverkunum og litlar hellur. Það kemur heldur yfirleitt ekki að sök þó að stígar úr viðarstíklum lyftist og sigi með hreyfingum landsins. Miða má við að jarðvegsskipta 10-20 cm niður fyrir dýpt stíklanna þannig að ef maður er með 20 cm stíklur, grafi maður

40 cm stígstæði og fylli neðstu 20 cm af hellusandi, þjappi hann og jafni.

Einnig er mikilvægt að jarðvegsskipta í jöðrum stígstæðisins þannig að lífrænt efni liggi ekki upp að stíklunum. Er hæfilegt að reikna með jarðvegsskiptum á 20 cm kafla til hvorrar handar þannig að ef stígurinn er 1,2 m á breidd yrði stígstæðið 1,6 m. Þó að mold sé skipt út fyrir hellusand má engu að síður reikna með að hann fyllist með tíð og tíma af gróðri og lífrænum efnum en með því að jarðvegsskipta hægir maður á því ferli og getur vonandi notið stígsins lengur.

Merkja skal legu stígsins með járnabindingarrörum við upphaf hans og enda og strengja snæri á milli til að marka





*Stiklulögnin vel á veg komin. Þarna hefur hellusandi verið dreift inn á milli stiklanna jafnóðum en einnig má gera það í lokin. Sandurinn festir stiklurnar betur í sessi og kemur í veg fyrir að lífrænt efni safnist í fúgur og umbreytist í mold. Æskilegt er að dreifa einnig pússningarsandi (sem er mun finni) í fúgur og kanta til að styrkja lögnina enn frekar. Mynd: EJ*

hæð stígsins. Miðað er þá við að efri brún stiklunnar nemi við snærið. Hér er miðað við einfalda lögn án verulegs hæðarmismunar eða misfella í landslagi. Síðar getur verið gaman að spreyta sig á að leggja stiklustíga þar sem er meira um ójöfnur og hæðarmismun og þarf þá að mæla og setja út fleiri hæðarpunkta með rörum og snæri.

### **Sandur í fúgur**

Þegar búið er að þjappa og slétta undirlagið er hægt að hefjast handa við að leggja stiklurnar. Gæta þarf þess að þær flúkti við snærið og séu jafnar og kemur þá réttstíkt að góðum notum. Stundum þarf að púkka

sandi undir stiklurnar eða hnika þeim til með gúmmíhamri (kjullu). Þegar búið er að leggja allar hellur, er hellusandi dreift í fúgur og kanta og þjappað eins og kostur er, t.d. með mjóum skóftum eða prikum. Því betur sem hægt er að þjappa sandinn, þeim mun betur tolla stiklurnar á sínum stað. Til að styrkja lögnina enn frekar er æskilegt að strá pússningarsandi (sem er mun finni en hellusandurinn) ofan í fúgur og kanta á eftir hellusandinum og þjappa á ný. Ef rennandi vatn er aðgengilegt er einnig æskilegt að sprauta yfir lögnina í því skyni að sandurinn þjappist betur. Einnig má nota garðkönnu í þessum tilgangi þó að það sé vissulega seinlegra.





*Stígurinn farinn að taka á sig mynd. Búið að sanda á milli. Í jaðrana mætti svo gróðursetja hnoðra, steinbrjóta, blóðberg eða aðrar slíkar tegundir sem þrífast vel í sandi og þekja ágætlega án þess að verða of fyrirferðarmiklar. Mynd: Dariusz Gorski*





Stiklustígurinn tilbúinn. Mynd: EJ

Þegar stígurinn er tilbúinn má skreyta jaðra hans með því að planta þar fjölærum þekjuplöntum sem þrífast vel í sandi og verða ekki of miklar um sig. Hvers kyns hnoðrar (*Sedum*) koma þar til greina enda sígrænir, blómstrandi og látlausir.

Þá koma einnig til greina tegundir á borð við blóðberg, glitmuru, músagin og rósasmæru.

---

Höfundur: EINAR ÖRN JÓNSSON





Nærmynd af stiklunum. Mynstrið var skorið út með  
kedjusög en einnig er hægt að notast við önnur verksfæri  
ef fólk hefur áhuga á að skreyta þær. Annars njóta þær  
sín einnig vel með sínu náttúrulega árbringjamynstri.  
Mynd: Dariusz Gorski



Stiklurnar nokkrum mánuðum síðar. Þær hafa veðrast og tekið á sig dekkri lit en njóta sín engu að síður vel. Mynd: EJ

gróðurmold garðyrkjumannsins

*flúðamold*

**100% íslensk ræktunarmold, lífræn**

Úrvalsmold  
fyrir alla  
ræktun

- Umpottun á stofublómum
- Í útikerið og svalakassann
- Í garðinn og gróðurhúsið
- Uppeldi á sumarblómum og grænmeti

Flúðamold er framleidd úr íslenskrí mólmold, myltum sveppamassa og **Hekluvíkri**.







1. mynd. Þetta 70 m háa og þúsund ára gamla sitkagrenitré vex í norðurhluta Kaliforníu. Það hefur sín eigin vistkerfi með mosum og burknum á greinunum. Mynd: ÞE

# Nýju heimkynnin

Enn standa nokkur gríðarstór sitkagreni-tré á stöku stað þrátt fyrir hálfrar annarrar aldar skógarhögg á vesturströnd N-Ameríku og ég er lukkulegur með að hafa upplifað sum þeirra í Kaliforníu, á Ólympíunesi í Washington og á Vancouver-eyju (mynd 1). Að upplifa er betri sögn en að sjá þegar svo stór tré eru annars vegar því maður finnur fyrir nærveru þeirra með fleiri skilningarvitum en augunum og reyndar fleiru en skilningarvitunum. Ég veit ekki um annað fólk en ég verð fyrir miklum tilfinningalegum áhrifum við að vera innan um stór og gömul tré. Tignarleiki og tær fegurðin eru þar áhrifavaldar. Annað er að vita af aldri trjánna, að þau hafi verið farin að vaxa þegar Ísland byggðist. Það þriðja er að maður finnur fyrir eigin smæð og fyrir mér er það þægileg tilfinning. Sitkagreni nær ekki alveg sömu stærð og allra stærstu trén í heimi, fjallarauðviður og strandrauðviður, en þegar maður stendur í slíkum skógi skynjar maður ekki þann mun því ekki sést nema hálfa leið upp í trén hvort eð er. Sitkagreni vex líka alla leið norður til Alaska, sem þýðir að finna má efnivið sem aðlagður er loftslagi eins og gerist á Íslandi. Við heppin!

Sitkagreni var fyrst flutt til Íslands á árunum 1920-1930 sem stakar garðplöntur frá gróðrarstöðvum í Noregi og Danmörku.<sup>5</sup> Nokkrar þúsundir plantna komu svo frá Noregi árin 1937-1939 og fyrsta fræsendingin kom frá Alaska 1940.<sup>4,7</sup> Í Ársriti Skógræktarfélags Íslands árið 1939 ritar Hákon Bjarnason skógræktarstjóri þetta: „Ennfremur má geta þess, að á árinu sem leið komu hingað til lands 2000 sitkagreni-plöntur, sem ættaðar eru frá Kenaiskaga í Alaska. Vestlandets Forstlige Forsøksstasjon í Bergen gaf þær. Er öll ástæða til þess að ætla, að þessar plöntur eigi sjer meiri framtíð heldur en allar aðrar erlendar plöntur, sem

hingað hafa komið til þessa.“ Þessi spá, byggð á bjartsýni, takmarkaðri þekkingu og engri reynslu, reyndist sönn. Á fimmta og sjötta áratug síðustu aldar fóru íslenskir skógræktarmenn til Alaska, tíndu köngla og komu á samböndum. Heilmikið fræ var flutt inn.<sup>7</sup> Fjandanum erfiðara reyndist svo að koma sitkagreni til af fræinu í frumstæðum gróðrarstöðvum þess tíma, sem er ástæðan fyrir því að hér eru ekki fleiri sjötugir sitkagreniskógar en raun ber vitni.<sup>7</sup> Smám saman jókst þekking, gróðrarstöðvatækni batnaði og nú er sitkagreni meðal helstu tegunda í íslenskri skógrækt. Hæsta tréð á Íslandi er sitkagreni sem nálgast 30 metra hæð og sýnir engin merki þess að fara að hægja á vexti (mynd 2). Sitkagreni verður risatré hér líka.

## Ný blaðlús

Upp úr 1960 fór fólk að taka eftir því að sitkagreni missti stundum stóran hluta nála sinna. Í ljós kom að ástæðuna mátti rekja til sitkalúsar.<sup>6</sup> Hún er agnarsmá blaðlús, rétt svo sýnileg með berum augum, sem lifir á rauðgreni í Evrópu og barst til Íslands með innfluttum jólatrjáum 1959.<sup>6</sup> Kvikindið kallast græn grenilús eða bara grenilús víðast í Evrópu en hér var danska nafn hennar sitkalús tekið upp vegna áhrifanna á sitkagreni (mynd 3). Rauðgrenið og sitkalúsinn hafa náð sáttum þróunarfræðilega séð. Lúsinn sýgur safu úr nálum rauðgrenis og rauðgrenið kippir sér ekki upp við það, enda veldur smápot í nál ekki heimsendi. Sitkalúsinn hefur þó takmarkaða þekkingu á flokkunarfræði (taxónómíu) greniættkvíslarinnar og sér ekki allan mun á því að stinga sograna sínum í nálur rauðgrenis eða sitkagrenis, eða reyndar hvaða grenitegundar sem er.

Þar sem sitkagreni og sitkalús hafa ekki hist fyrr en nýlega eiga þau sér enga





2. mynd. Horft upp eftir hæsta tré Íslands, sitkagreni í skógarreitnum á Kirkjubæjarklaustri, tæplega 30 m hátt. Hákon Bjarnason reyndist samspár um ágæti sitkagrenis á Íslandi. Mynd: ÞE





3. mynd. Sitkalús á greninál, móðir og tvö misgömul afkvæmi. Mynd: Brynja Hrafnkelsdóttir

sameiginlega þróunarfræðilega sögu. Nálar sitkagrenis eru harðari en nálar rauðgrenis og sáldæðar þeirra betur varðar. Því þarf lúsin að pota oftari í nálina til að finna sáldæð. Sitkagrenið misskilur endurtekna potið og telur það vera mun alvarlegra en það er, hugsanlega eftir eitthvert amerískt skordýr sem étur nálar upp til agna. Tréð fyllir viðkomandi nál af varnarefnum og

hún drepst og fellur svo af eftir nokkra mánuði. Slík viðbrögð virðast helst til öfgakennd, auk þess sem þau duga ekki í tilviki sitkalúsar. Áður en nálin fær tíma til að detta af er lúsin búin að eignast helling af afkvæmum sem röltu yfir á næstu nálar. En þetta eru viðbrögðin sem sitkagreni hefur til að eiga við afrán á nálum, viðbrögð ónæmiskerfis trésins sem fórnar nálum svo langlífari hlutar trésins, sprotar og brum, verði síður fyrir skemmdum. Í þessu tilviki lýsir þetta sér sem ofnæmi og í verstu tilfellum missa trén nánast allar nálar. En sprotar og brum lifa og hefja aftur vöxt næsta vor. Oftast eru nokkur ár á milli slæmra sitkalúsarfaralda og trén ná sér ágætlega (mynd 4).

### Önnur ný lús

Áður en fólk hóf að gróðursetja tré var ekkert greni á Íslandi og þar með ekkert búsvæði fyrir sitkalús. Það sama á við um grenisprotalús, sem er einnig evrópsk að uppruna og lifir þar á sprotum rauðgrenis.



4. mynd. Sprotar vaxa á ný þrátt fyrir að tréð hafi misst flestar nálarnar vegna sitkalúsar. Mynd: Edda S. Oddsdóttir





5. mynd. Trjávesspubú í lerkitré í Hallormsstaðaskógi. Mynd: Þór Þorfinnsson

Hún er stór, af blaðlúsum að vera, sennilega um 20 sinnum stærri en sitkalúsinn og fer því vel saman við risatréð sitkagreni. Á Íslandi virðist hún mun hrifnari af sitkagreni en rauðgreni, jafnvel þótt hún hafi síst meiri þekkingu á taxónómíu greniættkvíslarinnar en litla frænka hennar. Grenisprotalýs raða sér upp á milli nálanna á nýjum sprotum sitkagrenis og sjúga þar safu beint úr sprotanum án þess að sitkagrenið sýni nokkur viðbrögð. Sennilega er svipuð sprotalús í Ameríku sem sitkagrenið hefur komist að þróunarfræðilegu samkomulagi við. Ég geri ráð fyrir að þekking sitkagrenis á taxónómíu sprotalúsa sé álíka og þekking sprotalúsa á taxónómíu grenis.

Blaðlýs lifa á sykrum úr safu plantna en oftast er sykurrinn meiri en lýsnar þurfa á að halda og þær skila stórum hluta hans

úr sér í driti sínu. Drit blaðlúsa er þykkur gulleitur vökvi sem kallast hunangsdögg. Hún er vissulega sæt, ég hef smakkað hana. Hunangsdögginn er svo þykk og klístruð að hún safnast upp á afturenda lúsarinnar. Þegar dropinn er orðinn óþægilega stór rykkist lúsinn til og fleygir hunangsdögginni út í loftið. Oftast lenda droparnir á greninálum og valda því að þær verða klístraðar.

### Ný vespa

Fyrir löngu sá ég heimildarmynd þar sem því var lýst hvernig maurar söfnuðu hunangsdögg af blaðlúsum og báru dropana niður í maurabúfuna til að gefa lirlfunum. Það var sagt vera dæmi um samvinnu þar sem maurarnir fengu fæðu og á móti verðu þeir lýsnar fyrir rándýrum. Ekki sel ég það dýrara en ég keypti það.



6. mynd. Skammt er í að auðnutittlingsungarnir í þessu hreiðri í sitkagrenitré verði fleygir. Mynd: Örn Óskarsson

Ekki eru heldur maurar á Íslandi þannig að þetta fyrirbæri var óþekkt hér. Vespur (geitungar) eru skyldar maurum og um margt líkar. Þær voru ekki heldur til á Íslandi fyrr en eftir 1970.<sup>2</sup> Nú finnast hér hins vegar fjórar geitungategundir og er trjávespan sennilega algengust, ekki síst í ræktuðum skógum landsins (mynd 5). Trjávespan er alæta. Hún veiðir önnur skordýr, fær sér hunang úr blómum og tekur þátt í frævun þeirra í leiðinni, og hún hirðir hunangsdöggr frá grenisprotalúsum. Ég uppgötvaði það einn góðan veðurdag þegar ég var að slá lóðina mína.

Vespur eru velkomnar í garðinum mínum. Þær eru meira að segja velkomnar á sólpallinn, arinviðarskýlið og garðskúrinn, sem þær naga til að ná

sér í hráefni til smíði á sínum gullfallegu pappírshúsum. Vespur eru meðal þeirra dýra sem eru flinkari í húsbyggingarlist en maðurinn. Á kyrrum dögum má heyra vespurnar kjamsa á viðnum. Aftur að góða veðurdeginum: Sláttuvélin varð bensínlaus og af tilviljun var það í næsta nágrenni við stórt og mikið sitkagrenitré. Áður en ég náði í bensínið settist ég til að hvíla lúin bein í skugga trésins. Það suðaði. Vitandi að sitkagreni suðaði yfirleitt ekki fór ég að athuga hvað væri á seyði. Fyrst datt mér í hug að vespubú væri í trénu og ég hafði truflað þessar elskur með sláttuvélinni. Fljótlega áttaði ég mig þó á því að þetta var ekki þess konar suð. Hegðun vespa í varnarham og tilheyrandi suð er auðþekkj-anlegt og af því að ég hafði truflað vespur





7. mynd. Auðnutittlingur kannar fræmagn í sitkagrenikönglum. Mynd: Hrafn Óskarsson

áður þekkti ég það. Þetta var öðruvísi, allt í rólegheitum, jafnvel ánægjusuð. Svo datt mér í hug að þær væru e.t.v. að ná sér í trjávið með því að naga börk grenisins eða jafnvel að éta nálarnar til að ná einhverri næringu úr þeim. En nei, það reyndist ekki raunin. Vespurnar settust á nálarnar nýju sprotanna og skriðu síðan varlega niður á milli þeirra þar sem grenisprotalýs

voru búnar að gera sig heimakomnar. Vespurnar voru að ná sér í hunangsdögg af lúsunum og lýsnar virtust fyllilega sáttar við það.

### Ný heimkynni fugla

Skordýr eru ekki einu lífverurnar sem sjá sér hag í samskiptum við sitkagreni. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir okkar í gegnum



8. mynd. Karri búinn að helga sér óðal í sitkagreniskógi og gerir sig áberandi. Mynd: Hrafn Óskarsson

aldirnar til að eyða skógum landsins hafa þrjár tegundir skógarfugla lifað af. Enginn veit hversu mörgum var útrýmt því svo virðist sem enginn ritari sagna eða máldaga á öldum áður hafi verið fuglaáhuga- maður. Músarrindill, auðnutittlingur og skógarþröstur eru nátengdir birkiskógum og -kjarri. Músarrindlar gera sér gjarnan hreiður í hraungjótum eða undir bökkum

en auðnutittlingar og skógarþrestir velja helst tré eða runna.

Strax og sitkagreni hóf að vaxa í gördum og skógarreitum tóku allir þrír gömlu skógarfuglarnir því fagnandi eins og ekkert væri eðlilegra. Auðnutittlingar og skógarþrestir velja sitkagreni sérstak- lega til fyrra varps að vori umfram birki eða önnur lauftré, væntanlega vegna betra





9. mynd. Rjúpa í grenitré að vori. Mynd: Örn Óskarsson

skjóls bæði fyrir veðri og afræningjum (mynd 6).<sup>1</sup> Músarrindlar gera líka hreiður sín í grenitrjám en þau eru vel falin og því er erfitt að finna þau. Músarrindlar sjást oft í ætisleit í grenitrjám að vetrarlagi, leitandi að sitkalúsum á nálum og ýmsum kvikindum í felum undir barkarflögum. Auðnutittlingar tína fræ úr grenikönglum (mynd 7).<sup>1</sup> Sitkagrenið er því ekki einungis heimili heldur einnig forðabúr.

Rjúpan er skógarfugl a.m.k. hluta úr ári og lifir að miklu leyti á brumum birkis og fjalldrapa að vetrarlagi. Í ljós hefur komið að hún er ekki heldur góður taxónóm og hefur ekkert á móti því að nærast á brumum lerkis og grenis og sitja í grenitrjám þegar svo ber undir (myndir 8 og 9). Þá eru hrossagaukar og þúfutittlingar algengir í greniskógum þótt þeir séu ekki sérstaklega tengdir þeim.

Mariúerlan er ekki heldur sérstaklega tengd skógum. Hún velur gjarnan mannabústaði til varps, ekki síst sillur í hlöðum og öðrum útihúsum til sveita, þótt hún finnist einnig víðar. Ég smíðaði varpkassa handa mariúerlu og festi við garðskúrinn minn. Eftir nokkurra ára bið uppgötvaði mariúerlupar kassann og settist þar að til varps. Þau komu ár eftir ár í kassann þar til að þau ákváðu eitt vorið að gera hreiður sitt í sitkagrenitré við hlið garðskúrsins. Aðrir fuglaáhugamenn staðfesta að þeir hafi einnig séð mariúerlur hreiðra um sig í sitkagrenitrjám.<sup>8</sup> Svo virðist sem sitkagreni veiti nægilegt skjól til hreiðurgerðar að dómi mariúerlu. Þar með er komið nýtt búsvæði handa henni í landslagið og hver veit nema að aukin útbreiðsla sitkagrenis leiði til fjölgunar mariúerlu (mynd 10).



10. mynd. Maríuerlur eru farnar að verpa í sittkagrenitrjám í auknum mæli. Mynd: Örn Óskarsson

## Nýir fuglar

Flækingsfuglar berast til Íslands meira eða minna stöðugt. Enda fljúga þeir. Flestir eru farfuglar sem koma að haustlagi þegar stormar feykja þeim af áætlaðri leið sinni suður á bóginn frá norðanverðri Skandinavía. Oftast hvílast þeir í nokkra daga, fatta svo að þetta sé ekki staðurinn þar sem þeir ætluðu að eyða vetrinum og halda þá áfram förinni suður. Það kemur líka fyrir að staðfuglar taki sig upp og ferðist á milli landa í stórum hópum. Oft er það vegna fæðuskorts í heimkynnum þeirra að vetrarlagi. Ólíkt farfuglum hafa þeir ekki innbyggðan áttavita sem vísar norður-suður og því fljúga þeir bara eitthvað – stundum til Íslands.

Tvær slíkar fuglategundir hafa nýlega orðið öruggir varpfuglar á Íslandi, krossnefur og glókollur, auk þess sem svartþröstur hefur numið land í görðum í þéttbýli. Hann verpur gjarnan í grenitrjám. Krossnefir og glókollar eru hreinir skógar-

fuglar og verpa nær eingöngu í grenitrjám. Krossnefur lifir á fræjum barrtrjáa, sem hann finnur helst í sittkagreni-, stafafuru- og lerkikönglum. Honum fer hægt fjölgandi og sést af og til í barrskógum í flestum landshlutum (mynd 11).

Ég hef fengið að kynnast krossnefjum undanfarið eftir að ég fór að gefa sólblómafræ á fuglabakkanum utan við stofugluggann. Í mars 2019 birtist krossnefsfjölskylda í fyrsta sinn á bakkanum. Þetta var þar og þrír ungar. Ólíkt sumum tegundum er auðvelt að greina krossnefi eftir kyni og aldri. Fullorðnir karlfuglar eru dökkrauðir, kvenfuglar eru með gulgrænan gump og ungar eru gráir og rákóttir. Svo hverfa rákirnar en þeir eru áfram gráir í heilt ár. Krossnefir verpa líka um hávetur, eftir að hafa nærst vel á nýþroskuðum fræjum úr könglum haustsins. Þess vegna voru til þess að gera nýfleygir ungar í mars. Fjölskyldan skipti tíma sínum á milli fuglabakkans og





11. mynd. Krossnefir eru stórskemmtilegir fuglar í barrskógum Íslands. Mynd: Örn Óskarsson

furulundarins í Hjáleiguhrauni skammt frá húsinu á Höfða. Köll þeirra urðu kunnugleg og varla leið sá dagur að ég heyrði ekki í þeim eða sæi.

Í apríl heyrði ég svo fyrst ókunnugan fuglasöng (söngur er ekki það sama og kall). Eftirgrennslan leiddi í ljós að það var krossnefskarlinn uppi á toppi hæsta sitkagrenitrésins í garðinum. Þar söng hann meira eða minna stöðugt í nokkra daga en síðan leið lengra á milli söngtarna. Í maí voru rákirnar á ungum vetrarins farnar að dofna og því var greinilegt að rákótti unginn á bakkanum var nýr. Auk þess þurfti hann hjálp við að éta. Foreldrarnir átu sjálfir sólblómafræin fyrst og ældu síðan upp í ungann. Tveimur dögum seinna voru nýju ungarnir orðnir tveir og loks urðu þeir fjórir. Krossnefsfjölskyldan hélt hópinn fram eftir sumri og voru reglulegir

gestir á fuglabakkanum – parið, þrír eldri ungar og fjórir yngri ungar. Svo hurfu þeir í ágúst þegar könglar voru að ná þroska á barrtrjámum í skógunum á Héraði. Þeir birtust svo aftur í nóvember, allir níu. Nú bíð ég bara eftir því að karlinn fari að syngja aftur í grenitré.

Glókollur barst til landsins í stóru farflugi árið 1995. Hann var fljótur að uppgötva grenilundi á Austurlandi og lifði af fyrsta veturinn í Hallormsstaðaskógi. Þar fann hann eftirlætisfæðu sína, sitkalús, í talsverðum mæli á rauðgreni, sitkagreni og blágreni. Vorið eftir hafa sennilega allmörg pör orpið í skóginum og glókollar tóku að breiðast út um landið. Nú finnast þeir í skóglendi um allt land (mynd 12). Þeir sjást oft í skógum annarra tegunda en kjósa helst greniskóga. Eftir komu þeirra hefur verulega dregið úr slæmum tilfellum



12. mynd. Glókollur í sitkagreni. Hann er orðinn einn algengasti skógarfuglinn á landinu. Mynd: Örn Óskarsson

nálafalls af völdum sitkalúsar á sitkagreni víðast hvar á landinu, nema helst við Miklubraut í Reykjavík.

Fyrir okkur sem eigum oft erindi í skóga landsins og getum heyrt hátíðnitist þeirra er glókollurinn orðinn einn algengasti skógarfuglinn. Það eru þó ekki allir sem heyra svo háa tíðni og fyrir þeim hefur lítið breyst í skógunum. Glókollar sjást nefnilega mun sjaldnar en þeir heyrast. Þeir eru oft hátt í trjánum og það oftast í grenitrjám, auk þess að vera agnarsmáir. Þeir eru dásamleg viðbót við fuglafánu landsins þrátt fyrir að vera að mestu ósýnilegir. En glókollur er forvitinn fugl ef hann heyrir tíst annarra glókolla. Ef fólk langar að sjá þessa litlu fugla betur má hlaða niður glókollahljóðum af vefnum, til dæmis af [xeno-canto.org](http://xeno-canto.org), spila hljóðin á símann sinn úti í skógi þar sem von er á glókollum og bíða átekta. Ekki er ólíklegt að fljótlega fari að skjótask glókollar og þeir setjast jafnvel á greinar fáeina metra frá manni. Ef

síminn er settur á grein í trénu er líklegt að fuglarnir komi alveg að honum. Sama leik má leika við auðnutittling, músarrindil og fleiri smáfugla.

Auk þeirra fugla sem hér hafa verið nefndir eru fleiri tegundir sem hafa orpið af og til eða eru að nema land hérlandis. Af þeim sjást barrfinka (mynd 13), gransöngvari og eyrugla (mynd 14) gjarnan í sitkagrenilundum. Sitkagreniskógar eru ný heimkynni bæði gamalla og nýrra fuglategunda. Á móti leiðir gróðursetning skóga (óháð trjategund) á berangri til þess að fuglategundir sem opið land velja verpa þar ekki lengur. Það eru t.d. lóa og spói. Hlutföll skóglendis og opins lands eru hins vegar slík hér á landi og nýræktun skóga svo hæg að stofnum mófugla stafar engin hætta af skógrækt í fyrirsjáanlegri framtíð.

### Ný heimkynni svepps

Kóngssveppur þykir einn sá besti af íslenskum matsveppum. Hann er gjarnan





13. mynd. Barrfinkur hafa orpið óreglulega á Íslandi en gætu numið land á komandi árum. Mynd: Örn Óskarsson

tengdur við birkiskóga, enda myndar hann svepprætur á birkitegundum. Ég hef aldrei fundið hann í birkiskógi og aðeins einu sinni í fjalldrapamáa. Hann er einna best þekktur fyrir að vera frekar sjaldgæfur hérlandis. Sennilega eru sveppaldin kóngssvepps sjaldgæfari en sjálf tegundin. Þar á ég við að aldinin eru stór og massamikil og safna þarf saman talsverðri orku til að mynda þau. Hægvaxta birki og fjalldrapi virðast sjaldnast veita svepprótum sínum næga orku á einu sumri til að hægt sé að mynda hin stóru aldin kóngssvepps þó svo að svepptegundin kunni að vera til staðar meðal svepprótarsveppanna á rótunum. Það má einnig vera að frændi kóngssveppsins, kúalubbi, sem virðist eingöngu tengdur birkitegundum, keppi við kóngssveppinn um næringu frá rótum trjána og hafi betur.

Flestar trjátegundir geta myndað svepprótarsambönd með nokkrum tegundum sveppa, sumar með mörgum.

Það á t.d. við um bæði birki og greni. Svepptegundir eru líka missérhæfðar á þær trjátegundir sem þær mynda svepprót með. Kúalubbi, lerkisveppur og furusveppur eru tiltölulega sérhæfðir og bundnir við birki-, lerki- og furuættkvíslirnar. Kóngssveppur er það ekki og hefur t.d. ekkert á móti því að komast í samband við rætur sitkagrenis (mynd 15). Ólíkt birki og fjalldrapa hefur sitkagreni mikinn vaxtarþrótt og næga aukaorku til þess að kóngssveppur á rótum þess geti myndað sveppaldin í flestum árum. Sitkagreniskógar hafa á undanförunum árum orðið vinsælir til sveppatínslu, ekki síst út af voninni á að finna kóngssvepp, sem er að reynast algengari á Íslandi en menn héldu.<sup>3</sup> Eða hugsanlega er hann orðinn algengari vegna komu sitkagrenis.

### Ný heimkynni burkna

Burknar eru almennt sjaldséðir á Íslandi samanborið við mörg önnur lönd. Það



14. mynd. Eyrugla þekkist varla frá branduglu nema þegar hún situr og sperrir „eyrun“. Hún er því sennilega algengari varpfugl í grenilundum en við höldum. Mynd: Örn Óskarsson

vantar ekki að á Íslandi séu allmargar tegundir burkna en hver þeirra er takmörkuð að útbreiðslu eða hreinlega sjaldgæf. Það vantar ekki heldur að hér séu til stórir burknar sem væru áberandi í gróðrinum ef þeir væru algengari. Má þar nefna stóraburkna, fjöllaufung, dílaburkna og þúsundblaðarós (mynd 16) sem vaxa mest í hraungjótum og snjóðældum á snjóþyngstu stöðum landsins. Sá algengasti er tófugras, lítill burkni sem er óvenju harðger og vex gjarnan í klettaveggjum.

Fyrir utan tófugras virðast burkna-tegundir ekki þola við á því landi sem Ísland hefur helst upp á að bjóða – berangri. Sumir, eins og skjaldburkni og skollakambur, eru sigrænir og því háðir mjög góðu skjóli eða snjóþekju að vetrarlagi. Aðrir eru sumargrænir en virðast samt þurfa vetrarskjól.

Víða um heim eru burknar hvað algengastir sem skógarbotnsplöntur og satt

að segja sakna ég þess að sjá meira af burknum í íslenskum skógum. Þeir sem maður sér helst í birkiskógum eru þrílaufungur og þríhyrnuburkni, báðir fremur litlir og sjaldséðir. Í birkiskógum landsins eru burknar ekki meðal einkennandi plantna og sjaldnast til staðar enda skógarnir flestir lágvaxið kjarr og veita því lítið vetrarskjól. Auk þess kemst mikil birta niður í skógarbotninn og ljóselskari plöntur en burknar ná því yfirleitt að verða ríkjandi.

Í skógrækt eru tré yfirleitt gróðursett svo þétt að þau ná að þekja landið vel. Þegar um sigræn tré er að ræða þýðir það að þau skyggja út nánast allan þann gróður sem fyrir var á svæðinu, enda yfirleitt berangursgróður sem er ekki skuggþolinn. Þegar síðan skógarnir eru grisjaðir eða stök tré falla í hvassviðri eykst birta í skógarbotninum og ýmsar plöntutegundir geta numið land. Það eru þó sjaldnast þær sömu





15. mynd. Kóngssveppur í Arnþórslundi, eina sitkagrenilundinum í Vagaskógi. Meiri von er til þess að finna kóngssvepp með greni en með birki. Mynd: Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir

og voru á staðnum áður en skógurinn kom. Þrátt fyrir allt eru þó all margar skuggþolnar plöntur í flórinni, þar á meðal burknar. Útskygging fyrri gróðurs skapar pláss fyrir skuggþolnar plöntur en þær þurfa að vísu að berast í skóginn, oft um langar leiðir. Það er því ekki líklegt að þær komi allar strax og tækifæri gefst. Þær sem berast með fuglum koma fyrst, t.d. hrútaber, jarðarber og reyniviður (mynd 17).

Skuggþolnar plöntur eru þó hægt og bítandi að nema land í ræktuðum skógum landsins eftir því sem þeir eldast. Ég hef fundið þrílaufung (mynd 18), þríhyrnuburkna og þúsundblaðarós í eldri sitkagreniskógum og þeim tilfellum á bara eftir að fjölga. Þroskaðir sitkagreniskógar verða búsvæði margra plöntutegunda

þegar fram líða stundir og sums staðar eiga burknastóð eftir að verða áberandi.

## Ný búsvæði

Með gróðursetningu sitkagrenis er ekki verið að „Alaskavæða“ Ísland eins og sumir hafa komist að orði. Þau vistkerfi sem verða til eru ný og nýstárleg. Þau eru ekki eins og önnur sem áður hafa verið til hérlendis eða annars staðar í heiminum. Þegar gróðursett er til skógar, hvort sem það er með sitkagreni, birki eða öðrum trjátegundum, verða breytingar á nærumhverfinu. Þær breytingar henta sumum lífverum vel en öðrum síður. Þær hafa einnig áhrif á aðra umhverfisþætti og félagslega og hagræna þætti landnotkunar. Okkur getur fundist þær breytingar vera góðar eða slæmar eða hvort tveggja í senn. Þó ber að varast að hlaða allt of miklum mannlegum gildum á breytingarnar. Til dæmis er allt tal um rétt eða réttlæti í þeim efnum langsótt sem og vangaveltur um hvað „eigi heima“ og hvað ekki eða hvort eitthvað „falli að landslagi“, hvað sem það þýðir. Að lóa hafi á einhvern hátt öðlast „meiri rétt“ eða „eigi frekar heima“ á tilteknum stað en glókollur fyrir það að hafa verið þar áður eða lengur er algjörlega handahófskenndur og gildishlaðinn tilbúningur mannanna og síður en svo nokkurt náttúrulögmál. Vissulega þarf að huga að vernd íslensku löunnar, en ekkert frekar en að vernd íslenska glókollsins eða íslenska sitkagrenisins.

Náttúrulögmál eru ekki einu sinni lögmál. Þau eru bara ályktanir dregnar af endurteknum athugunum á gangi náttúrunnar. Það er miklu frekar náttúrulögmál að vel aðlöguð tegund, t.d. sitkagreni, „eigi heima“ á tilteknum stað, t.d. Íslandi, en verr aðlöguð tegund sem hefur verið þar lengur, t.d. blæösp. Aðlögun tegundar að búsvæði hefur nefnilega ekkert að gera með lengd þess tíma sem hún hefur verið á staðnum. Aðlögun samanstendur af mælanlegum eiginleikum sem hafa að gera með vöxt, þrif og fjölgun. Það er alllangt



16. mynd. Burkinn þúsundblaðarós ásamt aðalbláberjalyngi líður vel undir sitkagreni í Skarðdal við Siglufjörð. Mynd: ÞE



17. mynd. Reyniviður myndar hluta botngróðurs í sextugum sitkagreniskógi á Kirkjubæjarklaustri ásamt hrútaberjum, rífsi, mjadjurt o.fl. tegundum. Mynd: ÞE





18. mynd. Prílaufungur undir sitkagreni í Svartagilshvamm í Haukadal. Mynd: PE

síðan fræðimenn áttuðu sig á því að umhverfisbreytingar geti verið hraðar, oft mun hraðari en þróunarferlar lífvera. Það er miklu frekar náttúrulögmál að lífverur

þurfi að færa sig á milli staða en að þær geti átt heima á sama stað kynslóð eftir kynslóð. Og það gera þær allar á einn eða annan hátt.



19. mynd. Fallegur og lífríkur sitkagreniskógur í Svartagilshvamm í Haukadal. Mynd: PE

Sitkagreni er kærkomin viðbót í flórana, rétt eins og aðrar trjátegundir í okkar skóglitla og tegundafátæka landi (mynd 19). Nýju heimkynnin sem sitkagreni skapar í sínum nýju heimkynnum er ekki síður kærkomin viðbót í líffjölbreytni Íslands, búsvæði sem henta bæði gömlum tegundum og nýjum landnemunum: Nýstárleg vistkerfi, sérstök og einstök og þess virði að rannsaka, vernda, nýta og njóta. Eftir þúsund ár mun fólk upplifa sitkagrenitré sem nú þegar eru farin að vaxa á Íslandi og fyllast við það bjartsýni um framtíðina.

### Pakkarorð

Þau Pétur Halldórsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Hreinn Óskarsson, Edda

S. Oddsdóttir, Brynja Hrafnkelsdóttir, Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir, Örn Óskarsson, Guðmundur Halldórsson og Þór Þorfinnsson fá innilegar þakkir fyrir yfirlestur, athugasemdir, spjall og myndir.

### Heimildir

1. Einar Ó. Þorleifsson og Jóhann Óli Hilmarsson. 2002. Íslenskir skógarfuglar. Skógræktarritið 2002 (1): 67-76.
2. Erling Ólafsson, Anette Meier og Lovisa G. Ásbjörnsdóttir. 2008. Geitungar á Íslandi. Námsgagnastofnun, Reykjavík. 26 bls.
3. Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir. 2020. Skriflegar upplýsingar.
4. Hákon Bjarnason. 1939. Framkvæmdir Skógræktar Ríkisins árið 1938. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1939: 73-82.
5. Hákon Bjarnason. 1970. Um sitkagreni. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1970: 15-21.
6. Jón Gunnar Ottósson. 1985. Sitkalús (*Elatobium abietinum* Walker). Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1985: 8-16.
7. Sigurður Blöndal. 2004. Innfluttu skógartrén 1: Sitkagreni (*Picea sitchensis* (Bong) Carr.). Skógræktarritið 2004 (1): 10-30.
8. Örn Óskarsson. 2020. Skriflegar upplýsingar.

Höfundur: ÞRÖSTUR EYSTEINSSON



**HVAMMSHÓLAR**

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA  
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA  
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:  
HÓTEL  
HEILSÁRSHÚS  
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAÐSTAFUR +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS



Eftirtaldir aðilar sem kolefnisjafna starfsemi sína hjá  
Kolviði, óska Skógræktarfélagi Íslands  
allra heilla á 90 ára afmælinu





*Drottningin með hirð sína.*

## Suðandi hamingja og sól í krukku

Sem skógarbóndi í Biskupstungum í rúm 30 ár þá hefur öll ræktun verið mér hugleikin og skógarnytjar ekki síður. Ein af skógarnytjum út um allan heim er það sem býflugur framleiða; vax, frjóðeig (*pollen*), hunang og troðkítta (*proplis*). Auðvitað þurfti ég að skoða þetta og lét drauminn rætast en vorið 2012 fékk ég mínar fyrstu býflugur.

Ég fór á námskeið eftir áramótin 2012 hjá Bý (Býflugnaræktendafélagi Íslands - [www.byflugur.is](http://www.byflugur.is)) en það er skilyrði að fara á námskeið og standast próf til að fá býflugur. Í beinu framhaldi af námskeiðinu gerði ég stórinna kaup á öllum þeim græjum sem tilheyra býflugnarækt og pantaði síðan tvö bú af flugum eins og það er kallað.

Undirbúningurinn fyrir komu flugnanna var nokkur: Ég málaði býflugnakúpurnar í fallegum litum en þær eru úr frauðplasti og þurfa því vernd fyrir sól. Ég keypti ósamsetta ramma til að setja inn í frauðkassana og setti saman rúmlega 600 ramma. Það dugar í þrjár hæðir fyrir tvö bú. Síðan setti ég vaxplötur í hvern ramma þar sem flugurnar áttu að verpa, safna hunangi og gera allt sem þær gera venjulega. Það þurfti líka að velja góðan stað fyrir flugurnar að búa á, gæta þess að hallartröppurnar (inngangurinn) snéru í suður og sól skini á búin frá morgni til kvölds. Eins þarf gott skjól frá öllum áttum. Undirstöður undir búin þurfa að vera traustar og flugurnar vilja að búin halli sem minnst. Að lokum var að koma fyrir botni,





*Allir þurfa vatn.*

kassa, fóðurtrogi og loki á sinn stað áður en flugurnar kæmu.

Svo var það tékklistinn: Galli, hanskar, stígvél, ósari, brenni, eldspýtur, skafa, frjódeig, sykurlögur og fleira.

Býflugur á Íslandi nefnast Buckfast og eru fluttar inn af Bý og koma frá Álandseyjum. Álandseyjar eru einn af fáum stöðum í heiminum sem eru með ósýktar og heilbrigðar flugur. Við erum svo ótrúlega heppin að geta keypt flugur þaðan en þangað fer hópur af frábæru fólki eina ferð að vori til að safna saman flugum, pakka þeim í kassa, undirbúa fyrir flug og koma þeim heilum heim. Vorið 2019 komu rúmlega 70 býflugnabú til landsins.

Ég verð að viðurkenna að ég var frekar stressuð þegar ég keyrði frá Kópavogi þar sem flugurnar voru afhentar með tvo kassa fulla af suðandi flugum. Ég var í raun ekki viss um hvað ég hafði komið mér út í og að koma flugunum úr kassanum í býflugnabúið var alveg yfirþyrmandi en það tókst.

Síðan kynntist ég þessum elskum og eftir það varð lífið að suðandi hamingju.

## Að vera býfluga

Að vera býfluga er harður heimur en alveg töfrandi að fylgjast með. Munurinn á býflugum, humlum og geitungum er sá



*Fífillinn er mikilvægur.*

að býflugurnar safna sér vetrarforða en humlur og geitungar lifa fyrir daginn í dag. Flugurnar eru líka mjög kröfuharðar enda eru þetta villt dýr og hika ekki við að stinga af ef þeim finnst vistin ekki góð.

Býflugur eru: skipulagðar, hreinlátar, duglegar, útsjónarsamar, afkastamiklar, umhyggjusamar, verkfræðingar, landkönnuðir, áræðnar, kröfuharðar, lausnamiðaðar og svona mætti lengi telja. Já og þær eru ómissandi í fæðukeðjunni okkar, án þeirra væri heimurinn frekar grár.

Þær hafa sem sagt alla þá eiginleika sem mig dreymir um að hafa og þó það væri ekki nema brotabrot þá væri ég himinsæl. Í mínum rússíbanahuga eru þær fullkomnar með fullkomið samfélag þar sem allt gengur upp og ef það gengur ekki alveg eins og áætlað er þá leysa þær málin og ekkert vesen.

Ég ætlaði upphaflega að vera með tvö bú en það er svo yndislegt að rækta þannig að þau hafa flest orðið tíu en síðastliðið haust vetraði ég sjö bú og það er alveg ágæt tala til að hugsa um. Nú er bara að vona að þær lifi veturinn af og verði suðandi kátar þegar vorið kemur.

Þegar býflugurnar vakna af vetrardvala í mars-apríl þá byrja þær á skítaflugi. Þær skíta nefnilega ekkert yfir veturinn og þeim er verulega mál þegar vorið kemur. Þá hendast þær út, allar í einni kös og nánasta umhverfi verður doppótt með öllum blæbrigðum af gulum upp í brúnan lit. Eftir



*Egg og lirfur.*

losunina fara þær að henda út dauðum flugum sem hafa ekki lifað af veturinn, snyrta og taka til. Þær fara líka í könnunarflug til að athuga hvort að einhver tré, runnar eða blóm séu farin að blómstra.

### **Í býflugnabúinu**

**DROTTNINGIN** fer að verpa um vorið og þá eingöngu frjóum eggjum sem verða að þernum (kvk) en þegar að líður að sumri þá verpa þær einnig ófrjóum eggjum sem verða að druntum (kk).

**ÞERNURNAR** sjá um allt: þær þjóna drottningunni, sjá um ungviðið, þrífa og byggja, halda utan um frjókorns- og hunangsforðann, verja búið, leita uppi hunangslög (nektar) og frjókorn og bera heim í búið og gefa druntunum að éta.

Þessar litlu dömur eru alveg ótrúlega iðnar, byrja snemma á morgnana og vinna fram á kvöld.

Á góðum degi geta þær heimsótt um 2000 blóm og sumarstarf einnar býflugugetur orðið 1/12 úr teskeið af dásamlegu hunangi. Það er misjafnt hvað hvert bú getur gefið. Annað sumarið sem ég var með búin mín tvö gaf annað búið 6 kg af hunangi en hitt 36 kg af hunangi. Þetta fer alveg eftir stærð búa og krafti.

**DRUNTARNIR** gera ekki neitt, þeirra hlutverk er að hitta fallegar prinsessur og skemmta sér með þeim. Þeir eru algerlega bjargarlausir og myndu ekki lifa af ef að



*Frjósemisgeymsla.*





*Fullt bú af flugum.*


Þernurnar myndu ekki annast þá, þrífa og gefa þeim að éta. Þegar ný drottning klekst út þá fer hún í svokallað mökunarflug, flýgur út í góða veðrið en hún er frekar vandlát, vill helst 20°C, logn og sól. Hún hittir eins marga drunta og hún getur og þeir heppnu fá á broddinn en láta lífið við mökun en vonandi í sæluvímu. Þegar daman hefur fengið nóg fer hún inn í höll sína og lifir þar sæl með sínum þegnum full af sæði frá góðum druntum.

Í byrjun ágúst fara býflugurnar að huga að vetrinum og safna vetrarforða og þá er druntunum ofaukið. Þernurnar skella bókstaflega í lás einn daginn og druntarnir sem fóru glaðir á kvennafar um morguninn koma þá heim að læstum dyrum um kvöldið og þar er engin miskunn. Þegar þeir reyna að troða sér inn fyrir vegg varnarþernanna þá er ráðist á þá og vængirnir jafnvel bitnir af þeim ef þeir gefa sig ekki. Þeir lifa ekki nóttina af fyrir utan býflugnabúin, kaldir, hraktir og skilja ekkert í systur sínum sem hafa það notalegt í hlýjunni.

Þernurnar halda síðan glaðar áfram verkum sínum í sínu kvennahúsi að safna vetrarforða og undirbúa vetrardvalann. Þegar kuldinn fer að hamla þeim um flug á haustin þá hnipra þær sig þétt saman utan um drottninguna sína og leggjast í hálfgerðan dvala. Þær láta samt vængina



*Hunang í ramma.*




*Pollen.*

titra smá til að halda hita á drottningunni og sjálfum sér.

Næsta vor þá byrja dömurnar á skítaflugi og þá má segja að vorið sé komið.

### **Annast um býflugur**

Á sumrin fer ég einu sinni í viku og tékka á búunum mínum. Ég kíkí reyndar á þau á hverjum degi enda eru þau bak við hús hjá mér þannig að ég á alltaf leið um. En einu sinni í viku, þegar það er gott veður og



*Viðirinn er fyrsta björg.*

helst ca. 15°C þá fer ég og skoða vel hvað er í gangi í hverju búi. Ég skrifa alltaf hjá mér athugasemdir þannig að það er auðvelt að muna hvað var um að vera fyrir viku og þá sé ég fljótt hvort að ekki sé allt í lagi. Tékklistinn er t.d.:



*Vinnuþernur.*





Vorið.

1. Eru egg, lirfur eða ungvíði - ef ekki þá er eitthvað að og drottningin væntanlega látin, löt eða komin í verkfall.
2. Finna drottninguna - ef hún finnst ekki þá er það í lagi ef það eru nýorpin egg, hún er þá væntanlega á staðnum þó að ég sjái hana ekki.
3. Eru drottningarhólf (drottningarhólfir eru stærstu hólfir, einskonar svíta og þar rækta flugurnar nýjar drottningar) - Já og ef að það eru komin egg í hólfir þá er búið kannski í svermhugleiðingum (hellingurinn af flugunum ætlað að stinga af og hefja nýtt líf á öðrum stað), drottningin látin, vegna plássleysis eða

einhver óánægja sem ég verð að finna út hver er.

4. Er nóg af fóðri í búinu, hunang og frjókorn - ef ekki þá þarf að gefa þessum elskum smá ábót.
5. Eru þær pirraðar eða argar - ef já, þá þarf að finna út hvers vegna.
6. Síðan hlusta ég eftir suðinu og huga að lyktinni, það er ótrúlegt hvað maður er fljótur að tengja lykt og hljóð í flugunum við það sem er í gangi í búunum.

Á veturna er ég eins lítið í kringum búa mín og ég kemst upp með þar sem allur umgangur getur valdið óþarfa stressi. Býflugur eru engin gæludýr, ef þeim líka ekki aðstæður þá stinga þær af og reyna að finna sér betri stað til að búa á.

Í raun eru býflugur í mjög slæmum málum, þær eru mjög viðkvæmar fyrir öllum eiturefnum og mengun. Það eru komnir upp sjúkdómar og óvæfur sem flugurnar ráða ekki við og nú er svo komið að það eru örfá svæði í heiminum þar sem til eru ósýktar flugur.

Býflugur eru alveg dásamlegar. Það eru margir Íslendingar sem eru mjög áhugasamir þegar ég segist vera með býflugur en líka margir sem hrylla. Erlendis þegar ég segist vera með býflugur á Íslandi þá er ég oftast spurð hvernig skógur ég er með fyrir þær enda eru þetta skógardýr.

Höfundur: AGNES GEIRDAL



# Ræktaðu allt árið!



## Autopot

Sjálfvirk vökvun  
Einfalt í uppsetningu  
Ekkert rafmagn  
Endalausir stækkunarmöguleikar



## Flora serían

Öflugur alhliða áburður  
Hentar jafnt fyrir vatnsrækt og mold



## Root!T

Byggir upp og eykur  
rótarvöxt.

Notað til forræktunar  
fyrir allar plöntur.



# Konur og skógrækt á Vopnafirði

Á Hellisheiði eystri, 20-30 km frá þorpinu á Vopnafirði, hafa fundist einstaka stórir og flottir steingervingar úr risatrjám sem uxu þar fyrir mörgum milljónum ára. Fyrir nokkrum árum fundust stórir birkidrumbar við skurðgröft í mýrlendi tilheyrandi Engihlíð í Hofsárdal. Vísbendingar eru um að skógur hafi vaxið í Vopnafirði en horfið síðan af margvíslegum ástæðum. Í Vopnafirðingasögu og Þorsteins sögu Stangarhöggs er skógi vaxinn Hofsárdalur sögusviðið.

Ef við lítum um hundrað ár aftur í tímann var lítið af trjám í Vopnafirði. Myndir frá þeim tíma sýna víðáttu, grasi vaxið land, stórskorna náttúru, hér og þar sést sauðfé á beit.

Um aldamótin 1900 voru í þorpinu, á Kolbeinstanga, sem er staðsett á sjávarbakka, hvorki tré né runnar sjáanlegir. Í sveitinni voru örfáir afgirtir garðar þar sem reyniviður og birki fékk að vaxa í friði ásamt rifsberjarunnum, skrautrunnum og blómum. Þetta óx hægt og bítandi, háð veðurfari sem hefur breyst mikið á undanförunum 100 árum. Í þá tíð var

veturinn oft langur, snjóþungur og með löngum frostköflum, sumrin stutt ef vorið kom seint eða haustið snemma.

Vopnafjörður var einangrað sjávarþorp og breytingar í umhverfinu gerðust hægt. Vopnafjörður var líka aðal verslunarstaður fyrir stóran hluta af sveitinni á Norðausturlandi og einnig heiðabændur sem fóru um langan veg til að selja afurðir sínar og versla.

Á Vopnafirði, eins og víðar, var það hlutverk kvenna að sjá um heimilið og flest annað heima við. Þær konur sem gátu brugðið sér af bæ eða jafnvel farið til útlanda höfðu tækifæri til að sjá garða með eigin augum; garða með trjám, runnum og skrautblómum. Sumar af þessum konum tóku af skarið. Þær tóku með sér heim fræ, græðlinga eða afleggjara og hófu ræktun heima hjá sér. Nokkur dæmi eru á Vopnafirði um gamla garða með trjám og runnum sem eru yfir 100 ára. Garðurinn í Ytri-Hlíð er meðal elstu garða í Vopnafirði (1. mynd) og rúmlega aldargamall. Á Bustarfelli var um svipað leytí einnig gróðursett í garð í afgirtum túnbletti innan við gamla bæinn.



1. mynd. Úr garðinum í Ytri-Hlíð. Mynd: Emil Sigurjónsson

*Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir frá Ytri-Hlíð*

Markviss skógrækt, garðyrkja og grænmetisræktun byrjaði í Vopnafirði þegar vakning innan skógræktar á Íslandi hófst rétt fyrir aldamótin 1900. Frumkvöðull skógræktar í Vopnafirði var mjög óvenjuleg kona, sem að mörgu leyti var langt á undan sinni samtið. Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir hét hún, fædd 28. febrúar 1891 á Bustarfelli í Vopnafirði. Með henni hófst skógrækt í Vopnafirði (2. mynd).

Skógræktarsaga Vopnafjarðar hófst óformlega þegar Oddný kom heim eftir dvöl í Hússtjórnaskólanum í Reykjavík árið 1918. Í náminu bauðst tækifæri til að taka námskeið í skóg- og garðrækt í Gróðrarstöðinni í Reykjavík (Gróðrarstöð Einars Helgasonar við Laufásveg). Þar vaknaði áhugi fyrir ræktun hjá ungu konunni. Síðan fór hún til Noregs í þrjú ár og upplifði þar hvaða áhrif skógurinn hafði á nærumhverfið. Hún sá garða í fullum skrúða, grænmetisgarða þar sem hægt var að uppskera grænmeti til að bæta mataræði með og einnig sá hún fjölbreytta tegundir berjarunna og ávaxtatrjáa. Upplifun og þekking bæði frá námi og utanlandsferðinni hafði mikil áhrif á Oddnýju<sup>1</sup>. Þegar hún kom aftur heim á æskuheimilið bað hún pabba sinn um smá skika undir ræktun, sem hún fékk. Hér hófust fyrstu ræktunartilraunir hennar úr fræjum, græðlingum og hríslum sem hún hafði með sér heim eða tók úr Bustarfellsskógi, sem er náttúrulegur birkiskógur innst í Hofsárdalnum.

Oddný giftist Friðriki Sigurjónssyni frá Ytri-Hlíð í Vesturárdal árið 1924. Þar fékk hún bóndann sinn til að girða af spildu í kringum íbúðarhúsið, sem hún ætlaði í trjá- og garðrækt. Bændurnir í Vopnafirði áttu ekki til orð, voru yfir sig hneykslaðir yfir þessari heimsku; að láta konu fá hluta af besta túnblettinum til að rækta tré, sem allir vissu að aldrei myndu vaxa á Vopnafirði. En Friðrik stóð með konu sinni og Oddný



2. mynd. Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir, ung í Bustarfellsskógi. Mynd: Valgerður Friðriksdóttir

var óstöðvandi í ræktunarverkefninu. Á besta túnblettinum bjó hún til beð, sum fyrir forræktun á trjáplöntum, önnur fyrir grænmeti og einnig fyrir skrautblóm. Oddný var með brennandi ræktunaráhuga og las sér til um allt sem hún komst yfir um ræktunar- aðferðir, tegundir, kvæmi, grænmeti, skrautrunna og margt annað sem viðkom áhugamálinu hennar<sup>2</sup>. Hún hafði „græna finger“ og ræktunarstarfið bar árangur. Tré og gróður stækkaði og fjölskyldan hennar stækkaði einnig (3. mynd).

Börnin fimm ásamt vinnufólki á bænum lærðu fljótt að meta fjölbreytilegt mataræði með grænmeti nánast allt árið. Þegar gestir komu í heimsókn eða til að aðstoða Oddnýju með að taka til í garðinum fengu þeir oft afleggjara með sér heim í þakklætisskyni.

Til að byrja með voru afleggjarar frá Oddnýju gróðursettir hjá vinafólki í sveitinni eða á Kolbeinstanga en það gekk misvel. Mörg tré hurfu jafnóðum ef ekki var girt af. Það kom líka fyrir að blóm og runnar hurfu þrátt fyrir góðar girðingar.





3. mynd. Oddný og Friðrik í garðinum í Ytri-Hlíð.  
Mynd: Valgerður Friðriksdóttir

Garð- og trjáræktun var almennt erfið vegna lausagöngu búfjár en breyttist mikið til hins betra þegar þorpið var afgirt um 1980 og það loksins orðið fjárlaust og voru þá beitarskemmdir á gróðri af völdum búfjár úr sögunni. Það gerðist stundum (þó ekki á Vopnafirði) þegar bændur voru að reka fé í kaupstað til slátrunar að þeir þurftu stað fyrir féð yfir nóttina, þá ráku þeir féð inn í garða sem voru vel afgirtir og með gott og ríkulegt fóður við lítinn fögnuð garðeigenda.

Oddný var mjög virk í félagslífinu á Vopnafirði. Í kvenfélaginu notaði hún tækifærið til að dreifa kunnáttu sinni ásamt fræjum, græðlingum og plöntum til áhugasamra kvenna í félaginu.<sup>1</sup> Oddný stofnaði líka fyrsta skógræktarfélagið í Vopnafirði þar sem hún með miklum áhuga og metnaði kenndi yngri kynslóðinni að rækta og gróðursetja.<sup>1,4</sup> Í þeim hópi var meðal annars ein stelpa sem tók upp gróðursetningu og skógrækt af mikilli elju, Una Guðrún Einarsdóttir, sem fæddist á Hámundastöðum í Vopnafirði og ólst þar upp.

Í landi Torfastaða þar sem var grunnskóli fyrir sveitabörn fékk Oddný

tveggja hektara afgirt svæði og hóf þar ræktun með aðstoð skólabarnanna. Plönturnar ræktaði hún sjálf heima í garðinum í Ytri-Hlíð eða fékk þær frá þáverandi skógræktarstjóra, Sigurði Blöndal á Hallormsstað, en hann var mikill vinur og addáandi Oddnýjar.<sup>6,7</sup>

Ræktunarstarfið í lundinum við Torfastaðaskóla gekk brösuglega fyrstu árin. Landið var nálægt sjó, blautt og kalt flatlendi í Vesturárdal og mikið var um plöntudauða og frostskemmdir fyrstu árin og erfitt reyndist að halda fénu frá reitnum.<sup>4</sup> Skólabörn frá Torfastaðaskóla, sem hún fékk til að gróðursetja, höfðu mismikinn skilning og áhuga fyrir verkefninu en Oddný gafst ekki upp, trén ekki heldur. Ár eftir ár var gróðursett í Torfastaðalundinn og smám saman, eftir því sem árin liðu, dafnaði skógarlundurinn með fjölbreyttum trjátegundum, rjóðrum og stígum. Skógarreitinn hafði Oddný í huga sínum hannað og skipulagt sem kennslureit fyrir börn og fullorðna, og skjólsælt útivistarsvæði fyrir aðra. Lundurinn var seinna nefndur henni til heiðurs – Oddnýjarlundur (4. mynd).

Oddný tók á móti fjölda gesta, skógræktarfélögum og ræktunarfólki sem kom alls staðar að til að skoða garðinn í Ytri-Hlíð sem lengi vel taldist til elstu og merkilegustu garða hérlendis.<sup>1</sup> Oddný lést 20. apríl 1983, 93 ára. Hún skildi eftir sig einstakt og merkilegt lífsverk sem stendur enn. Hún gerði það sem margir af hennar samtíð töldu óraunhæft, ógerlegt og óþarft. Hún sýndi fram á að það væri hægt að rækta kona tré í Vopnafirði – jafnvel að rækta skóg þrátt fyrir staðsetningu, veðurfar, sauðfé og annað sem hamlaði því. Oddnýju var veitt Fálkaorðan fyrir skógræktarstarf sitt 1966.<sup>4</sup>

## Önnur kona tekur við keflinu

Þegar Oddný, sem áður er getið, sökum aldurs fór að hægja á sér kom önnur kona og tók við keflinu; Una Guðrún Einarsdóttir, fædd 18. ágúst árið 1930, á



4. mynd. Oddný (til hægri) í skemmtiferð með nemendum úr Torfastaðaskóla. Mynd: Valgerður Friðriksdóttir

Hámundarstöðum í Vopnafirði. Hún hafði frá 16 ára aldri hjálpað Oddnýju í garðinum í Ytri-Hlíð og fengið mikinn áhuga á trjárækt og gróðursetningu (5. mynd).

Una giftist árið 1953 Sigmundi Davíðssyni og þau byggðu húsið „Lund“ á Kolbeinstanga. Þau eignuðust þar fimm börn. Lóðin í kringum húsið var girt af og Una fór fljótt að rækta hana upp. Smám saman var komin fallegur trjá- og blómagarður ásamt fjölbreyttu ræktunarstarfi á trjáplöntum og runnum.<sup>5</sup>

Svæðið í kringum þorpið var aðallega klettur og nauðbeittir melar og Una sá að þar var verk að vinna við að græða landið með lúpínu og koma upp trjágróðri til að mynda skjól í þessu vindasama sjávarþorpi. Um 1980 var þorpið girt af og stuttu eftir það hóf Una, með samþykki sveitarfélagsins, ræktun á útivistarsvæði í Hraununum fyrir ofan þorpið. Plönturnar ræktaði hún sjálf eða keypti frá gróðrarstöðinni í Hallormsstað og síðar í Barra á Egilsstöðum. Á hverju ári fór hún ein, eða með börnum sínum, og gróðursetti í dældum og lægðum meðfram hrauninu, inn eftir meðfram klettabeltinu eða fyrir ofan þorpið.<sup>5</sup> Einnig gróðursettu kvenfélagskonur þar plöntur á svipuðum slóðum. Lengi vel sáust ekki verk þeirra því vaxtarskilyrði á þeim slóðum eru



5. mynd. Una Guðrún Einarsdóttir. Mynd: Myndagrúsk

erfið fyrir ungar plöntur beint á móti sjó. En í dag, tæpum 40 árum síðar, leyna trén hennar Unu sér ekki. Sum eru tvíeða margtoppa og standa önnur mjög þétt en þau lifa, stækka frá ári til árs og mynda fjölbreytt útivistarsvæði ofan við kaupsstaðinn, með skemmtilegum göngustígum og mögnuðu útsýni.

Eftir að Sigmundur eigenmaður Unu dó fluttist hún til Breiðdalsvíkur og hélt þar áfram að stunda áhugamálið sitt. Hún hitti þar fólk með svipaðan áhuga og mikil gróska var í skógræktarmálum þar sem og t.d. á Djúpavogi á þessu tímabili. Una var mikil ævintýrakona og hafði gaman af að ferðast og kynnast fólki og nýjum stöðum. Hún fór oft í ferðir erlendis á vegum Skógræktarfélags Íslands eða með fólki og góðum vinum sem hún þekkti innan skógargeirans til að skoða skóga, tína fræ og upplifa.<sup>3,5</sup>

Um svipað leyti var í grunnskólanum kennari, Guðrún Arnbjargardóttir, sem hafði brennandi áhuga á skógrækt og voru þær í nokkur ár saman um að gróður-



setja í kringum þorpið á Vopnafirði. Guðrún fór einnig með nemendur frá Vopnafjarðarskóla út í náttúruna til að kenna þeim náttúrufræði og um leið að gróðursetja. Þau fóru í nokkur ár ofan við klettabeltin í þorpinu og gróðursettu þar í nágrenni fótboltavallarins. Þau fóru einnig upp í Oddnýjarlund til gróðursetningar í lundinum, bera áburð á trén, leika sér og njóta náttúrunnar. Guðrún var á tímabili formaður skógræktarfélagsins í Vopnafirði og kom ýmsum gróðursetningarverkefnum af stað, meðal annars að gróðursetja á Þorbrandsstöðum eftir að Vopnafjarðarhreppur eignaðast landið árið 1993. Guðrún ýtti líka undir samstarf milli Skógræktarfélags Íslands og Vopnafjarðarhrepps (6. mynd).

## Skógræktar- og landgræðslufélagið Landbót

Skógræktarfélag Íslands og Vopnafjarðarhreppur gerðu 1993 samning um gróðursetningu á 10 hektara svæði utan við þorpið, kallað Hlíðarendi. Þetta var hannað sem landgræðsluskógur og útivistarsvæði fyrir þorpsbúa. Þar var fyrst gróðursett skjólbeltakerfi sem skjólmyndun fyrir trén sem komu á eftir. Að auki var gróðursettur lítill lundur að frumkvæði nokkurra áhugasamra heimamanna, „Svarðargrafalundurinn“. Á vegum skógræktarfélagsins voru einnig gróðursett tré inn með Nýpslóninu.

Það einkennir trjágróðurinn í og við þorpið á Vopnafirði að hann er mjög lengi að taka við sér. Það tekur 10-15 ár áður en hann gerir það og árangur fer að verða sjáanlegur.

Skógræktarfélag Vopnafjarðar lagðist af um 1985 en var síðan endurreist með nýju nafni og heitir nú Skógræktar- og landgræðslufélagið Landbót. Bræðurnir Ingólfur og Steindór Sveinsynir ásamt fleirum voru mjög virkir í félaginu árum saman meðal annars við uppgræðslu á heiðunum undir Mælifelli. Félagið hefur verið misvirkt undanfarin ár en alltaf



6. mynd. Guðrún Arnbjargardóttir. Mynd: Myndagrúsk

hefur verið gróðursett eitthvað og nokkur landgræðsluverkefni hafa verið í umsjón félagsins, meðal annars á heiðunum í kringum Mælifell.

Árið 2016 var kosin ný stjórn fyrir félagið og starfsemi þess lifnaði við á ný. Ýmis verkefni fóru af stað eins og aukin gróðursetning samkvæmt skógræktaráætluninni „Tangaskógur“ frá 2001 sem var skipulögð af Skógræktarfélagi Íslands (Einari Gunnarsyni), grisjun í Oddnýjarlundi með fjárhagslegum stuðningi frá Landbótasjóðnum og uppsetning á fræðsluskiltum með upplýsingum um allar tegundir trjáa sem eru í Oddnýjarlundi. Félagið tekur einnig þátt í árlegu verkefni aðildarféлага Skógræktarfélags Íslands „Líf í lundi“ og stendur fyrir sölu á jólatrjám (Mynd 7).

Áhugi á skógrækt er enn til staðar í Vopnafirði og mörg verkefni í gangi, ýmist á vegum skógræktarfélagsins eða einstaklinga. Margt hefur breyst síðan Oddný byrjaði að rækta og gróðursetja tré. Við erum nú smám saman farin að skilja af hverju við verðum að rækta skóga. Veðurfarsbreytingar, aukinn koltvísýringur í andrúmsloftinu og aukin eftirspurn eftir íslensku timbri hefur ef til vill breytt hugarfari fólks. Skógrækt er komin á dagskrá. Skógrækt er ein áhrifaríkasta leiðin til að binda kolefni, skógrækt sem landvernd, skógrækt sem auðlind og margt fleira. Oddný sá ekki fyrir sér hvernig heimurinn myndi breytast en hún sá fegurðina í trjámum og fann fyrir skjólinu og sá hvernig líffræðileg fjölbreytni jókst eftir því sem gróðurinn tók við sér. Það sama er hægt að segja um alla hina sem undanfarin 100 ár hafa tekið þátt í að



7. mynd. Leikskólabörn að sækja sér jólatré í Oddnýjarlundinn fyrir jólaball í Brekkubæ. Mynd: Else Möller

gróðursetja og bæta gróðurfar í Vopnafirði sem og annarsstaðar. Þau græddu ekkert á því en skildu eftir sig grænna, fjölbreyttara og skjólsælla umhverfi fyrir okkur sem búum í Vopnafirði í dag (8. mynd).

#### Heimildir

Greinin er byggð á viðtölum við Valgerði Friðriksdóttur, dóttur Oddnýjar og Friðriks, Sveinbjörn Sigmundsson, son Unu og Sigmundar og Guðrúnu Arnbjargardóttur, fyrrverandi kennara í Vopnafirði. Ásta Ólafsdóttir og Cathy Josephson hafa einnig tekið þátt í upplýsingaöflun.

1. Elín Methúsalemsdóttir. 1983. Minningargrein Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir. Íslendingaþættir Tímans, 25. tbl. 06.07.1983, bls. 3-4.
2. Guðbjörg Hjartardóttir. 1961. Oddný A. Methúsalemsdóttir, Ytri-Hlið í Vopnafirði. Tíminn, 26.02.1961, bls. 6, 10.
3. Guðjón Sveinsson. 2000. Skógrækt í Breiðdal. Laufblaðið, 2001 (1): 11.
4. Heimsókn í Vopnafjörð. Tíminn, 17.08.1966, bls. 9, 12.
5. Hermann Sigurbjörnsson o.fl. 2003. Minningargrein Una Guðrún Einarsdóttir. Morgunblaðið, 07.06.2003, bls. 38.
6. Sigurður Blöndal. 1960. Hugsað til Vopnafjarðar. Hlín, 42. árgangur. Bls. 102-107.
7. Sigurður Blöndal. 1983. Minningargrein Oddný Aðalbjörg Methúsalemsdóttir. Íslendingaþættir Tímans, 18. tbl. 18.05.1983, bls. 11-12.

Höfundur: ELSE MÖLLER



8. mynd. Trjárækt á Kolbeinstanga haustið 2019. Mynd: Else Möller





## HEIÐURSÁSKRIFENDUR SKÓGRÆKTARRITSINS

### Reykjavík

Faxaflóahafnir sf, Tryggvagötu 17  
Johan Rönning hf, Klettagörðum 25  
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11  
Moldarblandan - Gæðamold hf, Gylfa-  
flöt 20

### Hafnarfjörður

Terra, Berghellu 1

### Grindavík

Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

### Borgarnes

Skorradalshreppur, Grund

### Hellissandur

Snæfellsbær, Klettsbúð 4

### Búðardalur

Skógarbýlið Innra-Leiti, Innra-Leiti

### Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

### Egilsstaðir

Fljótisdalshérað, Lyngási 12

### Höfn í Hornafirði

Skinney - Þinganes hf, Krossey

### Selfoss

Bláskógabyggð, Aratungu, Reykholti

### Flúðir

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6

**KÄRCHER**

Háprýstidælur  
fyrir sumarhúsið  
og garðinn

Háprýstidiskur  
T 350/450

K2/K3

K4/K5

K7

**RAFVER**  
Umboð og þjónusta  
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐATÆKJUM FRÁ

**STIHL®**

Á FRÁBÆRU VERÐI



GARÐHEIMAR

UMBOÐSAGILI STIHL Á ÍSLANDI

540 3300 • [gardheimar.is](http://gardheimar.is)





*Horft frá Tíról-kastala yfir nálægar sveitir. Dæmigert landslag fyrir svæðið, með brattar skógi vaxnar hlíðar, epla- og vínviðarrækt í lægri hlíðum og þéttbýlið á flatlendinu. Mynd: RF*

# Skógarferð til Suður-Tíról

Skógræktarfélag Íslands hefur um áratuga-skeið skipulagt fræðsluferðir til hinna ýmsu landa til að kynna sér skóga, skógrækt, náttúru og menningu viðkomandi lands. Haustið 2019 var ferðinni heitið til Suður-Tíról, eða eins og sumir vilja kalla það, Norður-Ítalíu. Rúmlega 50 manns mættu til ferðar, undir hópstjórn Brynjólfs Jónssonar, frá Skógræktarfélagi Íslands og leiðsögn Maurizio Tani. Ferðin var farin dagana 25. september til 2. október. Flogið var til München og ekið með rútu yfir til Ítalíu. Gist var fyrstu þrjár næturnar í bænum Trento og seinni hluta ferðar í Brixen (eða Bressanone upp á ítölsku). Í ferðinni bar margt fróðlegt fyrir augu, bæði tengt skógum og náttúru og menningu, eins og lesa má um í eftirfarandi ferðasögu.

## Miðvikudagur 25. september

Fyrsti dagur ferðarinnar fór allur í að komast til fyrsta náttstaðar. Dagurinn var tekinn snemma með morgunflugi frá Keflavík til München, þar sem lent var um hádegðið. Þar tók bílstjórinn Josh á móti hópnum með rútu og var ekið, með

hressingarstoppum, gegnum smá sneið af Austurríki yfir til Ítalíu, þar sem rigning tók á móti hópnum og til bæjarins Trento, en þar var gist næstu þrjár nætur á Grand Hotel Trento hótelinu.

## Fimmtudagur 26. september

Þessi dagur var helgaður bænum Trento. Byrjað var á því að halda í gönguferð um gamla bæinn í Trento þar sem sjá má mikið af fallegum byggingum frá síð-miðöldum og endurreisnartímanum, sem er vel við haldið. Í gönguferðinni mátti meðal annars sjá glæsilega dómkirkjuna og leifar af borgarmúr bæjarins. Lokatakmark gönguferðarinnar var hins vegar Museo delle Scienze, náttúru- og vísindasafn bæjarins, en þar tók innlent skógarfólk, þau Caterina, Marco og Maria Cantiani, á móti hópnum, en Maria, sem er prófessor í skógarvistfræði við háskólann í Trento, hafði verið Skógræktarfélagi Íslands innan handar við skipulagningu ferðarinnar. Í erindum þeirra kom meðal annars fram að skógarþekja er mikil í S-Tíról, með um 2/3 hluta lands þakta skógi og ólíkt



Því sem er víðast hvar annars staðar á Ítalíu er meirihluti skóglendis í opinberri eigu. Sérstaka athygli Íslendinganna vakti líka að skógræktin þarna reiðir sig eingöngu á sjálfssáningu til endurnýjunar skóglenda og hafa ekki verið gróðursettar plöntur þarna í áratugi. Fyrir vikið hafa núverandi kynslóðir skógfræðinga þarna enga reynslu af slíkri iðju. Buðumst við Íslendingarnir til að kenna þeim það, enda með mikla reynslu af því að pota plöntum í jörðu! Reyndar háttar þannig til nú að skógræktendur þarna þurfa að huga að gróðursetningu, vegna þess hversu mikið af skógi féll í Vaia-storminum. Dagana 27. – 30. október 2018 fór Vaia stormurinn um N-Ítalíu, með vindhraða milli 50-60 m/s, sem er sjaldgæfur vindstyrkur á þessum slóðum, auk þess sem úrkoma sem fylgdi storminum fór upp í um 800 mm á

sumum svæðum (sem er svipað og meðal ársúrkoma í Reykjavík). Fóru skógar illa út úr veðrinu, en mikið stormfall varð. Alls féllu rúmlega 41 þúsund hektarar skógar, eða um 8,7 milljón m<sup>3</sup> viðar í storminum, sem er álíka magn og er fellt úr öllum skógum Ítalíu árlega.

Að fyrirlestrum um skógrækt loknum fengu ferðalangarnir leiðsögn um safnið, sem er bæði fjölbreytt og skemmtilega upp sett. Safnið er byggt upp í kringum fræðslu um Dólómíta-fjöllin og nágrenni þeirra, auk almennrar umhverfisfræðslu. Eftir safnið gafst svo aðeins frjáls tími sem ferðalangarnir nýttu hver eftir sínum áhuga – sumir héldu aftur í gamla bæinn til að skoða byggingar þar nánar, aðrir tóku kláf upp á Monte Bodone fjallið, en þar er mjög gott útsýni yfir Trento, eða bara heim á hótél til að hvíla sig og melta fróðleikinn frá safninu.

Síðdegis var svo komið að heimsókn í Buonconsiglio-kastalann. Byrjað var að byggja hann í byrjun 13. aldar og byggt við hann í gegnum aldirnar, þannig að innan hans má sjá byggingarstíla frá ýmsum tímum. Kastalinn var biskupasetur frá 14. öld fram til loka 18. aldar, en biskupar í Trentino voru einnig furstar, svo þetta var valdamiðja héraðsins. Kastalinn er þekktur fyrir vel varðveittar freskur, en þeirra frægastar eru freskur í Arnarturninum (Torre Aquila), sem sýna mánuði ársins.



*Ferðalangarnir hlýða á fyrirlestra um skóga og skógrækt á svæðinu í náttúrufræðisafninu í Trento. Hér er það Marco Ciolli, prófessor í hagnýtri vistfræði, sem fjallar um landslagsbreytingar í héraðinu undanfarna öld. Mynd: RF*





Horft yfir Trento frá Monte Bodone fjallinu. Náttúrufræðisafnið er við stóra græna svæðið hinu megin árinna (fyrir miðju myndar) og vinstra megin við það tekur svo gamli miðbærinn við. Mynd: RF



Freskur í „Arnarturninum“ (Torre Aquila) í Buonconsiglio-kastalanum, sem sýna mánuði ársins. Mynd: RF

Trento er höfuðborg sjálfstjórnarhéraðsins S-Tíról (Trentino upp á ítölsku) og með fjölmennari borgum Alpafjallanna, með tæplega 120.000 íbúa. Borgin á sér langa sögu, en rætur hennar liggja aftur til 4. aldar f.Kr, enda liggur hún á leið þeirra sem fara um Brenner-skarðið yfir Alpna. Fyrir vikið hafa ýmsir þjóðflokkar og þjóðir lagt borgina undir sig í gegnum aldirnar, til lengri eða skemmri tíma. Hún heyrði lengi vel undir hina austurrísku Habsborgara, en varð hluti Ítalíu eftir fyrri heimsstyrjöldina. Trento er miðstöð menntunar (með mjög góðan háskóla), vísinda og efnahags í N-Ítalíu, en S-Tíról er eitt best stæða svæði Ítalíu og skilar það sér m.a. í því að Trento þykir bjóða upp á ein bestu lífskjör ítalskra borga.

Deginum lauk svo með sameiginlegum kvöldverði á hótelinu.

## Föstudagur 27. september

Þennan dag var haldið til fjalla og skoðaðir skógar og sel. Byrjað var á aka til Paneveggio náttúrugarðsins, þar sem skógarvörðurinn Paolo Kovacs tók á móti hópnum og sagði frá svæðinu og verkefnum skógarvarða, sem eru ekki bara að huga að trjám, heldur sinna þeir líka umsjón með innviðum (vegum, brúm, byggingum). Vaia-stormurinn kom auðvitað mikið við sögu, enda áhrif hans mikil. Sem dæmi þá sagði Paolo að venjulega væru hoggnir um 11.000 m<sup>3</sup> á ári úr skógunum, en í Vaia-storminum hefðu fallið 190.000 m<sup>3</sup> á einum sólarhring. Þeirra biður því mikið hreinsunarstarf í skóginum.

Eitt af því sem skógurinn þarna er þekktur fyrir er framleiðsla viðar til hljóðfæragerðar, en Stradivarius sótti einmitt efnivið í hinar frægu fiðlur sínar þangað. Sýndi Paolo okkur viðarstæður sem ætlaðar voru til mögulegrar hljóðfæragerðar – merktar með „R“ fyrir „Risonanza“ eða hljómun – og snið fyrir hin ýmsu hljóðfæri. Þótt þetta sé ekki stór hluti viðarnytja (um 1% alls timburs er notað til hljóðfæragerðar) er þetta verðmætur hluti afurða skógarins.



*Á göngu um skóga Paneveggio. Í fjarska má sjá eyður í skóginum þar sem varð stormfall í Vaia-storminum. Mynd: RF*



*Viður ætlaður til hljóðfæragerðar. Búið er að sér velja hann eftir hljómgæðum og marka fyrirhugaðar útlínur hljóðfæra á bluta viðarins. Mynd: RF*

Að lokinni skoðun á hljóðfæraviði var aftur haldið upp í rútu og til skógar til að skoða svæði þar sem hafði verið mikið stormfall og verið var að vinna að því að hirða fallið timbur. Því miður náðist ekki að sjá skógarmenn að störfum (hópurinn mætti þeim akandi út úr skóginum á leið í hádegisverð), en ferðalangarnir fengu þó að skoða þau tól og tæki sem notuð eru til þessa starfs.



Frá stormfallssvæði var haldið til staðar sem heitir Malga Rolle og er gamalt mjólkursel í tæplega 2.000 m hæð yfir sjó. Þar er nú rekið veitingahús sem sérhæfir sig í hefðbundnum mat og snæddi hópurinn hádegismat þar. Einnig var þar samhliða veitingahúsinu rekin lítil verslun þar sem kaupa mátti hinn girnilegasta mat (osta, pylsur, hunang og sultur) framleitt í héraðinu. Haldið var upp í Rolle-skarðið til að skoða fjallafuru sem vex þar. Úr skarðinu var haldið til bæjarins Cavalese, þar sem ferðalöngum gafst færi á að teygja úr sér og augum líta Palazzo Magnifica Comunità di Fiemme – nokkurs konar þinghús svæðisins (Val di Fiemme), en þarna er rík sjálfsstjórnarhefð. Frá Cavelese var svo haldið til baka til Trento.

### Laugardagur 28. september

Bærinn Trento var kvaddur þennan dag, en nú var komið að því að skipta um náttstað. Byrjað var á því að halda til San Michele all'Adige (St. Michael an

der Etsch upp á þýsku) þar sem heimsótt var safnið Museo degli Usi e Costumi della Gente Trentina. Húsakynni safnsins voru áður klaustur Ágústína-munka, sem varð síðar að bændaskóla og loks að þjóðfræðisafni. Safnið er stórt, en alls eru 42 salir í því, þar sem fræðast má um landbúnað og menningu svæðisins og var meðal annars salur tileinkaður skógrækt og skógarvinnslu, sem áhugavert var að skoða.

Frá safninu var haldið til bæjarins Meran (Merano upp á ítölsku) þar sem gefinn var frjáls tími til að skoða bæinn á eigin vegum, en í bænum eru góðar búðir, heilsulind og fallegur garðagróður, auk ýmissa áhugaverðra bygginga, en eins og flestir stærri bærir á þessum slóðum skartar borgin nokkrum kirkjum. Frá Meran var haldið til bæjarins Tíról (sem héraðið heitir eftir). Var þar haldið til skoðunar á Tíról-kastala, en hann stendur mjög fallega á brattri hæð og var því góð heilsubótarganga upp að honum. Vegna legu sinnar uppi á brattri hæð er mjög fallegt útsýni frá



Líkan af vatnsdrifinni sögunarmyllu í Museo degli Usi e Costumi della Gente Trentina. Hægt var að ýta á hnapp til að fá breytingu á vatnið og sögina. Mynd: RF



*Í Meran er mikil gróðursæld og mikið lagt upp úr fallegum gróðri. Mátti t.d. sjá þessa skemmtilegu knapa á bestum.  
Mynd: RF*



*Ferðalangarnir fengu góðan göngutúr upp að Tíról-kastalanum, en hann stendur eins og sjá má reisulega uppi á brattri hæð. Mynd: RF*



kastalanum yfir nálægar sveitir, auk þess sem kastalinn sjálfur er afar áhugaverður skoðunar. Kastalinn var að mestu byggður í tveimur lotum, á 12. og 13. öld. Hann átti sitt blómaskeið á 14. öld og fram á 15. öld, sem stjórnarsetur svæðisins, en árið 1420 færðist það til Innsbruck og ákveðið hnignunarskeið tók við. Kastalinn var gerður upp í kringum aldamótin 1900 og hýsir nú safn um sögu Tíról, þar sem meðal annars má sjá elsta málverk af skjaldarmerki S-Tíról.

Frá Meran var svo ekið til Brixen (Bressanone) þar sem gist var það sem eftir var ferðar.

### Sunnudagur 29. september

Þessi dagur var helgaður Brixen. Byrjað var á því að ganga frá hótelinu að dómkirkju bæjarins og hún skoðuð, auk súlnagangna sem liggja út frá henni, en í



*Ferðalangarnir skoða merkilegar freskur í súlnagöngum til hliðar við dómkirkju Brixen. Mynd: RF*



*Líkneski í safninu í biskupahöllinni í Brixen. Eitt af mörgum dæmum um útskurð í safninu. Mynd: RF*

lofti súlnagangnanna eru vel varðveittar og fallegar freskur frá 14. og 15. öld. Frá kirkjunni var svo haldið að biskupahöllinni (Hofburg) sem nú er safn. Safnið er stórt (enda höllin ekkert smáhýsi), en alls spannar það 70 herbergi með ýmsum kirkju- og trúarlegum munum – líkneskjum, málverkum, krossum, biskupa-klæðum og margt fleira.

Því næst var haldið upp í rútu og haldið til bæjarins Bozen (Bolzano upp á ítölsku), en bærinn er nú einna þekktastur fyrir safn tileinkað ísmanninum Ötzi, sem fannst í Ötztal Ölpunum árið 1991 og er talinn vera um 5.300 ára gamall. Að sjálfsögðu var safnið heimsótt, en auk þess gafst tími til að fá sér hádegisverð og skoða sig um í bænum, en í miðbæ Bozen má sjá fallegar miðalda, gotneskar og rómanskar byggingar og má þar sérstaklega nefna dómkirkju bæjarins, með sitt mynstraða þak.



*Pekktasti „íbúi“ Bozen – eftirmynd af ísmanninum Ötzi á safni tileinkað honum. Frumeintakið er töluvert hrórlégra og það viðkvæmt fyrir birtu að bannað er að taka myndir af honum. Mynd: RF*

Að bæjarskoðun lokinni var svo haldið aftur í náttstað í Brixen.

### **Mánudagur 30. september**

Nú var komið að því að halda aftur til fjalla og byrjað á því að aka til Puez-Geisler þjóðgarðsins, til Treffpunkt Zans. Þar hitti hópurinn aftur Maríu sem messað hafði yfir okkur á safninu í Trento, auk Fabio Maistrelli, frá skógstjórninni í S-Tíról. Eftir stutta kynningu á svæðinu var haldið í skógargöngu, en á þessu svæði er bæði mjög falleg fjallasýn og áhugaverðir skógar, með rauðgreni, lerki, sembrafuru og skógarfuru. Í göngunni sagði ítalska skógarfólkið nánar frá utanumhaldi skóganna í S-Tíról, en skóginum er skipt upp í 20-30 ha vinnureiti, sem kortlagðir eru reglulega til að fylgjast með standandi rúmmáli timburs. Innan þjóðgarðsins er svo að sjálfsögðu áhersla á verndun vistsvæða og var gengið fram hjá ýmsum áhugaverðum fræðsluskiltum um flóru og fínu þjóðgarðsins, auk þess sem sjá mátti dádýr innan girðingar í skóginum.



*Fallegt útsýni til Dólmíta-fjallanna, með sína einkennandi fjallstoppa. Mynd: RF*





*Ferðalangar á göngu um skóginn í Puez-Geisler þjóðgarðinum. Meðfram stígunum var ýmis aðstaða til að gera gönguferðina áhugaverðari – upplýsingaskilti, vatnspóstar, bekkir og meira að segja nokkurs konar „legubekkur“ (sjá hægra megin á mynd). Mynd: RF*



*Skógarfólkið sem tók á móti hópnum kvatt. Maria (með myndavélina) og Fabio (lengst til hægri) taka við þökkum og gjöfum frá Íslendingunum frá Brynjólfi hópstjóra og Laufeyju Hannesdóttur, stjórnarmanni hjá Skógræktarfélagi Íslands. Mynd: RF*

Gönguferðin endaði í Zanser Alm selinu þar sem boðið var upp á hefðbundinn hádegismat – pylsur, ost, knödel (soðbollur) og að sjálfsgöðu pasta.

Eftir matinn var skógarfólkið kvatt, haldið aftur upp í rútu og ekið til bæjarins St. Ulrich (Ortisei upp á ítölsku), sem fyrir okkur Íslendinga er einna þekktastur fyrir að vera fæðingarbær Sigurðar Demetz Franzsonar, óperusöngvara og söngkennara. Fyrir aðrar þjóðir er bærinn þekktur fyrir viðurhandverk, sérstaklega útskurði. Parna var ferðalöngunum gefinn frjáls taumur – hluti hópsins fylgdi fararstjórum að byggðasafni bæjarins á meðan hluti skoðaði bæinn á eigin vegum. St. Ulrich hefur verið vinsæll ferðamannabær frá 19. öldinni og í honum er mikið af fallegum byggingum, búðum og öðru því sem ferðamannastöðum tilheyrir, auk þess sem hægt er að taka togbraut úr bænum upp á fjall og njóta þaðan stórkostlegs útsýnis til Dólómíta-fjallanna. Frá St. Ulrich var svo haldið aftur til Brixen.

## Þriðjudagur 1. október

Dagurinn byrjaði á heimsókn hluta hópsins í Neustift-klaustrið í nágrenni Brixen, þar sem boðið var upp á leiðsögn um klaustrið. Það var upphaflega stofnað á 12. öld og er ekki munkaklaustur, heldur klaustur kanúka/kórbræðra. Á fyrri öldum var mikil handritavinnsla í klaustrinu, en með tilkomu prentvéla var skriftaherberginu breytt í bókasafn, þar sem nú eru um 20.000 rit, sum hver fágæt. Til að vernda bækurnar er takmörkuð lýsing í bókasafninu og þekur gróður stóran hluta glugga bókasafnsins, sem hjálpar til við að halda úti ljósi, en þekjugróðurinn hafði einmitt vakið athygli hópsins áður en inn var haldið. Frá bókasafninu var haldið til kirkju klaustursins, sem er að grunni til frá 12. öld, en var tekin rækilega í gegn á átjándu öldinni og er nú í síð-barokk stíl. Eftir geistlega hressingu í kirkjunni var svo komið að líkamlegri hressingu í vínsmökkun, en klaustrið framleiðir um 900.000 flöskur af víni á hverju ári, af um



*Í klausturgarði í Neustift klaustrinu í nágrenni Brixen. Byggingin vinstra megin á myndinni, með fléttunni utan á, er bókasafnið, en eins og sjá má þekur gróður gluggana og hjálpar það til við að halda birtu frá viðkvæmum bókum og handritum í safninu, auk þess sem það setur skemmtilegan svip á bygginguna. Mynd: RF*





Falleg fjalla- og skógarsýn frá Plose fjallinu. Mynd: RF

35 tegundum, og fengu ferðalangarnir að smakka á fjórum tegundum.

Frá Neustift var haldið aftur til Brixen, náð í restina af hópnum og haldið til Plose – bæjarfjalls Brixen – en upp á það var farið með kláf. Fjallið er vinsælt til útivistar og eru þar góðar gönguleiðir, þótt ekki væri reyndar hægt að komast þær allar vegna viðgerða sem stóðu yfir á þeim. Uppi á fjallinu var hópnum gefinn frjáls tími. Nýttu sumir sér gott veitingahús sem er þar uppi til að njóta matar og fjallalofts, hluti hópsins hélt til skógar að athuga með fræ á trjánum og aðrir nýttu sér gönguleiðirnar. Sérstaka athygli vakti svokölluð WoodyWalk gönguleið, sem sniðin er að börnum, en meðfram henni má finna ýmis leiktæki úr tré fyrir krakkana (og unga í anda!).

## Miðvikudagur 2. október.

Nú var komið að heimferð og ekkert á dagskrá dagsins annað en að kveðja Brixen



Krappar á göngu á WoodyWalk gönguleiðinni. Parna var búið að byggja upp „slöngu“ (með slönguhaus og hala) meðfram hefðbundnu gönguleiðinni og fannst yngri kynslóðinni (og sumum þeirra eldri) mun skemmtilegra að ganga þá leið. Mynd: RF

og Ítalíu og aka til München, en þaðan var flogið heim. Ítalía kvaddi hópinn með sama hætti og hún tók á móti honum – með rigningu – en annars var hópurinn mjög heppinn með veður alla ferðina.

## Lokaorð

Skógræktarfélag Íslands hefur skipulagt þó nokkrar ferðir til hinna ýmsu hluta Alpanna, enda geta leynst þar í skógar-mörkum trjategundir sem pluma sig vel hér á landi. Árið 2018 var búið að ákveða að stefna á ítalska hlutann, til Suður-Tíról. Þá um haustið lék svo lánið við Skógræktarfélagið þegar Maria Cantiani hafði samband til að forvitnast hvort einn nemenda hennar, sem var að gera verkefni á Íslandi, mætti kíkja í heimsókn. Því var að sjálfsögðu vel tekið og bauðst Maria, án þess að vita að stefnan væri nú þegar ákvörðuð á hennar slóðir, til að vera félaginu innan handar ef það hefði áhuga á skógum S-Tíról! Því góða boði var að sjálfsögðu tekið og var hún félaginu innan handar við skipulagningu ferðarinnar, í góðu samráði við Maurizio.

Ferðin var í alla staði vel heppnuð – veður gott utan smá rigningar á leið til og frá flugvelli í München í upphafi og lok ferðar – og margt fróðlegt og áhugavert að sjá, bæði hvað varðar skóga og menningu svæðisins. Í ljósi stöðu á svæðinu þegar þetta er skrifað (í mars 2020), er líka eins gott að ferð á þessar slóðir var ekki fyrirhuguð í ár!

Höfundur: RAGNHILDUR  
FREYSTEINSDÓTTIR



## ERT ÞÚ AÐ DREKKA RÉTTA KAFFIÐ?

Taktu Kaffitársprófið og þú  
finnur þitt uppáhalds kaffi.  
**PROFID.KAFFITAR.IS**

## APPELSÍNUGULUR FLOKKUR

Í appelsínugula flokknum eru  
kaffitegundir með líflegan  
ávöxt og oft örlítið sætan  
keim. Kaffið er minna brennt  
en í öðrum flokkum sem  
þýðir að þá njóta sín allir  
tónar kaffibragðsins og þá  
sérstaklega ávöxturinn.



## BLEIKUR FLOKKUR

Í bleika flokknum eru  
kaffitegundir með góðri  
fyllingu, það þýðir að kaffið  
er bragðmeira og bragðið  
varir lengi í munni. Þær eru  
brenndar ögn lengur en  
við það brúnast náttúrulegi  
sykurinn í baununum meira,  
fyllingin eykst og merkja má  
örlítinn brenndan keim.



## BLÁR FLOKKUR

Í bláa flokknum eru  
kaffitegundir sem eru  
brenndar enn lengur.  
Þá eru brenndir tónar  
fyrirferðarmestir í bragði,  
fyllingin eykst og ávöxtur  
í bragði minnkar.





# Skógræktarárið 2018

Í þessari grein verða skógartölum 2018 gerð skil. Árið fór vel af stað en veturinn var mildur í flestum landshlutum en gæðum sumarsins var misjafnlega skipt milli landshluta. Á Suður- og Vesturlandi var frekar kalt og mikil væta en hlýrra og minni úrkoma í öðrum landshlutum.

Þar sem úrkoma var mikil kom það niður á gróðursetningum og kom það fyrir hjá nokkrum skógræktarfélögum að plöntur voru geymdar til næsta árs og verður þá væntanlega gerð grein fyrir gróðursetningu þeirra í grein um Skógræktarárið 2019.

## Aðeins um söguna á bakvið skógartölur

Árið 1993 birtist samantekt um afhendingu og framleiðslu skógarplantna auk upplýsinga um gróðursetningu plantna og var hér lagður grunnurinn að núverandi kerfi, þó um árábil hefðu ýmsar tengdar upplýsingar verið birtar í Ársriti Skógræktarfélags Íslands.<sup>i</sup>

Frá 1993 hafa grunnupplýsingar eins og um skógarplöntur og gróðursetningar haldist að mestu, en fleiru hefur verið bætt við og formið breyst. Árið 2009 var í fyrsta skipti gefið upp flatarmál gróðursetninga og þá fyrir skógræktarárið 2008.<sup>ii</sup>

## Gróðursettar plöntur

Ánægjulegt var að sjá að árið 2018 varð örlítil aukning gróðursetninga sem gert er skil í ritinu eða 3.101.751 plöntur sem er um 50 þúsund meira en árið áður. Það verður þó að segjast að betur hefði mátt ganga hjá skógræktarfélögunum með gróðursetningar. Eins og áður er komið fram gekk illa að gróðursetja vegna úrkomu, eitthvað af plöntum komu auk þess seint og voru ekki gróðursettar þess vegna og í kjölfarið urðu mikil afföll við geymslu. Vegna þess hve mikill munur reyndist oftlega á fjölda þeirra landgræðsluskógarplantna sem skógræktarfélög höfðu átt að fá samkvæmt afhendingargögnum og gróðursetningum sem gerð var grein fyrir í skýrslum, voru einungis tekin saman gögn þar sem upplýsingar lágu fyrir um gróðursetningar en fjöldi afhentra planta ekki notaður í samantekt. Þetta skýrir umtalsverðan mun hjá Landgræðsluskógum á skráðum fjölda afhentra plantna (467.990) og fjölda gróðursettra plantna (391.813).

## Flatarmál gróðursetninga

Þéttleiki gróðursetninga í skógrækt á lögbylum er 2936 plöntur en þær tölur byggja á gæðaúttektum sem framkvæmdar eru á hverri jörð þar sem m.a. þéttleiki gróður-

## Flatarmál gróðursetninga í landinu árið 2018

|                                                    | Skógræktin<br>þjóðskógar | Skógræktar-<br>félög |  |
|----------------------------------------------------|--------------------------|----------------------|--|
| Fjöldi hektara                                     |                          |                      |  |
| Nýgróðursetning raunmæld (með gps eða Avenza-appi) |                          | 44                   |  |
| Nýgróðursetning áætluð                             | 85                       | 25                   |  |
| Endurgróðursetning                                 |                          | 2                    |  |
| Alls                                               | 85                       | 71                   |  |

## Trjáfræ safnað 2018

| Trjátegund              | Skógræktin<br>Kg | Skógræktarfr.<br>Hafnarfjarðar<br>Kg | Hekluskógar<br>Kg | Alls<br>Kg |
|-------------------------|------------------|--------------------------------------|-------------------|------------|
| Ilmbjörk                |                  | 0,2                                  | 2,0               | 2,20       |
| Kjarrelri               |                  | 0,1                                  |                   | 0,09       |
| Lerkiblendingur, Hrymur | 3,7              |                                      |                   | 3,65       |
| Ryðelri                 |                  | 0,4                                  |                   | 0,40       |
| Sitkaelri               |                  | 0,2                                  |                   | 0,15       |
| Stafafura               | 5,4              |                                      |                   | 5,40       |

setninga er athugaður. Ráðgjöf um þéttleika gróðursetninga hefur hingað til verið á bilinu 2500-3000 plöntur á hektara og því má segja að þetta sé eins og ráð er fyrir gert.

Minna var um skráningu flatarmáls með GPS eða Avenza-appi en oft áður hjá skógræktarfélagunum. Þar sem þessar upplýsingar lágu fyrir voru þær notaðar. Þá var farið eftir uppgefnum flatarmálum þar sem þau voru gefin, loks var flatarmál reiknað út frá niðurstöðum Íslenskrar skógarúttekta um fjölda plantna gróðursettra í hvern hektara með afföllum og íbótum sem er 3.133 plöntur/ha þar sem engar upplýsingar voru gefnar. Með þessari nálgun var þéttleiki í gróðursetningum landgræðsluplantna áætlaður 2.902 plöntur/ha. Sama nálgun var notuð þegar þéttleiki gróðursetninga í skógrækt skógræktarfélaganna var metin 2.541 plöntur/ha.

## Borið á skóg sem gróðursettur er eftir 1990

| Árið 2018             | Tonn<br>N | Flatarmál<br>(ha) |
|-----------------------|-----------|-------------------|
| Skógræktarfélag       | 3,8       | 200               |
| Skógræktin            | 4,7       | 748               |
| Hekluskógar           | 25,5      | 525               |
| Hekluskógar, kjötmjöl | 3,8       | 150               |
| Samtals               | 37,8      | 1623              |

Ákveðið hefur verið að innleiða rauntímaskráningarkerfi fyrir skógræktarfélagin í landinu til skráningar framkvæmda líkt og gert hefur verið hjá Skógræktinni undanfarin ár.

## Áburðargjöf

Um nokkurra ára skeið hafa verið birtar upplýsingar um áburðargjöf í skógrækt.

| Landgræðsluskógar | Skógræktin<br>nytjaskógrækt á<br>lögbylum | Landgræðslan | Hekluskógar | ALLS |
|-------------------|-------------------------------------------|--------------|-------------|------|
| 5                 | 459                                       | 20           |             | 528  |
| 114               | 196                                       | 54           | 222         | 696  |
| 16                |                                           | 0            |             | 18   |
| 135               | 655                                       | 73           | 222         |      |



## Helstu tölur um gróðursetningu í landinu árið 2018

| Trjátegund               | Skógræktin<br>þjóðskógar | Skógræktin<br>nytjaskógar á lögbýlum | Hekluskógar    |  |
|--------------------------|--------------------------|--------------------------------------|----------------|--|
| Alaskaösp                | 34.024                   | 185.727                              |                |  |
| Alaskavíðir              | 31                       | 350                                  |                |  |
| Álmur                    |                          |                                      |                |  |
| Askur                    |                          |                                      |                |  |
| Berg- og fjallafura      |                          | 360                                  |                |  |
| Blæelri                  |                          |                                      |                |  |
| Blágreni                 | 1.080                    | 5.960                                |                |  |
| Degli                    |                          |                                      |                |  |
| Eðalþinur                |                          |                                      |                |  |
| Eplatré, ýmis            |                          |                                      |                |  |
| Evrópulerki              |                          | 1.270                                |                |  |
| Fjallafura               |                          |                                      |                |  |
| Fjalla-og marþöll        |                          |                                      |                |  |
| Fjallaþinur              | 2.000                    |                                      |                |  |
| Gráelri                  | 3.040                    | 22.976                               |                |  |
| Gulvíðir                 |                          | 2.450                                |                |  |
| Heggur                   |                          |                                      |                |  |
| Hengibirki               |                          | 17.289                               |                |  |
| Hvítgreni                | 2.080                    | 15.960                               |                |  |
| Ilmbjörk                 | 57.297                   | 249.393                              | 332.458        |  |
| Jörfavíðir               |                          | 490                                  |                |  |
| Körfuvíðir               |                          |                                      |                |  |
| Lerkiblendingur, Hrymur  | 5.512                    | 8.400                                |                |  |
| Lindi- og sembrafura     |                          | 27.416                               |                |  |
| Loðvíðir                 |                          | 597                                  |                |  |
| Rauðelri                 |                          |                                      |                |  |
| Rauðgreni                | 6.887                    |                                      |                |  |
| Reyniviður               | 18                       | 9.111                                |                |  |
| Rósir, ýmsar             |                          |                                      |                |  |
| Rússalerki               | 5.300                    | 538.647                              |                |  |
| Selja                    |                          |                                      |                |  |
| Sifjalerki               |                          |                                      |                |  |
| Sitka- og hvítsitkagreni | 15.017                   | 221.600                              |                |  |
| Sitkaelri                |                          | 1.080                                |                |  |
| Skógarfura               |                          | 10.040                               |                |  |
| Sólber/rifs              | 27                       | 420                                  |                |  |
| Stafafura                | 80.142                   | 601.073                              |                |  |
| Steinbjörk               |                          |                                      |                |  |
| Víðir, stiklingar        |                          |                                      |                |  |
| Víðir, ýmsar tegundir    |                          | 1.715                                |                |  |
| Víðja                    |                          | 1.483                                |                |  |
| Ýmsar eikartegundir      | 8                        |                                      |                |  |
| Ýmsar grenitegundir      |                          |                                      |                |  |
| Ýmsar lerkitegundir      |                          |                                      |                |  |
| Ýmsar reynitegundir      |                          |                                      |                |  |
| Ýmsar tegundir           | 182                      |                                      |                |  |
| Ýmsar tegundir runna     |                          | 490                                  |                |  |
| <b>Samtals</b>           | <b>212.645</b>           | <b>1.924.297</b>                     | <b>332.458</b> |  |

\* Þar af Kolviður 73.344 plöntur og Yrkusjóður 15.137 plöntur.

|  | Landgræðslan | Skógræktarfélag, sjóðir | Landgræðsluskógar | ALLS<br>Fjöldi plantna | Hlutfall af heild |
|--|--------------|-------------------------|-------------------|------------------------|-------------------|
|  |              | 6.250                   | 2.905             | 228.906                | 7,38%             |
|  |              | 653                     |                   | 1.034                  | 0,03%             |
|  |              | 2                       |                   | 2                      | 0,00%             |
|  |              | 18                      |                   | 18                     | 0,00%             |
|  |              | 70                      | 1.005             | 1.435                  | 0,05%             |
|  |              | 56                      |                   | 56                     | 0,00%             |
|  |              | 4.261                   | 14.353            | 25.654                 | 0,83%             |
|  |              | 4                       |                   | 4                      | 0,00%             |
|  |              | 6                       |                   | 6                      | 0,00%             |
|  |              | 12                      |                   | 12                     | 0,00%             |
|  |              | 13                      |                   | 1.283                  | 0,04%             |
|  |              |                         |                   | 0                      | 0,00%             |
|  |              | 17                      |                   | 17                     | 0,00%             |
|  |              | 200                     |                   | 2.200                  | 0,07%             |
|  |              | 2.031                   | 48                | 28.095                 | 0,91%             |
|  |              | 794                     |                   | 3.244                  | 0,10%             |
|  |              | 10                      |                   | 10                     | 0,00%             |
|  |              |                         |                   | 17.289                 | 0,56%             |
|  |              |                         |                   | 18.040                 | 0,58%             |
|  | 40.038       | 22.329                  | 123.005           | 824.520                | 26,58%            |
|  |              | 506                     |                   | 996                    | 0,03%             |
|  |              |                         |                   | 0                      | 0,00%             |
|  |              | 120                     | 3.706             | 17.738                 | 0,57%             |
|  |              | 3.538                   | 4.614             | 35.568                 | 1,15%             |
|  |              |                         |                   | 597                    | 0,02%             |
|  |              | 15                      |                   | 15                     | 0,00%             |
|  |              | 1.092                   |                   | 7.979                  | 0,26%             |
|  |              | 2.186                   |                   | 11.315                 | 0,36%             |
|  |              |                         |                   | 0                      | 0,00%             |
|  | 20.100       | 13.109                  | 86.664            | 663.820                | 21,40%            |
|  |              | 65                      |                   | 65                     | 0,00%             |
|  |              |                         |                   | 0                      | 0,00%             |
|  |              | 21.404                  | 55.168            | 313.189                | 10,10%            |
|  |              | 3.640                   |                   | 4.720                  | 0,15%             |
|  |              | 50                      |                   | 10.090                 | 0,33%             |
|  |              | 574                     |                   | 1.021                  | 0,03%             |
|  |              | 88.409                  | 79.754            | 849.378                | 27,38%            |
|  |              |                         |                   | 0                      | 0,00%             |
|  |              | 1.950                   |                   | 1.950                  | 0,06%             |
|  |              | 4.240                   | 1.120             | 7.075                  | 0,23%             |
|  |              | 140                     |                   | 1.623                  | 0,05%             |
|  |              | 9                       |                   | 17                     | 0,00%             |
|  |              | 1.312                   |                   | 1.312                  | 0,04%             |
|  |              |                         |                   | 0                      | 0,00%             |
|  |              | 189                     |                   | 189                    | 0,01%             |
|  |              | 1.061                   | 19.471            | 20.714                 | 0,67%             |
|  |              | 65                      |                   | 555                    | 0,02%             |
|  | 60.138       | 180.400                 | 391.813           | 3.101.751              | 100,00%           |



## Fjöldi ársverka við skógrækt 2018

| Launuð störf:                      | Skógræktin  |             | Skógræktarfélag |            | Landgræðslan |       |
|------------------------------------|-------------|-------------|-----------------|------------|--------------|-------|
|                                    | Karlar      | Konur       | Karlar          | Konur      | Karlar       | Konur |
| Stjórnun og ráðgjöf                | 24,0        | 14,0        |                 |            |              |       |
| Skógrækt*                          | 2,0         |             |                 |            |              |       |
| Skógarhögg, grisjun                | 4,0         |             |                 |            |              |       |
| Viðarvinnsla                       | 6,0         | 3,0         |                 |            |              |       |
| Ræktun jólatrjáa og jólatrjáatekja | 2,0         |             |                 |            |              |       |
| Mannvirkjagerð**                   | 2,0         |             |                 |            |              |       |
| Plöntuframleiðsla                  |             |             |                 |            |              |       |
| Rannsóknir                         | 7,0         | 3,0         |                 |            |              |       |
| Ótilgreint:                        |             |             | 15,8            | 2,0        |              |       |
| <b>Alls</b>                        | <b>47,0</b> | <b>20,0</b> | <b>15,8</b>     | <b>2,0</b> |              |       |

\* Gróðursetning, áburðargjöf, millibilsjöfnun, umhirða o.s.frv. \*\* Svo sem girðingar, vegir, stígar, aðstaða og önnur mannvirki

\*\*\* Ársverk svarar til u.þ.b. 2.000 klst. í vinnu

## Plöntuframleiðsla 2018

| Ættkvísl            | Fjöldi afhentur 2018 |
|---------------------|----------------------|
| Fura                | 949.110              |
| Björk               | 765.089              |
| Lerki               | 733.452              |
| Greni               | 450.530              |
| Ösp                 | 227.316              |
| Elri                | 36.517               |
| Víðir               | 35.480               |
| Reynir              | 12.829               |
| Önnur barrtré       | 5.360                |
| Önnur lauftré       | 0                    |
| Aðrar runnategundir | 1.050                |
| <b>Samtals</b>      | <b>3.216.733</b>     |

Hvatinn að því er að gera þarf grein fyrir áburðargjöf í loftslagsbókhaldi til stjórnvalda. Einnig geta þessar upplýsingar vakið til umhugsunar og verið hvetjandi en markviss áburðargjöf í upphafi flýtir fyrir að sýnilegur árangur náist í skógræktinni. Þau skógræktarfélag sem bera á trjáplöntur nota almennt tilbúinn áburð. Notkun

húsdýraáburðar þekkist þó en til þessa hefur það ekki verið talið fram.

## Ársverk

Sem fyrr er spurt um ársverk launaðra starfa greint niður á helstu kyn enda orðin krafa um slíkt. Sjálfböðavinna og sumarvinna ungmenna á vegum sveitarfélaga, Landsvirkjunar og Landsnets, sem aðstoða m.a. mörg skógræktarfélag, og fleiri slíkra aðila, eru utan við þessar tölur. Það eru störf sem eru skógræktarhreyfingunni mjög mikilvæg en erfitt getur verið að henda reiður á hve stór þeirra hlutur er en ætla má að verulega muni um framlög þeirra.

## Seld jólatré 2018

| Aðili                      | Stafa-fura   |  |
|----------------------------|--------------|--|
| Skógræktarfélag            | 3.769        |  |
| Skógræktin - þjóðskógar    | 1.048        |  |
| Skógarbændur & einkaaðilar | 150          |  |
| <b>Alls</b>                | <b>4.967</b> |  |
| Hlutfall af heild          | 62,4%        |  |

| Einkaaðilar |       | Heklusκόgar |       | Samtals |       | ALLS |
|-------------|-------|-------------|-------|---------|-------|------|
| Karlar      | Konur | Karlar      | Konur | Karlar  | Konur |      |
|             |       |             | 0,3   | 24,0    | 14,3  | 38,0 |
|             |       |             |       | 2,0     | 0,0   | 2,0  |
|             |       |             |       | 4,0     | 0,0   | 4,0  |
|             |       |             |       | 6,0     | 3,0   | 9,0  |
|             |       |             |       | 2,0     | 0,0   | 2,0  |
|             |       |             |       | 2,0     | 0,0   | 2,0  |
|             |       |             |       | 0,0     | 0,0   | 0,0  |
|             |       |             |       | 7,0     | 3,0   | 10,0 |
|             |       |             |       | 15,8    | 2,0   | 17,8 |
|             |       |             | 0,3   | 62,8    | 22,3  | 85,1 |

## Fræ

Almennt má segja að árið 2018 hafi verið slakt fræár en það sést vel á tölunum. Ekkert birkifræ var að fá sem heitið getur á landinu öllu og þroski stafafurufraes á Suður- og Vesturlandi var afar slakur. Þó náðist að safna nægjanlegu magni af stafafurufraei á Austur- og Norðurlandi til sáningar vorið 2019 til viðbótar við þær birgðir sem enn voru til eftir fræárið góða 2016. Nánast ekkert stafafurufrae er nú til á lager og vonandi verður fræþroski góður árið 2019. Þá þarf að safna miklu magni af stafafurufraei. Fræuppskera af Hrym í Fræhúsinu á Vöglum var ágæt þetta árið. Spírunin var þó fremur léleg en stór hluti af fræinu var

sendur í hreinsun til Svíþjóðar og náðist að flokka það þannig að spírun varð um 97%.

Þetta er umhugsunarvert, sér í lagi þegar haft er í huga mikilvægi þess að vera viðbúin aukningu í plöntuframleiðslu. Þá er rétt að ítreka það hér að öflun stafafurufraes af Skagway uppruna er mjög mikilvæg.

## Gróðrarstöðvar

Upplýsingar um plöntuframleiðslu ársins komu frá sjö plöntuframleiðendum en samtals framleiddu þeir 3.216.733 skógarplöntur. Þetta voru Álmur, Barri, Kvistar, Mörk, Náthagi, Sólskógar og Töfrastíkingar.

| Rauð-greni | Sitka-greni | Blá-greni | Fjalla-þinur | Síberíu-þinur | Lindi-fura | Tegund óskilgr. | Alls jólatré |
|------------|-------------|-----------|--------------|---------------|------------|-----------------|--------------|
| 650        | 663         | 382       | 100          | 2             |            | 52              | 5.618        |
| 564        | 11          | 110       | 148          | 3             | 3          | 246             | 2.133        |
|            |             |           |              |               |            | 60              | 210          |
| 1.214      | 674         | 492       | 248          | 5             | 3          | 358             | 7.961        |
| 15,2%      | 8,5%        | 6,2%      | 3,1%         | 0,1%          | 0,0%       | 4,5%            |              |

## Viðarafurðir 2018

| Afurð                                     | Skógræktin<br>Magn (m <sup>3</sup> ) |                | Landgræðsla ríkisins<br>Magn (m <sup>3</sup> ) |                |  |
|-------------------------------------------|--------------------------------------|----------------|------------------------------------------------|----------------|--|
|                                           | Selt                                 | Til eigin nota | Selt                                           | Til eigin nota |  |
| Bolviður greni                            | 34                                   |                |                                                |                |  |
| Bolviður fura                             | 109                                  |                |                                                |                |  |
| Bolviður lerki                            | 39                                   |                |                                                |                |  |
| Bolviður björk                            | 3                                    |                |                                                |                |  |
| Bolviður ösp                              | 0                                    |                |                                                |                |  |
| Bolviður annað                            | 0                                    |                |                                                |                |  |
| Borðviður greni                           | 7                                    |                |                                                |                |  |
| Borðviður fura                            | 0                                    |                |                                                |                |  |
| Borðviður lerki                           | 13                                   |                |                                                |                |  |
| Borðviður björk                           | 1                                    |                |                                                |                |  |
| Borðviður ösp                             | 2                                    |                |                                                |                |  |
| Borðviður annað                           | 0                                    |                |                                                |                |  |
| Arinviður björk                           | 263                                  |                |                                                |                |  |
| Arinviður barr                            | 171                                  |                |                                                |                |  |
| Arinviður ösp/annað                       | 0                                    |                |                                                |                |  |
| Kurl lerki                                | 77                                   |                |                                                |                |  |
| Kurl greni/fura                           | 164                                  |                |                                                |                |  |
| Kurl björk/annað                          | 2                                    |                |                                                |                |  |
| Kurl til orkuframleiðslu (t.d. kyndistöð) | 0                                    |                |                                                |                |  |
| Kurl til iðnaðar (t.d. Járnblendi)        | 1.286                                |                |                                                |                |  |
| Spænim/sag, undirburður                   | 2                                    |                |                                                |                |  |
| Girðingastaurar                           | 20                                   |                |                                                |                |  |
| <b>Samtals</b>                            | <b>0</b>                             | <b>0</b>       | <b>0</b>                                       | <b>0</b>       |  |

m<sup>3</sup>: Um er að ræða rúmmetramál viðkomandi afurðar. Þannig gefur bolviður bolrúmmál en borðviður rúmmál á söguðum borðum o.s.frv. Rúmmál kurls miðast við bolviðarrúmmál þess viðar sem kurlaður er. Miðað er við að 1 m<sup>3</sup> af bolviði verði 2,5 m<sup>3</sup> af kurlri 20 m<sup>3</sup> af girðingastaurum stendur fyrir 1.577 stk.

## Jólatré

Það var jákvætt að sjá aukningu í sölu jólatrjáa á milli ára en hún fór úr 7.053 trjám árið 2017 í 7.961 tré árið 2018. Hvort þessi breyting er vegna aukinnar sölu eða betri gagnaskila í skógartölur er ekki gott að segja en líklegt er að umræða og áróður á tímum aukinnar meðvitundar fólks um loftslagsbreytingar hafi eitthvað að segja. Ljóst er að hlutur íslenskra trjáa

á markaðnum getur aukist enn frekar en líklegt er að heildarsala jólatrjáa á Íslandi í dag sé um 40-50 þúsund tré en um 80% jólatrjáa landsmanna eru innflutt.

Inni í tölunum sem hér eru gefnar upp undir liðnum „tegund óskilgreind“ eru 113 torgtré og 133 veggtré sem eru vinsæl til skreytinga utan á hús.

Þá er gaman að minnst á að nokkuð var selt af jólagreinum og könglum á aðvent-



| Einkaaðilar<br>Magn (m <sup>3</sup> ) |                | Skógræktarfélag<br>Magn (m <sup>3</sup> ) |                | Samantekt<br>Magn (m <sup>3</sup> ) |                | ALLS<br>m <sup>3</sup> |
|---------------------------------------|----------------|-------------------------------------------|----------------|-------------------------------------|----------------|------------------------|
| Selt                                  | Til eigin nota | Selt                                      | Til eigin nota | Selt                                | Til eigin nota |                        |
|                                       |                | 17                                        | 8              | 17                                  | 8              | 25                     |
|                                       |                | 0                                         | 0              | 0                                   | 0              | 0                      |
|                                       |                | 1                                         | 0              | 1                                   | 0              | 1                      |
|                                       |                | 1                                         | 0              | 1                                   | 0              | 1                      |
|                                       |                | 1                                         | 1              | 1                                   | 1              | 2                      |
|                                       |                | 0                                         | 0              | 0                                   | 0              | 0                      |
|                                       |                | 17                                        | 4              | 17                                  | 4              | 21                     |
|                                       |                | 0                                         | 0              | 0                                   | 0              | 0                      |
|                                       | 50             | 8                                         | 1              | 58                                  | 1              | 59                     |
|                                       | 0              | 3                                         | 0              | 3                                   | 0              | 3                      |
|                                       | 10             | 1                                         | 1              | 11                                  | 1              | 12                     |
|                                       | 0              | 0                                         | 0              | 0                                   | 0              | 0                      |
|                                       | 300            | 29                                        | 0              | 329                                 | 0              | 329                    |
|                                       | 30             | 93                                        | 0              | 123                                 | 100            | 223                    |
|                                       | 13             | 11                                        | 0              | 24                                  | 0              | 24                     |
|                                       | 5              | 8                                         | 0              | 13                                  | 0              | 13                     |
|                                       | 0              | 61                                        | 36             | 61                                  | 36             | 97                     |
|                                       | 0              | 1                                         | 1              | 1                                   | 1              | 2                      |
|                                       | 0              | 0                                         | 0              | 0                                   | 25             | 25                     |
|                                       | 0              | 0                                         | 0              | 0                                   | 0              | 0                      |
|                                       | 30             | 3                                         | 2              | 33                                  | 2              | 35                     |
|                                       | 1              | 0                                         | 6              | 1                                   | 6              | 7                      |
|                                       | 439            | 255                                       | 60             | 694                                 | 185            | 879                    |

unni og líklegt að þar sá óplægður akur fyrir íslenska skógræktendur. Sem dæmi má nefna að Skógræktin seldi ríflega 200 kíló af jólagreinum og 17 kíló af könglum til skreytinga.

### Viðarafurðir

Sala á timbri og viðarafurðum er nokkuð breytileg á milli ára en þar eru aðstæður á markaðnum sem ráða. Samstarfsverkefni um markaðssetningu og nýsköpun í

notkun viðarafurða er í gangi en að því verkefni koma aðilar frá Skógræktarfélagi Íslands, Skógræktinni og Landssamtökum skógareigenda. Verkefnið heitir Skógfang og standa vonir til að árangur þessa samstarfs verði aukning í sölu viðarafurða hverskonar.

### Virði skógarafurða

Inni í tölunum eru upplýsingar frá skógræktarfélagum, einkaframleiðendum

## Grisjun, gisjun og rjóðurfelling 2018 (ha)

| Lýsing        | Skógræktin þjóðskógar | Skógræktar-félög | Skógræktin nytjaskógrækt á lögbýlum | Einkaskógar | Landgræðsla ríkisins | ALLS |
|---------------|-----------------------|------------------|-------------------------------------|-------------|----------------------|------|
| Gisjun*       | 30                    | 8                | 47                                  |             |                      | 85   |
| Gisjun        |                       | 5                |                                     |             |                      | 5    |
| Rjóðurfelling | 1                     | 1                |                                     |             |                      | 2    |
| Alls          | 31                    | 14               | 47                                  | 0           | 0                    | 92   |

\* Einnig nefnd millibilsjöfnun eða bilun en í henni felst að fækka trjám á hverja flatareiningu á meðan trén eru það lítil að hægt er að framkvæma verkið með fljótvirkum hætti

## Verðmæti seldra skógarafurða 2018

(Sniðið eftir FAO, Global Forest Resources Assessment. Guidelines for Country Reporting)

| Afurð                                           | ALLS ISK    |
|-------------------------------------------------|-------------|
| Viðarafurðir                                    | 55.783.149  |
| Eldiviður                                       | 42.455.309  |
| Aðrar skógarafurðir:                            |             |
| Jólatré og greinar                              | 36.909.823  |
| Sveppir og ber                                  |             |
| Hráefni til lyfja- eða kryddframleiðslu         |             |
| Hráefni til litagerðar                          |             |
| Hráefni til áhaldagerðar, handverks og hönnunar | 398.436     |
| Skrautjurtir                                    |             |
| Safi, kvoða                                     |             |
| Aðrar plöntuafurðir                             | 672.000     |
| Dýr og dýraafurðir:                             |             |
| Lifandi dýr                                     |             |
| Húðir, skinn og „trophies“                      |             |
| Hunang og bývax                                 | 4.620.000   |
| Villibráð                                       |             |
| Hráefni til lyfjagerðar                         |             |
| Hráefni til litagerðar                          |             |
| Aðrar ætar dýraafurðir                          |             |
| Aðrar óætar dýraafurðir                         |             |
| Samtals                                         | 140.838.718 |

og Skógræktinni. Ekki er um tæmandi upplýsingar að ræða og má því ætla að þetta eru vanáætlaðar tölur.

## Gagnasöfnun framtíðarinnar – skógartölur.is

Samantekt upplýsinga sem þessara getur verið flókin, utanumhald upplýsinga er á

höndum margra aðila og eftirspurn eftir hagtölum sem skógartölur eru og kröfur til upplýsinganna eru flóknar. Notendur talnanna eru allt frá nemum til stjórnvalda og alþjóðastofnana og kröfur um áreiðanleika gagnanna aukast. Það var því ákveðið veturinn 2019-2020 að stofna vinnuhóp sem færi í gegnum gagnasöfnunina, framkvæmd og hvaða tölum verið er að safna. Vinnuhópin skipa fulltrúar frá Skógræktarfélagi Íslands, Skógræktinni og Landssamtökum skógareigenda. Álitsgjafar og samstarfsaðilar hafa verið kallaðir að borðinu svo sem frá Hagstofu Íslands. Þegar þetta er skrifað er vinnan komin vel á veg en stefnt er að því að árið 2021 verði gagnasöfnun alfarið komin á netið og framsetning gagnanna og aðgangur verði á vefsíðunni skogartolur.is. Auk þess munu skógartölur halda áfram að birtast á pappír, hér í Skógræktarritinu.


## Þakkir og lokaorð

Í fyrsta sinn í rúm tíu ár sjáum við fram á aukningu fjárframlaga til skógræktar en það gerðist á haustmánuðum 2018 þegar ríkisstjórnin kynnti aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þar sem skógrækt og landgræðsla hefur stórt hlutverk. Það má því segja að árið hafi verið kvatt með mikla bjartsýni og von í brjósti um að nú væri loksins komið að því að fjárframlög til skógræktar myndu aukast.

Í lokin viljum við þakka öllum þeim sem komu að söfnun og úrvinnslu gagnanna. Of langt mál yrði að nefna alla þá aðila en framlag þeirra skiptir miklu.

- i Brynjólfur Jónsson. 1993. Heildarframleiðsla og gróðursetning plantna á landinu árið 1992. Skógræktarritið 1993: 111-113.
- ii Einar Gunnarsson. 2009. Skógræktarárið 2008. Skógræktarritið 2009 (2): 90-92.

Höfundar: SIGRÍÐUR E. ELEFSEN  
og SIGRÍÐUR JÚLÍA BRYNLEIFSDÓTTIR





82V  
rafhlöðu  
tæki

Afl og ending sem uppfylla kröfur fagmanna. Sama rafhlaða fyrir keðjusagir, pólsagir, hekkklippur, orf, sláttuvélar, greinaklippur, og fleiri tæki.



geispur  
& burðarähöld

# VORVERK.IS

Þverholt 2, Mosfellsbæ  
sími 665 7200 vorverk@vorverk.is



Eftirtaldir aðilar óska Skógræktarfélagi Íslands  
allra heilla á 90 ára afmælinu



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis- og  
auðlindaráðuneytið



**UMFÍ**

**IOI**

ÍSLEIFUR  
JÓNSSON

DRAGHÁLSI 14 - 16  
110 REYKJAVÍK  
SÍMI 4 12 12 00  
www.isleifur.is

**molta**



Landsvirkjun

LANDSNET



HS VEITUR



**FIT**  
FÉLAG IÐN- OG  
TÆKNIGREINA



www.fit.is

**prentmet** **ÓDDI**  
heildarlausnir í prentun

# Óskum

## SKÓGRÆKTARFÉLAGI ÍSLANDS

innilega til hamingju með

# 90

ára afmælið á þessu ári

og sömuleiðis elsta aðildarfélagi þess,  
SKÓGRÆKTARFÉLAGI EYFIRÐINGA

Hátt í 8.000 manns eiga nú aðild að þessum mikilvægu samtökum

Mikilvægi skógræktar hefur aldrei verið meira en nú  
á tímum loftslagsbreytinga

**MEIRI SKÓG - BJARTARI FRAMTÍÐ!**



# Hvaða tré vilt þú verða?

Tré lífsins er frumkvöðlaverkefni sem mun bjóða upp á nýja valkosti við lífslok



Ein sú fallegasta tenging sem hugsast getur er tenging mannfólks og trjáa. Við erum háð hvort öðru á svo djúpstæðan hátt að án annars gæti hitt ekki lifað.

Líf á jörðinni gæti hreinlega ekki þrífist ef trjáa nyti ekki við með allri sinni mikilvægu vistkerfisþjónustu, meðal annars framleiðslu á súrefni fyrir okkur mannfólkið og önnur dýr sem á jörðinni lifa.

Tré skipa stóran sess í hinum fjölbreyttu menningarheimum okkar jarðarbúa, í mörgum trúarbrögðum eru þau mikilvæg tákni og samlíkingar við tré eiga sér fastan sess í tungumáli margra þjóða. Sem dæmi þá rekjum við Íslendingar rætur okkar eitthvert, við skjótum rótum á nýjum stað, börnin vaxa úr grasi og lífsblómið tekur að fólna á síðasta æviskeiði okkar.

Þau okkar sem trjáam og náttúrunni allri unnum þekkjum þá unaðslegu tilfinningu sem útvera í skógum veitir okkur. Kraftinum og orkunni sem flæðir um líkama okkar eftir slíka dvöl er erfitt að færa í orð en er kannski best lýst sem endurnærandi og gefandi. Einnig er sú gjöf dýrmæt að sjá tré vaxa úr grasi sem við sjálf höfum gróðursett, en sú tenging verður persónulegri og við finnum til ábyrgðarhlutverks um að passa upp á þá plöntu og tryggja að vaxtarskilyrði hennar verði góð, rétt eins og með uppeldi barna okkar.

Okkar mikilvægasta auðlind, lungu jarðarinnar og vistkerfisþjónn á harðbýlu landi, þarf á umönnun og varðveislu að halda. Það kemur í okkar hlut, okkar sem látum okkur annt um skóginn og finnum vel fyrir tengingunni við trén að sjá til þess

að græða landið, yrkja skóga og hlúa að þeim sem þegar þrífast.

Tré lífsins er verkefni sem hefur verið í þróun undanfarin fimm ár. Með verkefninu viljum við tryggja að ræktaðir séu skógar um land allt sem fá friðhelgi til að vaxa og dafna og skapa dýpri tengingu á milli fólks og trjáa en áður hefur verið, þar sem trén verða tákmyndir ástvina okkar sem fallnir eru frá. Tré lífsins vill bjóða Íslendingum upp á að geta gróðursett ösku sína ásamt tré sem vex upp til minningar um líf sem lifað var og verður aftur hluti af hringrás lífsins.

## Upphafið

Það var einn vordag fyrir sex árum síðan að ég fór að velta því fyrir mér hvort ekki væri hægt að kveðja þessa jarðnesku tilvist á annan hátt en nú þekkest. Mér fannst það skjóta skökku við að greftrunarsiðir okkar hefðu litlum breytingum tekið í árunna rás og að það hlyti að vera hægt að betrumbæta ferlið og gera það umhverfisvænna.

Í hefðbundinni jarðsetningu er líkið sett í kistu sem búin hefur verið til úr mikilvægum auðlindum, ferðast hefur langa leið og skilið eftir sig kolefnisspor á leiðinni og margar hendur hafa komið að því að setja hana saman. Að öllu þessu ferli loknu er kistan látin síga tæpa tvo metra ofan í jörðina, í grafarstæði sem telur 250x120cm þar sem hún verður að mold á löngum tíma. Í þessu ferli er þörf á miklu landi, oft þurfa að fara fram jarðvegsskipti þegar nýir kirkjugarðar eru teknir, mikil auðlindasóun á sér stað og hægfare niðurbroti kistu og líks í súrefnissnauðu umhverfi fylgir losun á skaðsömu metangasi sem er öflug gróðurhúsalofttegund.

Hinn möguleikinn sem fyrir hendi er í dag er að leggja líkið í brennslukistu sem er oftast minni að umfangi en grafarkista,



en þó unnin úr sömu auðlindum og með langt kolefnisspor. Að útför lokinni eru kistan og líkið brennd í einu bálstofu landsins, bálstofunni í Fossvogi, sem rekin er af Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæmis. Bálstofan var gangsett árið 1948 og hefur undanfarið verið í rekstrarvand-ræðum vegna fjölgunar á bálförum og þörf á uppfærslu á tækjabúnaði. Bálstofan býr ekki yfir neinum mengunarhreinsibúnaði og þörf er á nýjum líkbrennsluofni. Að bálför lokinni er duftkerið jarðsett í duftkirkju-garði, ofan á gröf í kirkjugarði, eða dreift yfir hafi eða óbyggðum að fengnu leyfi frá Sýslumannsembættinu. Ef leyfi er fengið fyrir dreifingu er þó óheimilt að setja upp nokkurn minnisvarða um hinn látna á staðnum þar sem dreifingin fór fram.

Bálförum hefur farið fjölgandi undanfarin ár og mörgum hugnast betur að taka minna pláss í duftreit en hefðbundið grafarstaði í kirkjugarði. Duftker eru ekki eins frek á land og grafarkistur en ekki er hægt að tala um umhverfisvæna bálför þegar enginn mengunarhreinsibúnaður er til staðar. Úr þessu þarf að bæta og hefur kirkjan haft það á dagskrá hjá sér að byggja nýja bálstofu síðan fyrir hrun en hefur skort fjármagn til þess að ráðast í slíkar framkvæmdir.

Eftir að hafa kynnt mér þessi mál og hvernig bálförum og útförum er háttað í dag, laust hugmynd í huga mér: „Af hverju gróðursetjum við ekki ástvini okkar ásamt tré í stað þess að jarðsetja þau?“ spurði ég sjálfa mig. „Með því tókum við minna pláss og gefum aftur til náttúrunnar eftir að við erum fallin frá.“

Ég hófst handa við að skoða möguleikana á því að gróðursetja ösku látinna ásamt tré og sá mér til mikillar ánægju að fleiri voru í sama þankagangi þar sem fyrirtæki sem buðu upp á gróðursetningu ösku höfðu spröttið upp erlendis. Nú var ekkert annað að gera en að hafa samband við eitt þeirra og flytja inn lífræn duftker sem fólk gæti keypt og gróðursett ösku ástvina sinna ásamt

fræi sem yrði að tré sem myndi lifa áfram til minningar um hinn látna. Ég hafði samband og var þess fullviss um að innan tíðar gætum við farið að gróðursetja ástvini okkar.

## Áskoranir

Það var þarna, árið 2015, sem ég rakst á mínar fyrstu hindranir í verkefninu, sem hafa verið þó nokkrar undanfarin ár. Hindranirnar voru bæði af lagalegum og vistfræðilegum toga en reglugerðir er varða meðferð ösku eru strangar og kirkjugarðar leyfa ekki gróðursetningu trjáa.

Ég var svo heppin að deila skrifstofu með Skógræktarfélagi Íslands á þessum tíma og því var stutt að fara í leit að ráðleggingum varðandi vistfræðilegu hliðina. Vinir mínir í skógræktinni voru fljót að benda mér á það að ekkert tré myndi vaxa upp frá fræi sem gróðursett væri í meters djúpa gröf, sem er lagaleg krafa, og þar með var vistfræðilegi möguleikinn á að framkvæma hugmynd mína fokinn út í veður og vind.

„Við gefum okkur aldrei“ er sagt í minni fjölskyldu og ég tel víst að þessi orð skipi sérstakan sess í þjóðarsál Íslendinga sem þraukað hafa hér á hrjóstrugu eyjunni okkar þrátt fyrir jarðhræringar, afkomu-bresti, veðurvár og annan óskunda, því þrjóska okkar er á pari við þrjóska íslensku sauðkindarinnar.

Þegar bæði íslenskur lagarammi og vistfræðin höfðu sett hindranir í veg minn var ekkert annað að gera en að leggjast undir feld og endurhugsu málið, toga og teygja til hugmyndina og finna út úr því hvernig ég gæti sjálf orðið að staðilegri ilmbjörk þegar lífsvist minni lyki.

Ég mun ekki rekja það í löngu máli hvernig mér tókst að leysa úr þeim áskorunum og hindrunum sem á vegi mínum urðu, en þeim hefur verið rutt úr vegi og farsæl lausn fundin á vandamálunum. Mjög líklega munu þær verða einhverjar fleiri, áskoranirnar sem mér verða færðar á ferðalaginu, en úr þeim verður leyst og við höldum ótrauð áfram

í átt að markmiði okkar, að bjóða upp á nýjan valmöguleika við lífslok þar sem þinn hinsti vilji er virtur og kjósir þú slíkt, að tré vaxi upp til minningar um þig.

## Bálstofa

Hönnun og skipulag bálstofu Trés lífsins er komið vel á veg en bálstofan verður óháð trúar- og lífsskoðunarfélögum og opin öllum. Mikið verður lagt upp úr því að bálstofan verði hlýlegt rými og henti vel fyrir hinstu kveðjustundir, en athafnarými verður í húsnæðinu. Athafnarýmið verður einnig til útleigu fyrir aðra viðburði svo sem skírnar-, fermingar-, afmælis- og brúðkaupsveislur. Einnig verður í húsnæði Trés lífsins kyrrðar- og hugleiðslurými þar sem syrgjendur geta átt stund í ró og næði fyrir eða eftir kveðjustund, eða eftir gönguferð í nágrenni bálstofunnar sem er skógi vaxið. Staðsetning bálstofunnar verður kynnt opinberlega á vormánuðum.

Ofninn í bálstofu Trés lífsins verður umhverfisvænn, það er, hann verður búinn fullkomnum mengunarhreinsibúnaði og kyntur með umhverfisvænum orkugjöfum. Fyrirtækið sem framleiðir ofninn hefur framleitt slíkar vélar í áratugi og eru sérfræðingar á sínu sviði og leggja mikla áherslu á umhverfismál.

Óski aðstandendur þess verður mögulegt að vera viðstaddur á meðan bálförin fer fram og fylgja hinum látna þannig síðasta spölinn. Að bálför lokinni fá aðstandendur duftkerið afhent og verða við hinsta vilja hins látna, hvort sem viðkomandi vildi láta jarðsetja duftkerið í duftreit, ofan á gröf í kirkjugarði, dreifa öskunni eða gróðursetja hana ásamt tré í minningagarði.

## Minningagarðar

Tré lífsins mun setja á stofn minningagarða um allt land þar sem hægt verður að gróðursetja ösku hinna látnu ásamt tré sem vex upp til minningar um viðkomandi. Þessir garðar verða utan kirkjugarða en í grennd við þéttbýliskjarna og von okkar er sú að koma á samstarfi við skógræktarfélög um land allt til þess að sjá um gróðursetningar, merkingar á trjánum og umhirðu garðanna.

Þarna myndu vaxa upp persónulegir skógar þar sem við getum horft á líf spretta af lífi og til verða almannarými sem henta fullkomlega til útivistar. Þessir garðar munu geyma skóga sem eru friðhelgir þar sem að grafreitum fylgir vernd samkvæmt íslenskum lögum og þeim má ekki spilla.

Hvert tré í minningagörðunum verður merkt þeim sem undir hvílir þannig að þau sem ganga um garðana geta með snjalltækinu



*Teikning af bálstofu í Beesd, Hollandi, sem aðstandendur Trés lífsins heimsóttu í desember 2019.*



*Minningagarður. Tölvuteiknuð mynd frá hönnuði Trés lífsins, Einari Guðmundssyni, Studio WDLND.*

sínu komist inn á minningasiðu um þann sem þar hvílir. Garðarnir munu vonandi gera það að verkum að almenningur bindist skógum djúpum tilfinningaböndum og sæki meira í útivist þegar henni fylgir að heimsækja tréð hennar ömmu, fara í lautarferð undir trénu hans afa eða athuga hvort að fuglar séu búnir að verpa í trén að vori.

Við sjáum fyrir okkur að hægt verði að gróðursetja nokkur duftker í kringum sama tréð svo að til verði fjölskyldutré eða fjölskyldureitur. Eftir sem áður fær hver og einn skilti með nafninu sínu og tæknitengingu inn á minningasiðuna. Óskir þínar um hvaða trjátegund þú vilt að verði gróðursett með þinni ösku, hvaða tré þú vilt verða, munu vera virtar svo framarlega sem vistkerfið í þeim minningagarði sem þú vilt hvíla í bjóði upp á slíkt.

Minningagarðarnir munu verða að útivistarskógum sem stuðla að landgræðslu og veita mikilvæga vistkerfisþjónustu svo sem með kolefnisbindingu sem sannarlega er þörf á á tímum áður óþekktra loftslagsbreytinga. Tré og útivist í skógum stuðla einnig að bættri andlegri- og líkamlegri heilsu þeirra sem þá heimsækja og í minningagörðunum fær athöfnin að faðma tré aðra og nýja merkingu.

Í landsskipulagsstefnu segir:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

Við teljum að Tré lífsins uppfylli alla fjóra meginþætti landsskipulagsstefnu og séu því heillavænlegt spor fyrir sveitarfélög að taka til þess að stuðla að sjálfbærni, huga að umhverfismálum og stuðla að skynsamlegri landnýtingu.

## Minningasiða

Eins og minnst var á hér að ofan verður hvert tré merkt með nafni þess sem undir því hvílir og tæknitengingu inn á minningasiðu viðkomandi. Minningasiðan er undirsíða á vefsíðu Trés lífsins sem varðveitir minningu hins látna. Hægt er að komast inn á minningasiðuna með tæknitengingunni sem verður á skilti við tré hins látna, í gegnum internetvafra eða í gegnum app Trés lífsins. Á



minningasíðunni verður mynd af hinum látna og allar þær minningargreinar sem skrifaðar voru um viðkomandi. Í dag er erfitt að finna gamlar minningargreinar en þarna verða þær varðveittar á aðgengilegan hátt.

Tvenns konar skilaboðamöguleikar verða á minningasíðunni. Annars vegar verður hægt að skrifa skilaboð sem birtast á minningasíðunni og allir sem hana heimsækja sjá og hins vegar verður hægt að skrifa skilaboð sem eingöngu sá sem þau ritar hefur aðgang að. Nauðsynlegt verður að skrá sig inn í kerfið til þess að geta skrifað opinber eða persónuleg skilaboð til þess að losna við amafærslur.

Persónulegu skilaboðin eru hugsuð sem vettvangur fyrir nánustu aðstandendur til að fá útrás fyrir sorgartjáningu sína þegar ástvinur er fallinn frá. Þetta er í raun dagbók þar sem fólk getur skrifað niður minningar, líðan sína, tjáð saknaðarorð og fengið útrás fyrir öllum þeim skala tilfinninga sem hellast yfir okkur við missi og enginn annar hefur aðgang að. Í raun er hægt að hugsa þannig að við séum að skrifa skilaboð til hins látna.

Opinberu skilaboðin eru til þess að veita samstöðu í sorginni og til þess að halda minningu hins látna á lofti. Gamli skólafélagar, vinnufélagar, kunningjar, vinir og fjölskylda geta þannig skrifað skilaboð til að minnast hins látna við ólík tækifæri, hvort sem er á útskriftardögum, afmælisdegi hins látna eða ef hinn látni hefur heimsótt einhvern í draumi. Þegar fráfall hefur orðið finnst fólki oft að minningu hins látna gleymist að einhverjum tíma liðnum en við viljum gefa fólki vettvang til að halda minningunni lifandi og gefa aðstandendum fullvissu um að minningu hins látna lifi hjá mörgum þó að tíminn liði.

### **Persónulegur gagnagrunnur – áður en ég fer**

Minningasíðan, bálstofan og minningagardarnir eru allt atriði sem verða aðstandendur, sorgarúrvinnsla og það

sem tekur við eftir andlát. Þar sem að valfrelsi er eitt af grunngildum Trés lífsins töldum við mikilvægt að boðið yrði upp á öruggan stað til þess að skrá niður hinstu óskir fólks áður en að andláti kemur til þess að tryggja að vilji þeirra yrði virtur. Þannig hófst þróun persónulega gagnagrunnsins okkar.

Persónulegi gagnagrunnurinn er þitt heimasvæði hjá Tré lífsins sem þú skráir þig inn, greiðir fyrir aðgang og notar svo til þess að halda utan um atriði sem skipta þig máli úr lífsgöngu þinni. Þetta svæði er eins og netbankinn þinn, það hefur enginn aðgang að þeim gögnum og upplýsingum sem þú skráir inn nema þú, þangað til eftir andlát þitt þegar nánustu aðstandendum eru afhent gögnin.

Í persónulega gagnagrunninn getur þú skráð niður söguna þína með þínum eigin orðum svo nánustu aðstandendur eigi hana eftir að þú ert fallin/n frá. Sögur og minningabrot frá æskuárum þínum, sögur af hvernig þú kynntist ástinni þinni, frá dýrmætum vinskapi, af ferðalögum, frá áskorunum í lífinu, sorgum og sigrum er ómetanlegt að eiga og varðveita fyrir afkomendur þína. Með þessum hætti getum við í raun haldið utan um menningararf þjóðarinnar og fundið til enn sterkari tengingar við forfeður okkar og mæður sem fallin eru frá.

Þú velur þá aðstandendur sem eiga að fá gögnin afhent að þér látinni/látnum en Tré lífsins mun ekki afhenda nein gögn fyrr en eftir andlát þitt og eingöngu þeim aðstandendum sem þú hefur skráð í persónulega gagnagrunninn þinn. Öryggi og gagnavernd eru okkur mjög mikilvæg og verða tryggð til hins ítrasta.

Oft standa aðstandendur frammi fyrir erfiðri ákvarðanatöku þegar andlát ber að garði, svo sem varðandi skipulag útfarar, hvort hinn látni vildi jarðsetningu eða bálför, gróðursetningu eða dreifingu á ösku, en með því að hinn látni hafi skráð sinn hinsta vilja í persónulega gagnagrunninn

fyrir andlát er þessari þungu ákvarðanatöku létt af aðstandendum.

Til viðbótar verður hægt að hlaða inn myndum og myndböndum í persónulega gagnagrunninn, fylla út í þitt eigið fjölskyldutré og skrá niður hluti er tengjast erfðamálum, hvort sem er að hlaða inn erfðaskrá eða deila persónulegum munum á milli niðja þinna.

Í persónulega gagnagrunninum getur þú haldið utan um söguna þína, skráð hana með eigin orðum og varðveitt hana ásamt þínum hinstu óskum á öruggum stað og við tryggjum að þetta komist í hendur ástvina þinna. Þegar gögnin hafa verið afhent verður þeim eytt úr gagnagrunni Trés lífsins. Fyrir þau sem það kjósa verður til minningasíða um viðkomandi sem verður tengd trénu þínu eins og áður hefur verið nefnt en hún hefur ekki að geyma þau persónulegu gögn og upplýsingar sem þú skráir inn í persónulega gagnagrunninn fyrir andlát.

## Til framtíðar

Tré lífsins er nýr valmöguleiki við lífslok sem leggur áherslu á valfrelsi, að varðveita söguna okkar, virðingu við hina látnu, umhverfisvernd og býður mögulega upp á nýtt viðhorf til dauðans þar sem við sjáum líf spretta af lífi í minningagörðum.

Þetta er verkefni sem unnið er af öllu hjarta og fullum heilindum en framundan eru áskoranir sem tengjast fjármögnun verkefnisins og samstarfi.

Tré lífsins er verkefni sem mikilvægt er að vinna í samstarfi við þá sem best þekkja til á hverju svæði fyrir sig, bæði til þess að nýta þekkinguna á vistkerfunum sem er til staðar heima í héraði og vegna þess hve minningagarðarnir verða tilfinningaþrungnir og tengdir fólki vegna þess að undir trjánum verða jarðneskar leifar ástvina þeirra.

Okkur þætti vænt um að heyra frá skógræktarfólki og öðrum náttúruvinnendum hvernig ykkur líst á Tré lífsins en við viljum vinna verkefnið í sem opnustu



*Sigríður Bylgja, stofnandi Trés lífsins, með frumgerð af duftkeri á Hamrinum í Hafnarfirði haustið 2019.*

samtali við þau sem búa yfir þekkingu og ástríðu fyrir málaflokknum.

Að lokum skulum við snúa okkur aftur að tengingunum sem minnst var á í upphafi greinarinnar. Er nokkuð hægt að hugsa sér fállegri viðbót við tengingu trjáa og manna en að tréd sjálft sé tákmynd ástvinar sem fallinn er frá og þannig muni amma gamla, afi eða annar látinn ástvinur sjá þér fyrir súrefni til að þú megir lifa vel þann tíma sem þú færð hér í jarðneskri tilvist?

Það er okkur mikilvægt að þessi valmöguleiki verði í boði fyrir Íslendinga sem fyrst og við vinnum áfram hörðum höndum að því að svo megi verða. Þangað til þá biðjum við ykkur að velta því fyrir ykkur, hvaða tré vil ég verða?

[sigridur.bylgja@trelifins.is](mailto:sigridur.bylgja@trelifins.is) [www.trelifins.is](http://www.trelifins.is) [www.facebook.com/trelifins](https://www.facebook.com/trelifins)

Höfundur: Sigríður Bylgja  
SIGURJÓNSDÓTTIR

Eftirtalin sveitarfélög óska Skógræktarfélagi Íslands  
allra heilla á 90 ára afmælinu



Akureyrarbær



Sveitarfélagið  
ÁRBORG



BOLUNGARVÍK

Fjallabyggð



FJARÐABYGGÐ



FLJÓTSDALSHÉRAÐ



GARÐABÆR



GRINDAVÍKURBÆR



HAFNARFJÖRÐUR



HVERAGERÐISBÆR



HÖRGÁRSVEIT



## HÓLMFRÍÐUR FINNBOGADÓTTIR

1. JÚLÍ 1931 – 28. NÓVEMBER 2019

Hólmfríður Finnbogadóttir fæddist 1. júlí 1931 á Lágafelli í Austur-Landeyjum í Rangárvallasýslu. Hún lést 28. nóvember 2019 í Hafnarfirði. Hólmfríður ólst upp við mikinn kærleika í foreldrahúsum, ásamt Magnúsi yngri bróður sínum og Guðrúnu Árnadóttur fóstursystur sinni. Foreldrar hennar voru Finnbogi Magnússon bóndi á Lágafelli og Vilborg Sæmundsdóttir húsfreyja. Finnbogi sinnti hefðbundnum búskap og ræktaði jafnframt matjurtir. Finnbogi tók við búskapnum af Magnúsi föður sínum sem var bóndi á Lágafelli og þótti góður búmaður. Hólmfríður fékk þá menntun sem í boði var til sveita á þessum árum sem fór fram í farskóla, þar á meðal í Lágafelli. Hún fór í Húsmæðraskólann á Laugarvatni og lauk þaðan prófi 1949. Eftir það starfaði hún við Skógaskóla um tíma og hjálpaði til við búskapinn heima á Lágafelli á sumrin.

Hólmfríður var ráðskona hjá útgerðar-fyrirtæki í Keflavík og á þeim tíma kynntist hún mannsefni sínu Reyni Jóhannssyni, sem var fjórum árum eldri en hún. Reynir var húsasmiður, ættaður frá Hauganesi á Árskógsströnd við Eyjafjörð. Þau gengu í hjónaband 1953 og fluttu nokkru seinna til Hafnarfjarðar. Hólmfríður var mikil hugsjónakona sem trúði á jöfnuð og vildi láta gott af sér leiða. Hún gekk í Félag ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði stuttu eftir að hún flutti í bæinn og tók þátt í starfi Alþýðuflokksins um langa hríð. Hún var lengi formaður Fegrunarnefndar bæjarins sem



hafði það hlutverk að verðlauna eigendur vel hirtra og fallegra garða í bænum. Hún eignaðist marga góða vini í flokksnum en lét stjórnmálin ekki villa sér sýn því hún átti líka góða og trausta vini sem voru á annarri skoðun en hún í pólitíkinni.

Hólmfríður var ræktunarmanneskja að uppleggi enda alin upp í sveit og hefði allt eins getað hugsað sér að verða bóndi, en Magnús bróðir hennar tók við búskapnum þegar faðir þeirra féll frá árið 1959. Hólmfríður og Reynir leigðu fyrstu fjögur árin í Hafnarfirði en festu síðan

kaup á íbúð í húsi við Skúlaskeið, þar sem þau bjuggu upp frá því. Þar horfðu þau daglega á skruðgarðinn Hellisgerði sem er beint fyrir framan húsið. Hólmfríður vann við afgreiðslustörf og var um tíma með blómaverslun en eftir að Særún dóttir þeirra fæddist haustið 1963 var hún heimavinnandi um árabíl. Hún passaði börn, sinnti þjónustustörfum, vann á kosningaskrifstofu Alþýðuflokksins og sitthvað fleira.

Hólmfríður var mjög trúuð og tók virkan þátt í starfi Sálarrannsóknarfélags Hafnarfjarðar og var í stjórn félagsins. Hún sat marga miðilsfundi og aðstoðaði Margréti frá Öxnafell og Hafstein Björnsson miðil. Hún sinnti einnig sjálfbóðaliðastarfi fyrir Rauða kross Íslands og kom víða við.

Árið 1980 réðst Hólmfríður til starfa hjá Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, sem þá var undir forystu Ólafs Vilhjálmssonar. Hún starfaði við hlið hans næstu árin og sótti námskeið, m.a. í Garðyrkjuskóla ríkisins í Ölfusi. Hún var kosin í stjórn félagsins 1983, tók við formennsku 1989 og var fyrsta konan sem var formaður félagsins. Félagsstarfið varð kraftmeira en það hafði verið um langa hríð eftir að Hólmfríður tók við formennskunni og fjölgaði félagsmönnum jafnt og þétt. Hún gegndi formennsku til 1998 þegar hún varð fyrsti framkvæmdarstjóri félagsins í fullu starfi. Þeirri stöðu gegndi hún til 2013 þegar hún lét formlega af störfum, orðin 82 ára.

Hólmfríður var farsæll formaður og framkvæmdastjóri. Félagsmönnum fjölgaði fyrir hennar tilstuðlan og átti hún gott samstarf við bæjaryfirvöld, sem studdu við starfsemi félagsins í hvívetna. Hólmfríður og Reynir voru í fararbroddi þeirra sem tóku að sér landnemareiti þegar því fyrirkomulagi var komið á árið 1980. Hún hélt góðu sambandi við alla þá sem tóku land í fóstur og var lagin við að laða fólk að starfi félagsins. Hún hafði einstaklega gott lag á unga fólkinu í vinnuskóla bæjarins sem kom til starfa á svæðum

félagsins á sumrin og einnig vinnuhópum á vegum Landsvirkjunar. Hún lagði ríka áherslu á samvirkusemi, góð vinnubrögð og vinnusemi, í bland við leik og gleði. Hún kenndi mörgum unglingnum að sinna ræktunarstarfinu af alúð og heilindum.

Skógræktarfélagið eignaðist fyrsta almennilega húsið árið 1986, sem var afmælisgjöf frá bænum til félagsins. Reynir og Hólmfríður áttu drjúgan þátt í að bæta aðstöðuna á starfssvæði félagsins í Höfðaskógi á margvíslegan hátt. Hann sinnti allskonar smíðavinnu, útbjó ræktunarkassa, hjálpaði til við að reisa köld gróðurhús, smíðaði fuglahús, annaðist hverskonar viðhald og sitthvað fleira. Seinna komu fleiri handlagnir félagar að þessum verkum og gróðurhúsunum fjölgaði hægt en örugglega.

Gróðrarstöðin Pöll, dótturfélag Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, er afrakstur starfsins sem Hólmfríður leiddi. Trjáskýningurinn skammt frá húsinu Höfða er eitt af því sem hægt er að þakka henni fyrir. Rósagarðurinn er annar merkilegur reitur í suðurhlíð Húshöfða þar sem fjölmargar rósategundir og yrki dafna og vaxa. Það er samstarfsverkefni Rósaklúbbs Garðyrkjufélags Íslands og Skógræktarfélagsins. Þessu til viðbótar má nefna nokkra minningarlundir til heiðurs gengnum frumkvöðlum skógræktarstarfs í Hafnarfirði, Værðarstíginn og Værðarlund og minningarlund Hjálmars Bárðarsonar og konu hans Else Sörensen Bárðarson. Vinalundur er afrakstur farsæls samstarfs Hafnfirðinga og íbúa Cuxhaven í Þýskalandi, sem er vinabær Hafnarfjarðar. Hólmfríður var í miklum metum hjá þessum vinum Hafnarfjarðar sem koma árlega í heimsókn í skóginn á aðventunni.

Hólmfríður laðaði ekki síður að sér fugla en fólk. Hún gaf fuglunum mat, hvort sem það voru hrafnar eða aðrir fuglar og margir flækingsfuglar hafa átt griðastað í skóginum. Hún gætti þess að allir sem komu í starfsstöðina í Höfðaskógi fengju kaffi og meðlæti. Skógar- og útivistardagur

fjölskyldunnar var fastur liður í starfsemi félagsins í tvo áratugi. Hólmfríður sá til þess að dagurinn var jafnan fjölbreyttur. Hún virkjaði m.a. hestamenn, sem leyfðu börnum að fara á hestbak. Vinnuskóli Hafnarfjarðar og Æskulýðsráð tóku einnig þátt og fólk á þeirra vegum mætti t.a.m. með smábáta sem hægt var að sigla á Hvaleyrarvatni. Skátarnir tóku virkan þátt í dagskránni á sínu svæði, boðið var upp á gönguferðir með leiðsögn, börnin fengu fræðslu um trjágróður og fugla skógarins. Ætíð var boðið upp á grillaðar pylsur, kaffi og kökur í lok dags og tónlist var einnig hluti af dagskránni.

Þegar Skógræktarfélag Hafnarfjarðar tók upp á því fyrir allnokkrum árum að selja jólatré fyrir jólin, byrjaði salan í smáum stíl, en óx jafnt og þétt. Margar fjölskyldur koma árlega til að kaupa tré og ekki síst til að njóta þess síðar sem Hólmfríður kom á að allir sem koma í Höfðaskóg á aðventunni fá heitt súkkulaði og smákökur í Selinu, starfsaðstöðu félagsins. Þar er notaleg stemming og fyrir mörgum er þetta

upphaf jólaundirbúningsins. Síðan fara allir mettir og sælir heim með fallest jólatré og glaðir í sinni. Allskonar hópar áttu sinn fasta tíma í skóginum hjá Hólmfríði og samstarfsfólki hennar, hvort sem það voru leikskólabörn með kennurum sínum, grunnskólakrakkar, vinnustaðahópar og fulltrúar einstakra félagasamtaka. Öllum var tekið opnum örmum og margir gengu í félagið í framhaldinu.

Hólmfríður sat í varastjórn Skógræktarfélags Íslands og var gerð að heiðursfélagi S.Í. árið 2006. Hún var sæmd heiðursmerki Skógræktarfélags Hafnarfjarðar árið 2013 eftir að hún lét af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins. Kraftmikil og drífandi hugsjónakona sem lét gott af sér leiða á svo mörgum sviðum er fallin frá, en minning hennar lifir.

*Jónatan Garðarsson  
Formaður Skógræktarfélags Íslands*

**Muck Truck 4x4**  
Fjölnota léttitæki  
Hjólbörur



Keyra 1/4 tonn upp tröppur

**Garðyrkja ehf**  
[www.gardyrkjan.is](http://www.gardyrkjan.is)  
Lyngbarð 2, 220 Hfj.  
Sími: 564 - 1860

**Garðplöntustöð  
með sérhæfingu  
í ræktun skógarplantna**

**Gerum ræktunarsamninga  
við einstaklinga, félagasamtök  
og fyrirtæki**



**SÓLSKÓGAR** ehf.



Akureyri, sími 462 2400  
[solskogar@simnet.is](mailto:solskogar@simnet.is)  
[www.solskogar.is](http://www.solskogar.is)  
<http://facebook.com/solskogar>



Eftirtalin sveitarfélög óska Skógræktarfélagi Íslands  
allra heilla á 90 ára afmælinu



Kópavogsbær



LANGANESBYGGÐ



MOSFELLSBÆR



NORÐURLING



Reykjavíkurborg



STYKKISHÓLMSBÆR



SUÐURNESJABÆR



SVALBÆRSSTRANDAR  
HREPPUR



SVEITARFÉLAGIÐ  
SKAGAFJÖRÐUR



ÖLFUS



TÁLKNAFJARÐAHREPPUR

## ARNÓR PÁLL KRISTJÁNSSON

9. OKTÓBER 1935 – 11. MAÍ 2019

Arnór Páll Kristjánsson var fæddur á bænum Eiði í Eyrarsveit 9. október árið 1935 og lést þann 11. maí 2019.

Arnór kvæntist Auði Jónasdóttur, sem var frá bænum Neðri – Hól í Staðar-sveit og byrjuðu þau búskap á Eiði árið 1957. Það má segja að þau hafi, eins og margir landsmenn upp úr miðri síðustu öld, hrifist af umræðu um hvort skógrækt gæti átt raunhæfa möguleika á Íslandi. Á þessum árum voru ýmsar þreifingar og bollaleggingar um að auka trjárækt á Íslandi með tilkomu fleiri trjá- og runnategunda sem bárust til landsins frá Evrópu og einnig frá hinum norðlægari landssvæðum Alaska og Rússlands. Trjárækt átti að vera tilvalin til að mynda skjól og til að koma upp útivistarskógum. Fólk hér í sveit fór ekki varhluta af þessum nýju straumum þó að heyrst hafi frá málsmetandi mönnum fyrir sunnan að hér á Snæfellsnesi væri ekki hægt að rækta nokkur tré sökum kulda og sjávarseltu.

Þau hjón, Arnór og Auður, smituðust af þessum skógræktaráhuga og voru ein af stofnendum Skógræktarfélags Eyrarsveitar árið 1960, ásamt öðrum hér í sveit, sem hugðust byrja útplöntun trjáplantna í úthaga. Kuldaár fóru í hönd, en fólk var samt að reyna fyrir sér með trjárækt. Engar skógarleifar eru í Eyrarsveit en víst er að víða hefur undirlendi á Snæfellsnesi verið vaxið birki og víði á landnáms tíð og áttu bændur og kirkjur víða skógarítök og fram eftir öldum er skógar eyddust var hrístekja



það eina sem notast var við. Má gera sér í hugarlund að víða hafi verið vöxtulegir birkiskógar hér í fjarðarbotnunum og kjarr í hlíðum fjalla.

Arnór og Auður tóku sig saman, ásamt fleirum áhugasömum og endurvöktu Skógræktarfélagið árið 1986, en þá var byrjað að planta fyrir ofan byggðar-kjarnann í Grundarfirði. Það svæði heitir nú Brekkuskógur.

Er Landgræðsluskógaátakinu var hleypt af stað árið 1990 buðu þau hjón

Skógræktarfélaginu til afnota um 30 hektara landsvæði af jörð sinni og var það vel þegið og kærkomið framlag, enda hefur verið plantað í það svæði flest ár síðan. Arnór var formaður félagsins frá 1991 til 2004 og eftir það sat hann í stjórn félagsins sem gjaldkeri. Það land sem hjónin á Eiði létu Skógræktarfélagi Eyrarsveitar í té heitir nú Eiðisskógur og gengur skógrækt þar vel og trjávöxtur góður.

Eins og sagt hefur verið frá, var áhugi þeirra á trjárækt og hvers kyns jarðar-gróða mikill og stunduðu þau búskap sinn á Eiði af mikilli alúð og eljusemi. Arnór tók virkan þátt í félagsstarfsemi og sat í ýmsum nefndum og ráðum innan sveitar og í sýslunni.

Undirritaður kynntist Arnóri Páli vel, ekki síst er hann kom inn í stjórn Skógræktarfélagsins eftir 1990 og tók þátt í skógræktarstörfum ásamt öðrum félags-

mönnum og það var gaman að heimsækja þau hjónin að Eiði og tala við þau um landsins gagn og nauðsynjar. Stjórnarfundir voru einnig haldnir að Eiði.

Arnór var kunnugur öllum staðhátum hér í sveit og athugull maður. Til gamans má geta þess, að hann kom eitt sinn að máli við undirritaðan sem þá var orðinn formaður og sagði frá því að við smalamennsku inni í Grundarbotni hafði hann úr bíl sínum, gegnum sjónauka, séð eins og það gæti verið trjáleifar eða tré lengst upp í skriðum. Það væri vert að athuga þetta við tækifæri. Formaðurinn fór af stað, og viti menn. Þarna finnur hann íslenskan reynivið, stæðilegt tré, en þessi tré eru ekki algeng hér í fjöllum, en finnast á stöku stað.

*Gunnar Njálsson*

*Formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar*



**Í garðinn**  
og við  
sumarbústaðinn

Langi þig í lagleg tré  
með laufi eða barri,  
reyndu hvort ei réttast sé  
að renna við í Kjarr

**Gróðrarstöðin  
Kjarr**

Kjarr, 816 Ölfus / S. 482 1718 & 846 9776 / [kjarr@islandia.is](mailto:kjarr@islandia.is) / [kjarr.is](http://kjarr.is)



**Blóm á gráfreiti**

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð, Gufuneskirkjugarð, Fossvogskirkjugarð, Sólland og Kópavogskirkjugarð.

Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 – 16 í síma 585 2700 og 585 2770.

Einnig er hægt að panta á vefnum [www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)



Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsðæma  
Vesturhlíð 8 | 105 Reykjavík | Sími: 585 2700  
Netfang: [skrifstofa@kirkjugardar.is](mailto:skrifstofa@kirkjugardar.is)  
[www.kirkjugardar.is](http://www.kirkjugardar.is)



## ORRI HRAFNKELSSON

2. MARS 1939 – 26. SEPTEMBER 2019

Fyrir hönd Skógræktarfélags Austurlands vil ég minnst skógræktarmannsins og trésmíðsins Einars Orra Hrafnkelssonar sem lést á liðnu hausti. Orri fæddist á Hallgeirsstöðum í Jökulsárhlíð þann 2. mars árið 1939. Foreldrar hans voru þau Lára Stefánsdóttir frá Háreksstöðum í Jökuldalsheiði og Hrafnkell Elíasson frá Aðalbóli í Hrafnkelsdal. Orri var þriðji í röð sextán barna þeirra hjóna, þessum þekktu og fjölmenna systkinahópi frá Hallgeirsstöðum, sem á síðari árum hefur í tvígang ratað á síður blaðanna fyrir að ná samtals þúsund ára aldri.

Í viðtali við Morgunblaðið árið 1999 segir Orri að hans fyrsta minning um skóg sé þegar hann var þriggja ára gamall. Þá fengu þeir eldri bræðurnir að fara inn í Tunguás, sem var skógi vaxinn ás í eins kílómetra fjarlægð inn frá bænum, með Ólafi Björnssyni vinnumanni. Erindið var að höggva í eldinn, en skógarítök voru nokkur hlunnindi á Hallgeirsstöðum alla tíð. Orri rifjar það upp að skógræktarmenn hafi á þessum tíma og langt fram á 20. öldina verið útlendingar í eigin föðurlandi eða „... einangraðir sértrúarsöfnuðir sem gert var góðlátlegt grín að“. Á uppvaxtarárum Orra var skógurinn nytjaður til beitar sauðfjár á vetrum, stöku sinnum rifinn hrís í kýrnar á vorin og öllum búsmala beitt í hann á sumrin. Berjatínsla var svo síðsumars, viður hogginn í eldinn og húsrefti á haustin. Svo segir Orri: „Eftir því sem ég óx úr grasi vaknaði maður til skilnings á að þetta væri



ekki góð meðhöndlun á hinna fögru ilmbjörk ásamt með stöku loðvíðitrjám, reyniviði og gulvíði.“

Orri lauk gagnfræðaprófi frá Eiðaskóla og við tók nám í húsasmíði við Iðnskólann í Reykjavík. Hann starfaði við iðngrein sína um skamma hríð í Danmörku en árið 1965 lauk Orri meistaraþrófi í húsasmíði frá Meistaraskólanum í Reykjavík. Þetta sama ár urðu líka straumhvorf í einkalífi Orra þegar hann tók saman við Valgerði Valdimarsdóttur, frá Hreiðri í Holtum



í Rangárvallasýslu. Þau settust að á Egilsstöðum og eignuðust fimm börn.

Árið 1973 stofnaði hann ásamt fleirum Trésmiðju Fljótsdalshéraðs en því fyrirtæki helgaði hann lungann úr sinni starfsævi og var þar lengst af framkvæmdastjóri. Meginverkefni Trésmiðjunnar var smíði og uppsetning íbúðarhúsa úr timbureiningum og á starfstíma hennar voru þar byggð um 500 slík hús. Þegar umsvif Trésmiðjunnar voru sem mest störfuðu um 30 starfsmenn hjá fyrirtækinu að sumarlagi og smíðuð voru um tvö hús á mánuði.

En skógræktin blundaði alltaf með Orra. Þegar hann var að læra húsasmíði í Kópavogi árið 1960 ákvað hann að gera eitthvað til að bæta meðferðina á skóginum á sínum heimaslóðum. Eftir fund með Sigurði Blöndal rétt fyrir páskana 1960 voru lagðar línur um það hvernig skyldi staðið að friðun og plöntun í skóginum sem Orri kom fyrst í, þriggja ára gamall. Um miðjan ágúst sama ár voru girtir af 7 hektarar í Tunguásnum, tunga á milli Fossár og Krakalækjar innan við bæinn á Hallgeirs-

stöðum, og var það upphafið að skógrækt á þessu svæði. Plantað var 2.000 plöntum þetta sumar, aðallega greni. Í áður nefndu viðtali við Morgunblaðið rifjar Orri upp að á þessum árum hafi ungmennafélagsandinn enn verið allnokkuð ríkjandi og því hafi nokkrir unglingar af næstu bæjum komið til að taka þátt í þessu nýja ræktunarstarfi, einn tók meira segja með sér harmonikku í tilefni dagsins. Plantað var þarna flest sumur á sjöunda áratugnum og girðingunni haldið við en hún var ásótt af sauðfé sem var margt í landinu á þessum tíma.

Árið 1986 gáfu foreldrar Orra þeim systkinunum Tunguásinn. Þetta land, sem er alls um 90 hektarar, var allt friðað og fyrstu plönturnar settar niður í þetta nýja svæði og lúpínu sáð í melana neðan við Fossána. Orri starfaði jafnan mikið að félagsmálum, þar á meðal félagsmálum og framfaramálum skógræktarinnar á Austurlandi. Árið 1980 gekk hann í Skógræktarfélag Austurlands, var þar fyrst í stjórn en síðan formaður félagsins frá 1988. Hann gegndi því í áratugi.

Skógræktarfélag Austurlands átti þá, og á reyndar enn, 150 hektara land í Eyjólfsstaðaskógi á Völlum sem Guttormur Pálsson skógarvörður á Hallormsstað, fyrsti formaður félagsins, gekkst fyrir að kaupa árið 1944. Gróðursetning hófst þar 1953 og í kringum 1990 fór félagið að skipuleggja og leigja út sumarhúsaloðir á landareigninni. Um svipað leyti hófst jólatrjáasala úr skóginum, meðal annars með því að bjóða fólki í skóginn til að velja sér jólatré. Þessir tekjustofnar hafa verið forsenda ýmissa nauðsynlegra verkefna félagsins svo sem vega- og brúargerðar, plöntukaupa og ekki síst skógarhúsbyggingar, en Blöndalsbúð stendur á landinu og er leigð út árið um kring.

Baráttumál Orra til margra ára var að ná samstöðu meðal bænda á Norður-Héraði til að friða stórt landsvæði fyrir beit, frá Teigará milli Hofteigs og Hjarðarhaga og út að Hnitbjörgum í Jökulsárhlíð, alls um

42 kílómetra að lengd og um þrjú þúsund hektara að stærð. Fyrir rúmum áratug, árið 2007, veitti Skógræktarfélag Íslands Orra viðurkenningu fyrir störf sín í þágu málefnsins, og áður höfðu honum verið veitt Landgræðsluverðlaunin af sömu ástæðu.

Orra var virkur í ótal félögum á Héraði enda framsýnn og hugmyndaríkur. Hann talaði til að mynda alla tíð fyrir því að skógrækt og sauðfjárbúskapur gætu farið vel saman, en á síðustu árum hafa einmitt komið fram áhugaverðar rannsóknir á beit í skóglendi.

Ég kveð með söknuði Orra Hrafnkels-son, hugsjónamann og skógræktarmann. Stjórn Skógræktarfélags Austurlands þakkar honum ómetanlegt framlag hans til skógræktar á Austurlandi og vottar fjölskyldu hans innilega samúð.

*Þór Þorfinnsson*

*Formaður Skógræktarfélags Austurlands  
og skógarvörður á Hallormsstað*

## Bensínhjólbörur



B&S 7.5 hp mótör  
með drifi á öllum.



## Greinakurlari

með 15hp bensínmótör  
fyrir allt að 100mm greinar

**Einnig fyrirliggjandi járn girðingastaurar og  
6 strengja net á góðu verði.**

## Vír og lykkjur ehf

[www.viroglykkjur.is](http://www.viroglykkjur.is) - Sími 772-3200

**Óskum Skógræktarfélagi Íslands allra heilla á 90 ára  
afmælinu og velunnurum skógræktar gleðilegs sumars**

Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli

Skógræktarfélag Akraness

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga

Skógræktarfélag Austurlands

Skógræktarfélag Bolungarvíkur

Skógræktarfélag Borgarfjarðar

Skógræktarfélag Djúpvags

Skógræktarfélag Garðabæjar

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Skógræktarfélag Kópavogs

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

Skógræktarfélag Patreksfjarðar

Skógræktarfélag Reyðarfjarðar

Skógræktarfélag Reykjavíkur

Skógræktarfélag Siglufjarðar

Skógræktarfélag Skilmannahrepps

Skógræktarfélag Strandasýslu

Skógræktarfélag Suðurnesja



# Árnum Skógræktarfélagi Íslands allra heilla á 90 ára afmælinu

## Reykjavík

Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1  
Argos ehf, arkitektastofa, Eyjaslóð 9  
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2  
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16  
Efnamóttakan hf, Gufunesi  
Ennemm ehf, Skeifunni 10  
Garðyrkjuþjónustan ehf, Skipholti 29b  
Gjögur hf, Kringlunni 7  
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14  
Höfði, fasteignasala, Suðurlandsbraut 52  
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24  
Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17  
ÓV - Jarðvegur ehf, Jörfagrund 50  
Rafsvið sf, Viðarhöfða 6  
Raftíðni ehf, Grandagarði 16  
Rarik ohf, Dvergshöfða 2  
Reykjavíkurborg - Borgarbókhald, Borgartúni 12-14  
Reykjavíkurborg - Fjármálaskrifstofa Rvík  
Borgartúni 12-14  
Samiðn, samband iðnfélaga, Borgartúni 30  
Skorri ehf, Bíldshöfða 12  
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14  
SM kvótaþing ehf, Skipholti 50d  
Stjörnuegg hf, Vallá  
Suzukibílar hf, Skeifunni 17  
T. Ark - Teiknistofan Arkitektar ehf,  
Brautarholti 6, 3. hæð  
Tannsmiðjan Króna sf, Suðurlandsbraut 46  
Túnverk ehf, Jónsgeisla 45  
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27  
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4  
Við og Við sf, Gylfaflöt 3  
Þ. Þorgrímsson og Co ehf, Ármúla 29

## Seltjarnarnes

Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

## Kópavogur

Alark arkitektar, Dalvegi 18  
Byggðaðjónustan ehf, Pósthólf 97  
Jónsi sf, Digraunesvegi 14  
MHG verslun ehf, Akralind 4  
Rafmiðlun hf, Ögurvharfi 8  
Verkfræðistofan VIK ehf, Holtagerði 69

## Garðabær

Fagval ehf, Smiðsbúð 4  
Geislatækni ehf - Laserþjónustan, Suðurhrauni 12c  
Samhentir - Kassagerð ehf, Suðurhrauni 4  
Öryggisgirðingar ehf, Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15  
Hlaðbær-Colas hf, Gullhelli 1  
HP Gámar, Bæjarhrauni 12  
Hvalur hf, Pósthólf 233  
Trefjar ehf, Óseyrarbraut 29  
Trésmiðjan okkar ehf, Lyngbergi 19a  
VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20

## Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a

## Mosfellsbær

Garðmenn ehf, Álafossvegi 20  
Nonni litli ehf, Þverholti 8  
Kjósarhreppur, Ásgarði

## Akranes

Gísli Stefán Jónsson ehf, Grenigrund 20  
Hvalfjarðarsveit, Innrimel 3

## Borgarnes

Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1

## Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 24

## Grundarfjörður

Grundarfjarðarbær, Borgarbraut 16

## Hellissandur

KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1

## Búðardalur

Dalabyggð, Miðbraut 11

## Ísafjörður

Menntaskólinn á Ísafirði, Torfnesi  
Orkubú Vestfjarða ohf, Stakkanesi 1

# Fjölbreytt úrval gæða heimilisvara

áreiðanleg & þekkt vörumerki, fyrir heimilin í landinu



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ HJÁ UMBOÐSMÖNNUM  
ORMSSON UM LAND ALLT...



...ÉÐA Í VEFVERSLUN **ORMSSON.IS**  
ÞAR ER ALLTAF OPIÐ!



ormsson

Opnunartímar  
Virka daga kl. 10-18  
Laugardaga kl. 11-15

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á  
**ORMSSON.IS**



\*SENDIM UM LAND ALLT

ORMSSON  
BRISTOL-ÍSAFRIÐ  
SÍMI 450 4751

KS  
SÁLUBÍNDIÐ  
SÍMI 455 4500

SR BYGGI  
SKULUNIR  
SÍMI 457 1559

ORMSSON  
AKUREYRI SÍMI  
841 5000

TENNINGI  
HJÓÐA  
SÍMI 464 1515

ORMSSON  
ÞAN NÉSKAUFSTAD  
SÍMI 877 1900

ORMSSON  
ARÞINGNI-SELÞÓSSA  
SÍMI 880 1160

GLASI  
VESTMANNAVEYJUM  
SÍMI 491 3300

TEKNIÞORGI  
BORGARHESÍ  
SÍMI 472 2211

OMNIS  
AKRANFJÓRÐ  
SÍMI 423 0900

# Árnum Skógræktarfélagi Íslands allra heilla á 90 ára afmælinu

## **Patreksfjörður**

Vesturbyggð, Aðalstræti 63

## **Bolungarvík**

Bolungarvíkurkaupstaður, Aðalstræti 12

## **Hólmavík**

Strandabyggð, Höfðagötu 3

## **Hvammstangi**

Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5

## **Blönduós**

Blönduósbær, Hnjúkabyggð 33  
Húnavatnshreppur, Húnavöllum

## **Skagaströnd**

Sveitarfélagið Skagaströnd, Túnbraut 1-3

## **Sauðárkrókur**

Háskólinn á Hólum, Hólum í Hjaltadal  
K-Tak ehf, Borgartúni 1  
Skagafjarðarveitur, Borgarteigi 15

## **Varmahlíð**

Akrahreppur Skagafirði, Silfrastöðum

## **Akureyri**

ÁK smíði ehf, Njarðarnesi 4  
Búgarður - Búnaðarsamband Eyjafjarðar, Óseyri 2  
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf, Smáratúni 16b  
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b  
Stórholt ehf, Baldursnesi 1

## **Dalvík**

Sæplast - Iceland ehf, Gunnarsbraut 12

## **Grenivík**

Grýtubakkahreppur, Túngötu 3

## **Laugar**

Framhaldsskólinn á Laugum, Laugum  
Þingeyjarsveit, Kjarna

## **Kópasker**

Vökvaþjónusta Kópaskers, Bakkagötu 6

## **Seyðisfjörður**

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

## **Egilsstaðir**

Héraðsprent ehf, Miðvangi 1

## **Neskaupstaður**

Síldarvinnslan hf, Hafnarbraut 6  
Súlkus ehf, Hafnarbraut 1

## **Reyðarfjörður**

AFL Starfsgreinafélag, Búðareyri 1

## **Höfn í Hornafirði**

Sveitarfélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27

## **Selfoss**

Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1  
Fossvélar ehf, Hellismýri 7  
Garðyrkustöðin Friðheimar ehf, Friðheimum  
Grímsness- og Grafningshreppur, Borg  
Ræktunarsamband Flóa/Skeiða ehf, Gagnheiði 35  
Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Árnesi  
Vélaverkstæði Þóris ehf, Austurvegi 69

## **Hveragerði**

Flóra - Garðyrkjustöð, Heiðmörk 38  
Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10  
Ficus ehf, Bröttuhlíð 2

## **Flúðir**

Garðyrkjustöðin Hvammur 2, Hvammi 2  
Gröfutækni ehf, Iðjúlóð 1

## **Hvolsvöllur**

Byggðasafnið Skógum, Rangárþingi eystra  
Ingimundur Vilhjálmsson, Ytri-Skógum  
Rangárþing eystra, Hlíðarvegi 16

## **Vík**

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

## **Þorlákshöfn**

Sveitarfélagið Ölfus - Garðyrkjustjóri,  
Hafnarbergi 1

## **Vestmannaeyjar**

Ísfélag Vestmannaeyja hf, Tangagötu 1





## Hjálpum náttúrunni að hjálpa sér sjálfri

Stóraukin útbreiðsla innlendra trjategunda er mjög öflug leið til að draga úr og aðlagast áhrifum loftlagsbreytinga.

Það er nóg að sá birkifræi eða gróðursetja í 5-10% af flatarmáli þess landssvæðis sem á að endurheimta og búa þannig til fræuppsprettur innan þess. Náttúran mun svo sjálf taka við og sjá til þess að með tímanum mun birki vaxa um allt svæðið.



## ÍSLENSKAR VIÐARAFURÐIR

Skógræktarfélag Reykjavíkur á Elliðavatni hefur á boðstólum fjölbreyttar viðarafurðir úr íslenskum skógum. Til sölu er bolviður, flaggstangir, kurl, eldiviður, borðviður, kyndlar, tré og greinar.

Nánari upplýsingar í síma 564-1770 og á heimasíðu félagsins [www.heidmork.is](http://www.heidmork.is)



Skógræktarfélag Reykjavíkur



# NÁTTHAGI



Harðgerð tré og runnar fyrir garða og skógrækt

## Úrval dekurplantna:

- | Alparósir
- | Klifurplöntur
- | Rósir
- | Sigrænir runnar
- | Ávaxtatré
- | Berjarunnar



Finnið okkur á  
Facebook



## NÁTTHAGI

GSM 698 4840

Heimasíða: [www.natthagi.is](http://www.natthagi.is)

Netfang: [natthagi@centrum.is](mailto:natthagi@centrum.is)

Ólafur Níálsson gardyrkjusérfræðingur





**TOYOTA**

ALWAYS A  
**BETTER** WAY



## **Sporlaus á nýjum Hybrid**

Njóttu þess að aka sporlaust á nýjum Hybrid frá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi. Frá og með 1. janúar 2019 höfum við jafnað kolefnisspor af akstri allra nýrra Hybrid bíla í samstarfi við Kolvið. Njóttu þess að aka Hybrid án þess að skilja eftir svo mikið sem eitt kolefnisspor á leiðinni. **Sjá nánar á [toyota.is](http://toyota.is)**

**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
570 5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
460 4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
420 6600

**Toyota Selfossi**  
Fosnesi 14  
480 8000





# Opel Grandland X Frábær ferðafélagi!

Verð frá 3.990.000 kr.



## Bílabúð Benna hækkar **ekki** verð!

Þrátt fyrir óhagstæða gengisþróun undanfarið er Bílabúð Benna staðráðið í að standa verðlagsvaktina og hefur því ekki hækkað verð á nýjum bílum. Þetta er okkar framlag til verðstöðugleika og þannig hyggst fyrirtækið létta undir með því fólki sem er í bílahugleiðingum.

Verðið gildir út júní á Grandland X, takmarkað magn.



THE FUTURE IS EVERYONE'S

opel.is

Reykjavík  
Krókhálsi 9  
Sími: 590 2020

Opið  
Virka daga 9–18  
Laugardaga 12–16

Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Opið  
Virka daga 12–17

Bílabúð  
**Benna**